



List- og menningarfræðsla á Íslandi

Anne Bamford

List- og menningarfræðsla á Íslandi

Anne Bamford

Mennta- og menningarmálaráðuneyti : Apríl 2011

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsögötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Kápuhönnun og umbrot: Prentsmiðjan Oddi
Prentun: Prentsmiðjan Oddi
© 2011 Mennta- og menningarmálaráðuneyti
ISBN 978-9979-777-96-0

Þakkir

Rannsóknin hefði ekki verið möguleg án stuðnings og góðmennsku allra þeirra sem tóku þátt í henni. Sérstakar þakkir til Jóns Hrólfs Sigurjónssonar fyrir ómetanlega aðstoð við að skilja samhengi hlutanna og upplýsa um staðbundnar aðstæður, og við þýðingu á skjölum og túlkun. Jón er samviskusamur rannsakandi, hæfur ökumaður, leiðsögumaður og skipuleggjandi sem og góður ferðafélagi og vinur. Rannsóknin hefur notið mjög góðar innsýnar hans og leiðsagnar. Þakkir til Sigrúnar Grendal og Árna Sigurbjarnarsonar, í Félagi tónlistarkennara, fyrir viðamikla gagnasöfnun þeirra með ítarlegri spurningakönnun sem tengist þessari rannsókn og fyrir þýðingarmiklar athugasemdir og stuðning. Á meðan á allri rannsókninni stóð mætti mér hvarvetna gestrisni fólks á Íslandi. Rannsóknin hefði ekki verið möguleg ef fólk hefði ekki tekið þátt í hreinskilnum umræðum, gefið af tíma sínum og sýnt stuðning í verki.

Eftirfarandi stofnanir veittu aðstoð við framkvæmd rannsóknarinnar:

Myndlistarskólinn á Akureyri	Tónminjasafnið á Stokkseyri
Menntaskólinn á Akureyri	Ingunnarskóli, Reykjavík
Tónlistarskólinn á Akureyri	Grunnskólinn á Ísafirði
Tónlistarskóli Árnessýslu	Tónlistarskóli Ísafjarðar
Gallerí Fold í Reykjavík	Félagsmiðstöðin á Ísafirði
Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, Ísafirði	Kramhúsið, dans og listasmíðja, Reykjavík
Austurbæjarskóli, Reykjavík	Lækjarskóli, Hafnarfirði
Bakkaskóli, Hnifsdal	Leiksskólinn Laufásborg, Reykjavík
Borgarhólsskóli, Húsavík	Framhaldsskólinn á Laugum í Reykjadal
Borgarholtsskóli, Reykjavík	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Fjölbrotarskólinn í Breiðholti, Reykjavík	Listaskóli Mosfellsbæjar
Brúarásskóli, Fljótsdalshéraði	Safnahúsið á Húsavík
Tónlistarskólinn Do Re Mi, Reykjavík	Námskrá tónlistarskóla
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Oddeyrarskóli, Akureyri
Tónlistarskólinn á Egilsstöðum	Myndlistarskólinn í Reykjavík
Leikskólinn Fellaborg, Reykjavík	Tækniskólinn í Reykjavík
Tónlistarskóli F.Í.H.	Tónlistarskóli Sigursveins D. Kristinssonar, Reykjavík
Menningarmiðstöðin Gerðubergi, Reykjavík	Leikskólinn Steinhlið, Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlið, Reykjavík	Súðavíkurskóli
Hitt húsið, Reykjavík	Fjölbrotarskólinn á Suðurlandi, Selfossi
Leikskólinn Hulduheimar, Selfossi	Grunnskóli Þorlákshafnar
Tónlistarskólinn á Húsavík	Leikskólinn Tjarnarland, Egilsstöðum
Listaháskóli Íslands, Reykjavík	Háskóli Íslands, Reykjavík
Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík	
Listdansskóli Íslands, Reykjavík	

Eftirtaldir einstaklingar tóku þátt í rannsókninni og er þeim sérstaklega þakkað fyrir:

Aðalbjörg Pálsdóttir
Aðalheiður Steingrímsdóttir
Alma Dís Kristinsdóttir
Andrés Sigurvinsson
Anna Bryndís Skúladóttir
Anna Kristín Sigurðardóttir
Anna Leif Elidóttir
Anna Lind Ragnarsdóttir
Ari Halldórsson
Arna Kristín Einarsdóttir
Arna Valsdóttir
Arna Ýr Sævarsdóttir
Arnfríður Valdimarsdóttir
Árni Blandon
Árni Sigurbjarnason
Arnór Benónýsson
Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
Ása Hauksdóttir
Ása Helga Ragnarsdóttir
Ásdís Árgeirsdóttir
Ásdís Jóelsdóttir
Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir
Ásta Magnúsdóttir
Atli Guðlaugsson
Barbara Gunnlaugsson
Bjarki Sveinbjörnsson
Björk Einisdóttir
Björk Sigurðardóttir
Björn Brynjúlfur Björnsson
Björn Th. Árnason
Bryndís Arnardóttir
Bryndís Friðgeirsdóttir
Brynhildur Kristinsdóttir
Brynjar Ólafsson
Dagbjört Hjaltadóttir
Dóra Ísleifsdóttir
Eiríkur Þorláksson
Elfa Hlín Pétursdóttir
Elfa Lilja Gísladóttir
Elfar Guðni Þórðarson
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Elínbjört Jónsdóttir
Elisabet Helga Harðardóttir
Elsa Arnardóttir
Elvar Logi Hannesson
Erla Sigurðardóttir
Erna Árnadóttir
Fjóla Egedía Sverrisdóttir
Fjóla Guðmundsdóttir
Freydís Anna Arngrímsdóttir
Gígja Hólmgeirsdóttir

Gisli Halldórsson
Gréta Guðjónsdóttir
Guðfinna Hreiðarsdóttir
Guðlaug Erla Gunnarsdóttir
Guðmundur Karl Friðjónsson
Guðmundur Sighvatsson
Guðni Franzson
Guðni Olgeirsson
Guðný Helgadóttir
Guðný Jónsdóttir
Guðrún Helgadóttir
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir
Guðrún Snorradóttir
Guðrún Þorkelsdóttir
Gunnar Gíslason
Gunnar J. Árnason
Gunnhildur Ólafsdóttir
Hafðis Árnadóttir
Halldór Sigurðsson
Halldór Valdimarsson
Haraldur Haraldsson
Haukur Sigurbjörn Magnússon
Heiða Guðmundsdóttir
Helga Einarsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Helga Hauksdóttir
Helga Jóhannesdóttir
Helga Krístrún Hjálmarsdóttir
Helga Lind Mar
Helga Rut Guðmundsdóttir
Helgi Vilberg skólástjóri
Herdís Egilsdóttir
Hermann Siegle Hreinsson
Hildur Hafstein
Hildur Jóhannsdóttir
Hilmar Janusson
Hjálmar H. Ragnarsson
Hlín Agnarsdóttir
Hólmfríður Ólafsdóttir
Hrafnhildur Hafberg
Huld Aðalbjarnardóttir
Hulda Bragadóttir
Hulda Sif Hermannsdóttir
Ingiberg Magnússon
Ingibjörg Einarsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingibjörg Kristleifsdóttir
Ingimar Waage
Ingólfur Arnarson
Jensína Edda Hermannsdóttir
Jóhanna Gústavsdóttir

Jóhannes Þórðarson
Jón Hlöðver Áskelsson
Jón Páll Halldórsson
Jón Reykdal
Jón Hrólfur Sigurjónsson
Jón Sigurpálsson
Jón Torfi Jónasson
Karitas H. Gunnarsóttir
Kjartan Arnfinnsson
Kjartan Ólafsson
Kristín Á. Ólafsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Kristín Hildur Ólafsdóttir
Kristín Reynisdóttir
Kristín S. Garðarsdóttir
Kristín Sigurmarsdóttir
Kristín Valsdóttir
Kristján Steingrímsson
Kristrún Hafliðadóttir
Kristrún Ísaksdóttir
Lára Magnea Jónsdóttir
Lára Stefánsdóttir
Lára Vilbergsdóttir
Laufey Ólafsdóttir
Lauren Hauser
Leifur Gunnarsson
Margrét Ásgeirsdóttir
Margrét Gunnarsdóttir
María Kristjánsdóttir
Marsibil G. Kristjánsdóttir
Matthildur Hermannsdóttir
Nanna Hlíf Ingvadóttir
Oddný Sturludóttir
Oddur Júlíusson
Óðinn Gunnar Óðinsson
Ólafur B. Kvaran
Ólafur Sigurðsson
Ólöf Björg Bragadóttir
Ólöf Björk Bragadóttir
Ólöf Stefánsdóttir
Ólöf Ýr Atladóttir
Ómar Örn Magnússon
Ómar Smári Kristinsson
Örlygur Karlsson
Páll Sólmundur Halldórsson
Eydal Pétur Halldórsson
Pétur Kristjánsson
Ragnheiður Skúladóttir
Ragnheiður Þórsdóttir
Rakel Pétursdóttir
Rannveig Ásgeirsdóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Rannveig Þorkelsdóttir
Ríkharður Valtingoer

Róbert Darling
Rúna Esradóttir
Rúnar Pierre Herivcanx
Sif Gunnarsdóttir
Sigríður Huld Jónsdóttir
Sigríður Lára Ásbergsdóttir
Sigríður Margrét Guðmundsdóttir
Sigríður Ragnarsdóttir
Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir
Sigrún Blöndal
Sigrún Grendal
Siguður Flosason
Sigurður Bjarnason
Sigurður Flosason
Sigurður Hallmarsson
Sigurður Sigursveinsson
Sigurjón B. Hafsteinnsson
Sigurjón Mýrdal
Sigursveinn Magnússon
Skúlína Hlíf Kjartansdóttir
Snorri Örn Snorrason
Soffía Þorsteinsdóttir
Sólborg Hlöðversdóttir
Sólrún Friðriksdóttir
Stefán Baldursson
Stefán S. Stefánsson
Stefán Þorleifsson
Stefán Þorleifsson
Stefanía Malen
Steingrímur Birgisson
Steinunn Birna Ragnarsdóttir
Steinunn Jónsdóttir
Steinunn Sigurðardóttir
Suncana Slamning
Svala Jónsdóttir
Svanborg R. Jónsdóttir
Svandís Ingimundardóttir
Sveinfríður Olga
Unnur Sveinsdóttir
Valgerðar Jónsdóttir
Valur Gunnarsson
Vigdís Jakobsdóttir
Vilberg Viggósson
Þóra Sigurðardóttir
Þórarinn Blöndal
Þórarinn Stefánsson
Þorbjörn Rúnarsson
Þórdís Sævarsdóttir
Þórður Á. Hjaltsted
Þórey Jónsdóttir
Þorgeir Jónsson
Þorgerður Hlöðversdóttir
Þorlákur Lúðviksson
Þórunn Eymundardóttir
Þorvaldur Þorsteinnsson

Efnisyfirlit

Þakkir	3
Samantekt	8
Tillögur	11
1. kafli – Inngangur og yfirlit	13
1.1 Inngangur	15
1.2 Viðfangssvið	15
1.3 Listfræðsla	17
1.4 Umgjörð	21
1.5 Samvinna um stefnumörkun og námsefni	25
1.6 Fjármögnun	30
1.7 Stjórnun	35
1.8 Listfræðsla í skólum	35
1.9 Leikskólar	38
1.10 Grunnskólar	43
1.11 Framhaldsskólar	44
1.12 Tónlistarskólar	46
1.13 Listaskólar og dansskólar	59
1.14 Markmið: Af hverju listir?	63
2. Kafli – Alþjóðlegt viðmið	67
2.1 Inngangur	69
2.2 Alþjóðleg viðmið: Grunnþættir góðrar listfræðslu skilgreindir ..	69
2.3 Um gæði	70
3. Kafli – Gæði í skólastarfi	73
3.1 Inngangur - Almenn um gæði	75
3.2 Virk samvinna	75
3.3 Tækifæri til að sýna, kynna eða koma fram opinberlega	86
3.4 Þróun mismunandi listasviða og skapandi námsleiðir	92
3.5 Svigrúm fyrir skapandi hugsun, lausn vandamála og hvatning til að þora	97
3.6 Sveigjanlegt skipulag, sveigjanleg skil	99
3.7 Aðgengi fyrir alla	100
3.8 Nákvæm úttekt og mat	106
3.9 Framhaldsmenntun	108

4. Kafli – Önnur atriði.....	115
4.1 Menntun í listum og í gegnum listir	117
4.2 Greining á skólanum og mikilvægi skólastjórnunar	123
4.3 Hlutverk foreldra	125
4.4 Ungmennahús og viðhorf barna og unglunga	128
4.5 Skapandi starfsgreinar	130
5. Kafli – Og svo? Horft til framtíðar.....	139
5.1 Inngangur	141
5.2 Kennaramenntun	141
5.3 Gæðaeftirlit	150
5.4 Önnur atriði	154
5.4.1 Kynjaskipting	154
5.4.2 Að hlúa að hæfileikum	154
5.4.3 Hinar dreifðu byggðir	155
5.5 Markaðsrannsóknir	160
5.6 Aðrar áskoranir	161
6. Kafli – Tillögur.....	165
6.1 Inngangur	167
6.2 Tillögur	167
6.3 Atriði sem þarfnast frekari rannsókna	168
6.4 Lokaorð/horft til framtíðar	168
7. Heimildir	169

Samantekt

2008-2009 var ráðist í umfangsmikla úttekt á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi. Í úttektinni voru lagðar til grundvallar eftirfarandi spurningar:

- Hvað er gert í listfræðslu og hvernig er það gert?
- Hver eru gæði listfræðslu á Íslandi?
- Hvaða möguleikar liggja í listfræðslunni nú og í framtíðinni og hverjar eru áskoranirnar?

Úttektin tók hálf tveggja ára tímabil og beitt var bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum. Horft var til framboðs á list- og menningarfræðslu bæði í formlega jafnt sem óformlega skólakerfinu. Á Íslandi felur þetta í sér bæði list- og menningarfræðslu innan skóla sem utan, svo sem tónlistar- og listnáms, og fræðslu og náms á vegum safna og leikhópa. Rannsóknin tók einnig til leikskólaaldurs og til þess sem í boði er fyrir börn með sérþarfir. Framkvæmd skólastarfs og aðgengi að námi var kannað auk þess sem horft var til kennaramenntunar og þeirra möguleika sem kennarar og listamenn hafa til endur- og símenntunar. Að auki var litið til hlutverks og framlags skapandi list- og menningargreina í ljósi nýlegra hræringa í efnahagslegu og pólitísku umhverfi á Íslandi.

Listfræðsla á Íslandi er góð á alþjóðlegum mælikvarða og nýtur víðtæks stuðnings almennings, foreldra og samfélags. Almenn er stuðningur nægur til að hægt sé að veita góða listfræðslu. Íslenskt menntakerfi þroskar færni og þekkingu í einstökum listgreinum, sérstaklega í sjónlistum, tónlist, handavinnu og textíl en e.t.v. í minna mæli í dansi, leiklist, ljósmyndun og kvikmyndagerð. Skipulag listfræðslu á Íslandi hefur gæði að leiðarljósi sem kemur skýrt fram í því hve auðvelt flestir nemendur eiga með að vinna með hin ýmsu listform. Til viðbótar einkennist íslenskt listalíf af umtalsverðri þátttöku almennings og einstaklingsbundnu og almennu frjálsræði.

Greina þarf á milli þess sem kalla má *menntun í listum* (þ.e. kennslu hefðbundinna listgreina – tónlistar, leiklistar, handverks, svo dæmi séu tekin) og *menntunar í gegnum listir* (notkun lista eða listrænna aðferða í kennslu annarra greina, svo sem stærðfræði, læsi og í tæknigreinum). Listgreinakennsla þarf að vera öflug í skólum en listrænar og skapandi aðferðir þarf líka að samþætta námi og kennslu í öðrum greinum. Efla þarf og þróa skapandi starf í skólum með aukinni áherslu á skapandi kennsluáðferðir, einnig í kennslu listgreina. Skilgreina þarf betur þann mun sem er á listfræðslu, skapandi kennsluháttum og menningarfræðslu. Misræmis gætur á milli þess hve listir eru almenn vitt skilgreindar í samfélaginu og þrengri skilgreiningar sem notuð er innan skólakerfisins. Auka þarf áherslu á að samþætta skapandi kennsluhætti þvert á námsgreinar og svið.

Þótt íslenskir nemendur séu leiknir og sjálfsöruggir í listiðkun sinni eru þeir síður leiknir og sjálfsöruggir í framsetningu, kynningu, umfjöllun um eða gagn-

rýni á listiðkun sína. Ferli og afurð þarf að tengja með skýrum hætti. Mikilvægt er að verkefnum og námsferlum ljúki með vandaðri kynningu. Viðburðir eins og sýningar, kynningar og flutningur ýmiss konar hvetur til aukinna gæða auk þess sem slíkir atburðir vekja athygli og áhuga á því starfi sem unnið er.

Aðgengi fyrir alla er mikils metið í íslenskum skólum og listfræðsla í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum er öllum opin. Leitast er við að þjóna þörfum hvers nemanda. Þó þarf að koma betur til móts við börn með sérþarfir hvað varðar námsframboð utan skóla (sérstaklega í tónlist). Framboð og aðgengi utan skóla virðist nægjanlegt en í raun eru mjög fá dæmi um tónlistar- eða lista-skóla sem leggja sérstaka áherslu á að höfða til og fullnægja þörfum nemenda með sérþarfir. Menningarstofnanir eiga í starfi sínu áfram að höfða til almennings, sérstaklega til fólks sem býr fjær þessum stofnunum. Skipa ætti nefnd um það sérstaka verkefni að auka fjölbreytni og fylgjast með aðgengi.

Til að góð listfræðsla dafni þarf hugmyndaárika, ástriðufulla og duglega kennara. Þó að fram hafi komið áhyggjur af minni gæðum listfræðslu í kennaranámi sáust fjölmörg dæmi um afburða listkennslu í íslenskum skólum. Kennarar eru almennt mjög hæfir þótt listgreinakennara vanti víða á landsbyggðinni, sérstaklega í tónmennt í grunnskólum. Nefnt var að of litlum tíma væri varið í listir og menningu í kennaramenntun og að margir nemendur lykju kennaranámi án þess að öðlast nægjanlega færni og þekkingu til að ná árangri sem listgreinakennarar. Til að mæta þessu sjónarmiði þarf að sinna betur endur- og framhaldsmenntun kennara. Það viðhorf heyrir að dregið hafi úr framboði listfræðslu í kennaramenntun. Fjölga þarf viðurkenndum námsleiðum fyrir starfandi listamenn (í öllum listgreinum) og kennara (á öllum skólastigum) svo þeir hafi betri möguleika á að bæta hæfni sína sem skapandi kennarar í listum og menningu. Verið er að endurskoða kennaramenntun á Íslandi. Niðurstöður þessarar úttektar jafnt sem aðrar rannsóknir ætti að nota til að bæta kennaramenntun í listum.

Einkennandi fyrir íslenska listfræðslu er hið umfangsmikla kerfi tónlistarskóla sem stutt er af sveitarfélögum og starfar til hliðar við hið almenna skólakerfi. Kennsla tónlistarskóla byggir almennt á klassískri tónlist og hefðbundnum kennslu- aðferðum hljóðfæra- og söngkennslu. Tónlistarskólar eru gjarnan í sér húsnæði og bjóða einkakennslu í hljóðfæraleik og söng. Hvetja ætti tónlistarskóla til nánara samstarfs við grunnskóla og rannsaka þarf áhrif mismunandi kennslu- aðferða og kennslufyrirkomulags (einkakennsla samanbúið við samkennslu í hljóðfæra- og söngkennslu) á gæði kennslunnar, ástundun og á námsánægju nemenda. Fjárhagslegt framlag foreldra til listnáms barna er umtalsvert. Varast þarf breytingar á kennsluháttum sem hafa neikvæð áhrif á aðgengi að námi og ástundun.

Talsvert námsframboð einkaaðila í sjónlistum, handverki og dansi er til staðar utan hefðbundinna skóla. Einnig má nefna áhugaleikhópa, kóra og hljómsveitastarf. Þessi liststarfsemi nýtur ekki stuðnings til jafns við tónlistarnám. Tónlistarskólar ættu að taka til skoðunar að breikka námsframboð sitt til annarra listgreina.

Áframhaldandi samvinna skólakerfis, menningargeirans og skapandi starfsgreina þarf að festa í sessi með stefnumótun og í framkvæmd. Virk samvinna skóla við utanaðkomandi aðila (listamenn, fyrirtæki, menningarstofnanir) er ekki algeng á Íslandi ef frá eru taldir þeir tónlistarskólar sem starfa innan veggja grunnskólans. Formlegu og reglubundnu samstarfi ætti að koma á milli þeirra sem ábyrgir eru fyrir menntun og menningu á landsvísu, í sveitarfélögum og á einstökum svæðum svo miðla megi reynslu og verkefnum og kynna það sem vel er gert. Virka samvinnu ætti að færa út til fleiri skóla, auka fjölbreytni hennar og lengja þann tíma sem hún stendur.

Í tengslum við hinar skapandi starfsgreinar þarf að rannsaka og safna upplýsingum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg áhrif menningar- og listastarfsemi atvinnumanna jafnt sem áhugamanna. Hér þarf að horfa til listahátíða og viðburða af ýmsu tagi sem og hinnar ört vaxandi menningartengdrar og umhverfismiðaðrar ferðamennsku.

Vönduð listfræðsla hefur djúpstæð áhrif á börn, á umhverfi náms og kennslu og á samfélagið. Þessi áhrif voru hins vegar aðeins greinileg þar sem vandað starf og skipulag var til staðar. Á heimsvísu er listfræðsla á Íslandi afar góð. Hún er vel metin af foreldrum og nemendum og hefur miðlæga stöðu í samfélaginu og í menntakerfinu. Ef tekið er mið af þeim stuðningi sem þessi rannsókn hefur fengið og þeim eindrægna áhuga og fyrirgreiðslna sem íslenskt mennta- og listasamfélag hefur sýnt virðist framtíðin björt.

Tillögur

Tillögur til úrbóta eru settar fram í fimm meginþáttum:

1. Stefnumótun og framkvæmd

- 1.1 Menntun í nýjum miðlun af ýmsu tagi ætti að þróa frekar.
- 1.2 Þróa þarf námsleiðir í listum sem taka með heildstæðum hætti til allrar menntunar barnsins.
- 1.3 Stuðla ætti með öflugum hætti að samþættu skapandi námi í gegnum listir.

2. Samvinna

- 2.1 Veita þarf fjármagn sérstaklega til að miðla því sem vel er gert í listfræðslu.
- 2.2 Koma ætti á formlegu og öflugu samstarfi skóla við skapandi atvinnugreinar.

3. Aðgengi

- 3.1 Stofna ætti nefnd sem hefði það verkefni að stuðla að fjölbreytileika í listfræðslu og fylgjast með aðgengi að listnámi.
- 3.2 Tónlistarskólar ættu að höfða til barna með sérþarfir með markvissari hætti.

4. Námsmat

- 4.1 Aðferðir við námsmat eru afar takmarkaðar í list- og menningarfræðslu og auka þarf rannsóknir og þróun á þessu sviði.
- 4.2 Þróa þarf og koma í notkun einföldum aðferðum til að meta gæði listfræðslunnar.
- 4.3 Safna þarf gögnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg áhrif skapandi atvinnugreina á Íslandi.

5. Menntun kennara

- 5.1 Kennaramenntun er nú í endurskoðun og er nauðsynlegt að nýta niðurstöðu þeirrar úttektar og annarra rannsókna til að bæta kennaramenntun í listum.
- 5.2 Fylgjast þarf náið með gæðum list- og menningarfræðslu í kennaranámi.
- 5.3 Fjölga þarf viðurkenndum námsleiðum fyrir starfandi listamenn (í öllum listgreinum) og kennara (á öllum skólastigum) svo þeir eigi betri möguleika á að bæta hæfni sína sem skapandi kennarar í listum og menningu.

1. kafli:

INNGANGUR OG YFIRLIT

1.1 Inngangur

2008-2009 var ráðist í áhrifamatsrannsókn til að afla alhliða gagna um umfang og gæði list- og menningarfræðslu á Íslandi. Höfuðáhersla rannsóknarinnar beindist að eftirfarandi spurningum:

1. Hvað er gert innan listfræðslu og hvernig er það gert?
2. Hver eru gæði listfræðslu á Íslandi?
3. Hvaða möguleikar liggja í listfræðslunni nú og í framtíðinni og hverjar eru helstu áskoranirnar?

Tekið var á spurningunum með umfangsmikilli rannsókn er tók hálf t. á. Eigindlegum og meginlegum aðferðum var fléttað saman. Í skipan skýrslunnar er byrjað á að skilgreina hugtök og starfshætti. Greining rannsóknarinnar beinist að skipan list- og menningarfræðslu og bent er á þætti sem hafa áhrif á innleiðingu bestu starfshátta við list- og menningarfræðslu.

Rannsóknin skoðaði bæði formlegt og óformlegt framboð list- og menningarfræðslu. Í íslensku samhengi felst í þessu list- og menningarfræðsla innan skóla auk viðfangsefna barna utan skólatíma á vegum tónlistarskóla, myndlistarskóla, leikhópa, safna og fleiri. Einnig var skoðað framboð fyrir leikskólaaldurinn og fyrir börn með sérþarfir. Útfærslumál voru einnig könnuð og sjónum beint að kennaramenntun og starfsþróun bæði kennara og listamanna. Enn fremur voru skoðaðar efnahagslegar breytur varðandi skapandi list- og menningargreinar með tilliti til nýlegra hræringa í pólitísku og efnahagslegu umhverfi á Íslandi.

Rannsóknin tengist alþjóðlegri úttekt á listfræðslu sem gerð var árið 2006 á vegum UNESCO¹ og samsvarar ítarlegum rannsóknum er síðar voru gerðar á landsvísi í Danmörku, flæmskumælandi hluta Belgíu og Hollandi. Til að byggja undir mat á þekkingaratriðum voru í þessum rannsóknum notaðar rannsóknaraðferðir sem bættu hver aðra upp og sömu nálgun var beitt við gagnasöfnun og þemagreiningu svo unnt yrði að gera samanburð á milli landa.

1.2 Viðfangssvið

Rannsókninni stýrði Anne Bamford, prófessor og yfirmaður Engine Room við University of the Arts í London. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti aðstoð við skipulagningu meðan á rannsókninni stóð innanlands. Jón Hrólfur Sigurjónsson stýrði starfinu innanlands og sá um þýðingu og túlkun skjala og stefnumiða.

Rannsóknin hófst í október 2008 og lauk gagnasöfnun í mars 2009. Alls tóku 214 manns þátt í viðtölum eða rýnihópum og 47 skólar, stofnanir og félag voru heimsótt. Þátttakendur komu úr öllum hagsmunageirum og voru á meðal þeirra

¹ A. Bamford (2006), *The Wow Factor: Global research compendium on the impact of arts in education*. Waxmann, München.

embættismenn, stjórnámálamenn, skólastjórar, kennarar, menningarfulltrúar, fulltrúar atvinnuvega, menningarstofnanir, nemar, listamenn, leiðbeinendur í kennaranámi, háskólakennarar, listflytjendur, fjölmiðlafólk, foreldrar og aðilar frá söfnum og galleríum. Netkönnun var send í alla íslenska skóla - einnig skóla sem starfa utan skólatíma - til að afla meginlegra gagna. 551 könnun var send út og var svörun að meðaltali 76,3%.

Ellefu sveitarfélög tóku þátt í vettvangsrannsókninni og þess gætt á kerfisbundinn hátt að gagnasöfnunin næði til mismunandi skóla og stofnana.

Við úttektina var beitt aðferðafræði af ýmsum toga, m.a.:

- Greiningu skjala og fjölmiðla
- Netkönnun til öflunar meginlegra gagna
- Viðtölum
- Rýnihópum
- Fylgst með starfi
- Tekið við framlagi í tölvupósti

Innan úttektarinnar var gert alhliða úrtak á formlegu skólaframboði fyrir ungt fólk á aldrinum 1-20+ auk óformlegs framboð á menningu er sneri beint að markhópnum.

Könnun var send öllum leikskólum (n=255), öllum grunnskólum (n=170), öllum framhaldsskólum (n=30), lista- og dansskólum (n=18) og tónlistarskólum (n=88). Svörun var sem hér segir: 53,7% leikskóla, 78,8% grunnskóla, 96,7% framhaldsskóla, 72,2% lista- og dansskóla og 85% tónlistarskóla luku könnuninni.

Skýrsla þessi, samantekt hennar og sú umræða sem hún kveikir manna á meðal og í fjölmiðlum byggist á ítarlegri greiningu niðurstaðna um list- og menningarfræðslu.

Með því að fá innlendan rannsakanda til starfa sem samvinnuaðila meðan á verkefninu stóð var tryggt að aðferðafræði og greining nyti góðs - jafnhliða óháðri og óvilhallri framkvæmd úttektarinnar - af skilningi heimamanna á samhengi og aðstæðum. Innlendi rannsakandinn annaðist þýðingar og sá til þess að þekking og túlkun út frá innlendu samhengi og aðstæðum yrði hluti verkefnisins. Einnig sá hann um að útvega heimildir „á vettvangi“ og valdi, skipulagði og bókaði fundi, sá um dagskrá, ferðaáætlun, gistingu og heimsóknir í samræmi við fyrir fram ákveðna rannsóknaráætlun.

Öllum þátttakendum veittist ítarlegur og opinn aðgangur að þeim upplýsingum sem aflað var og boðið að senda athugasemdir og andsvör við skýrslunni. Öll gögn eru vernduð samkvæmt alþjóðlegum gagnaverndarstöðlum. Þeim sem lögðu til efni var þakkað og í þá vitnað innan skýrslunnar þegar það stangaðist

ekki á við persónuverndarsjónarmið. Markmiðið var að draga fram mikilvæg og yfirfæranleg meginþemu en ekki að ræða einstök tilvik eða hjá tilteknum skólum, einstaklingum, hópum eða félögum. Beinar tilvitnanir eru notaðar eftir fongum til styðja þá greiningu sem sett er fram. Slíkar frásagnir veita áreiðanlega innsýn í öll stig útfærslu- og framkvæmdarferlisins og endurspeglar þversnið af skoðunum hagsmunaaðila. Þegar vitnisburðir stangast á er slíkt undirstrikað þannig að viðhorf allra komi fram.

Hver kafli hefst á samantekt helstu niðurstaðna um efni, þema eða viðfangsefni kaflans. Í skýrslunni er ávallt reynt að tilgreina skýrt og greinilega við hvaða skóla, skólastig eða stofnanir er átt hverju sinni. Sé ekki tilgreint um hverskonar félag, stofnun, fyrirtæki eða skóla er fjallað má gera ráð fyrir að um almenn atriði sé að ræða sem eigi við allar aðstæður eða almennt um menntun og/eða menningar á Íslandi.

1.3 Listfræðsla

- Misræmi er á milli þess hve listir eru almennt vítt skilgreindar á Íslandi og hinna tiltölulega þröngu skilgreininga innan menntakerfisins á listgreinum.
- Rannsóknir gætu í framtíðinni beinst sérstaklega að snertifleti formlegs framboðs og „víðtækara“ framboðs úti í samfélaginu.
- Óljós greinarmunur er gerður á listfræðslu, skapandi námi og menningarfræðslu.
- Meiri áherslu þarf að leggja á að samþætta skapandi nám þvert á námsvið.

Gott jafnvægi virðist vera á milli hefðbundinna og nútímalegri starfshátta innan listfræðslu á Íslandi. Í myndmennt geta nemendur t.d. verið að læra að þrjóna og hefðbundna hönnun jafnframt því að vinna við kvikmyndagerð eða nota stafræna tækni. Þótt líklegra sé að í tónlistarnámi sé áherslan á hefðbundin form bjóða sumir tónlistarskólar og tónmenntakennarar upp á popp- og heimstónlist auk hefðbundnari viðfangsefna. Kvikmyndagerð virðist sérlega vinsæl, einkum meðal unglunga og ungs fólks.

Á Norðurlöndunum, Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi er sérstök hefð í list- og verkgreinakennslu.² Til þessara greina telst myndmennt (áður kölluð teikning) og tvær handverksgreinar, textíll og tré- og málmsmíði. Á Norðurlöndunum er litið á menningu sem hornstein samfélagsins.

Í svörum við spurningunni „Hvað er álitnið teljast til list- og menningarfræðslu á Íslandi?“ voru eftirfarandi þættir yfirleitt nefndir: tónmennt, leiklist, dans, kvikmyndir, hönnun, myndlist, bókmenntir/ljóðlist, ljósmyndun, tölvuforritun,

2 Gefið út árið 2001 í *Visioner om sløjd och sløjdpedagogik*, Techne Serien B:10/2001, bls. 541/2005. Vasa: NordFo Nordisk Forum för Forskning och utvecklingsarbete inom utbildning i sløjd. Dr. Gudrun Helgadóttir, *Art, sløyd and the good life*. Byggt á erindi á árlegum fundi National Art Education Association, Chigago, Il., í apríl 1993.

textillist, keramik, skartgripasmíði og iðnhönnun. Skapandi starf var ekki nefnt sérstaklega. Handverk, myndlist og tónlist var yfirleitt talin standa vel en dans og leiklist naut ekki sama forgangs:

Við þurfum að fá meiri dans inn í skólana. Við eru með dans einu sinni á ári sem lið í hátíðum sem við höldum og nemendurnir hafa mjög gaman af því. Við ættum að gera miklu meira. Við setjum upp stórt leikrit annað hvort ár sem allir taka þátt í.

Okkur vantar miklu meiri leiklist og dans. Við þurfum að skilgreina listirnar með breiðari hætti.

Rýnihópur atvinnufólks í listum og menningu benti á að opinberar skilgreiningar lista í námskrám væru þröngar og einfaldar. Í raun væru listir á Íslandi fjölbreytilegri og víðari en ætla mætti af opinberum plöggum. Nefnt var að þessi dýnamíska skilgreining væri „mikilvægur eiginleiki lista“ og að ómögulegt væri að gefa „fastmótaðar skilgreiningar sem ekki væri fyrr búið að skrifa niður en þær væru orðnar úreltar“. Þessi ummæli draga fram hve nútímalistiðkun er breytileg og að stefnumótun þurfi að taka mið af sibreytileika listræns starfs.

Í flestum löndum er almenn samsvörun á milli þess sem samfélagið álitur vera list og þess sem innifalið er í námskrám. Kosturinn við slíkt er að þá geta þróast fjölbreytt listform sem taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Til dæmis er hárflettun mikilvæg listgrein í Senegal og er þar að finna í námskrám. Þó mætti færa fyrir því rök að áherslur námskrárinna skerpist við að afmarka skilmerkilega hvaða listform skuli tekin með. Í Kólumbíu hefur t.d. öflug áhersla á tónlist aukið gæði tónlistarkennslunnar.


Í grunnskóla mynda fjórar greinar grunn listfræðslunnar:

- Myndmennt
- Textill
- Smíði, þ.m.t. málmsmíði
- Tónmennt

Fyrir kemur að kennd er leiklist og dans, þó yfirleitt ekki jafn reglulega, ýmist sem hluti einhvers konar hátíða eða viðburða eða sem þáttur í öðru námi, svo sem tungumálanámi eða leikfimi. Til eru sérskólar fyrir dans og í stöku tilfelli fyrir leiklist en þeir eru sér á parti og ekki dæmigerðir um stöðuna almennt. Menntaskólar kunna einnig að bjóða upp á lista- eða menningarsögu, hönnun, fjölmiðlun og annað val á sviði lista. Framhaldsskólar virðast hafa meira svigrúm til að þróa valfög á sviði lista þótt þar sé minna listframboð í kjarna. Listastarf utan námskrár er mikið á öllum skólastigum. Hér getur verið um að ræða hæfileikakeppni, spurningakeppni, diskótek, dansleiki, hátíðir, listflutning innan skólans, kvikmyndagerð auk verkefna sem ungmenni hafa sjálf þróað og ná yfir öll svið lista. Menntaskólanemar virðast sérlega áhugasamir um að þróa og koma á framfæri námi og verkefnum af þessum toga.

Mynd 1.3.1 sýnir þær námsgreinar sem grunnskólastjórar álíta að teljist almennt til listfræðslu í skólum. Ljóst er að myndmennt, textíll og smíði er nær alltaf til staðar.

Mynd 1.3.1
Listgreinar sem skólastjórar telja að heyrri almennt til listfræðslu í skólum.



Margs konar hópar eru líka starfandi sem sérstaklega höfða til ungs fólks: ungmennaklúbbar, lúðrasveitir, „bílskúrshljómsveitir“, Rauði krossinn, kirkjur, sumarbúðir, sumarhátíðir og margir aðrir valkostir auka verulega val og aðgengi ungs fólks að menningu. Fram kom að þótt oft snerist þessari starfsemi um íþróttir, umhverfis- eða félagsleg mál, þá væri þar líka oft lista- og menningaráherslur. Viða í þéttbýli eru líka hópar sem ungmenni stýrðu sjálf og þar gefst ungu fólki frekari tækifæri til sköpunar. Frumkvæðisverkefni „grasrótarinnar“ virðast sérlega vinsæl og oft sjálfbærari en framtak sem meira er skipulagt fyrir þau. Mælt er með að umfang þessarar starfsemi og dreifing verði kortlögð nánar. Margt mætti læra af slíkum frumkvæðisverkefnum um hvað gengur og hvað ekki. Slíkan lærdóm mætti nýta við kostnaðarmat og framtíðarskipulag menningarstarfs.

Í framtíðinni mætti rannsaka sérstaklega snertifleti formlegs framboðs og annars víðtækara framboðs af ýmsu tagi. Einkum og sér í lagi ættu slíkar rannsóknir að beinast að því hvernig þessir aðilar gætu unnið betur saman til að sam-

þætta betur upplifun barna af listum. Einnig gæti listageirinn stutt samfélag og foreldra við listir í skólum. Með sama hætt gæti skólinn ýtt undir aukið umfang og framþróun þessa geira menningarlífsins.

Í grunnskólum er lítið um listform sem tengjast skapandi starfsgreinum (svo sem tísku, kvikmyndun eða hreyfimyndagerð) eða listform sem erlendis kallast „urban arts“ (rapp, beat box, hipphopp). Þessi listform eru algengari í framhaldsskólastigi eða í starfi sem unglingarnir sjálfir standa fyrir óháð skólunum.

Menning er almennt notað sem yfirhugtak til að lýsa sjálfsmynd fólks og tekur þá til atriða eins og tungu, lista, ýmiss konar samskipta, fólksins sjálfs og matarhefða. Á Íslandi nær hugtakið listfræðsla yfir kennslu í tónmennt, myndmennt, textíl og smíði. Séríslenskir menningarþættir eru gjarnan hluti náms um þjóðararfinn eins og eftirfarandi ummæli gefa til kynna:

Það er frábært að vel er farið í textíl. Hann tilheyrir okkar þjóðararfleifð. Við eigum okkur djúpar rætur í handverkshefðinni. Hve mikið eiga skólar að endurspegla arfleifð staðarins, héraðsins? Það höfum við ekki enn rætt. Mér finnst það skipta miklu máli. Hér í grenndinni eru torfbyggingar. Þær eru einstæðar en skólarnir vita ekki af þeim. Til er áþreifanlegur og óáþreifanlegur menningararfur.

Þótt leikskólanámskráin beri vott um að reynt sé að taka upp meira skapandi nálgun í öllum námsgreinum merkir þessi úttekt ekki að verið sé að þróa tiltekna sköpunarfærni né fjölbreytta hugsun þvert á námsgreinar. Í rýnihópum atvinnulistamanna og flytjenda var skortur á samþættu og skapandi námi gagnrýndur; sama gagnrýni kom fram hjá rýnihópi fulltrúa atvinnulífsins. Þetta er þýðingarmikið því alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að í löndum sem leggja áherslu á sköpun þvert á námsgreinar verði að líkindum meiri nýsköpun í atvinnulífi framtíðarinnar. Þótt styrk staða listfræðslunnar og almennt mikil gæði séu lofsverð, gæti þessi staða jafnframt hafa orðið til þess að samþætting sé minni en æskilegt væri sem mögulega gæti tafið yfirfærslu skapandi þekkingar og færni til sviða eins og vísinda, stærðfræði og bókmennta. Andrúmsloftið í þeim skólum sem heimsóttir voru var yfirleitt sveigjanlegt og opið sem bendir til þess að einfaldara geti verið að taka upp skapandi kennsluhætti en innan fræðslukerfa sem ekki eru jafn sveigjanleg.

Kaflinn sem hér fer á eftir er yfirlit um stjórnmalalega og stefnumarkandi umgjörð íslenskrar list- og menningarfræðslu. Tilgangurinn er að draga fram þá meginþætti sem hafa skapað og móta enn íslenska stefnumörkun og starfshætti. Þar sem nú eru óvissutimar í íslenskum stjórnmalum skal tekið fram að greining kaflans er byggð á stöðunni eins og hún var þegar úttektin fór fram og skýrslan var unnin.

1.4 Umgjörð

- Pólitik og fjármálakerfi á Íslandi gengur nú í gegnum miklar breytingar.
- Listalífið á Íslandi er sagt einkennast af mikilli samheldni, öflugum samfélagslegum stuðningi og almennu frelsi.

Íslendingar voru 319.326 árið 2008 og 25.590 nemendur í framhaldsskólum, 18.278 í leikskólum og 43.511 í grunnskólum.³

Ísland hafnaði í fyrsta sæti í skýrslu Sameinuðu þjóðanna, Human Development Index, 2007/2008. Íslendingar eru önnur langlífasta þjóð heims með 81,8 ára lífslíkur við fæðingu. Jafnframt stendur Ísland mjög framarlega hvað tæknivæðingu varðar. 82,3% Íslendinga höfðu aðgang að tölvu 1999 og 2006 voru 1.007 farsímaáskriftir á hverja 1.000 íbúa - 16. sæti á heimsvísu.

Þrátt fyrir yfirstandandi kreppu stendur Ísland á sterkum efnahagslegum grunni þótt hægst hafi á hagvexti er hann enn 0,3% á ári. Ísland er fjórða sæti á heimsvísu miðað við verga þjóðarframleiðslu á mann (54.858 USD) og í fimmta sæti miðað við verga þjóðarframleiðslu á jafnvirðisgengi (40.112 USD).

Ísland fékk sjálfstjórn frá Dönum 1918 og fékk þá yfirráð yfir stefnumótun og stjórn innanlands. Á Íslandi eru sjötíu og níu sveitarfélög sem stjórna staðbundnum málefnum, svo sem skólum, samgöngum og skipulagsmálum. Reykjavík er langfjölmennasta sveitarfélagið, u.þ.b. fjórfalt stærra en Kópavogur sem er næststærst.

Sérlega þýðingarmikið fyrir þessa úttekt er að á Íslandi er hæsta hlutfall fólks undir 24 ára aldri í nokkru Evrópulandi (36,4%). Á Íslandi er líka hæsta hlutfall borgara sem, eru virkir í listum og menningarstarfi, nærri 86% virknihlutfalli 2006.⁴

Haustið 2008 voru 43.511 nemar í skyldunámi á Íslandi. Hafði nemendum fækkað um 330 frá skólaárinu á undan (0,7%). Búið er við að nemendum í skyldunámi fækki áfram á næstu árum, því aldurshóparnir sem þá hefja skyldunám eru minni en þeir sem eru að útskrifast úr skyldunámi. Nemendafjöldinn í skyldunámi var mestur haustið 2003, 44.809 nemendur.⁵

Nú starfa 173 grunnskólar á Íslandi, jafnmargir og árið áður. Nýir skólar tóku til starfa jafnframt því að aðrir voru lagðir niður eða sameinaðir öðrum. Fjórir sérkennsluskólar starfa á Íslandi með samtals 146 nemendum.

Nemendum í einkaskólum hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2005 (mynd 1.4.1) en eru þó ekki nema lítið hlutfall nemenda, sem ganga langflestir í almenna skóla í sínu hverfi. Skólaárið 2007-2008 störfuðu 9 einkaskólar sem sinntu 664 nemendum. Nemendunum fjölgaði um 92 frá fyrra skólaári og hafa nemendur í einkaskólum aldrei verið fleiri frá því Hagstofan hóf að safna gögnum um nemendafjölda árið 1997. 54,4% fleiri nemendur sóttu einkaskóla


3 Tölur um nemendafjölda fengnar af vef Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

4 Eurostat, Cultural Statistics, 2007.

5 Tölurnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands en gagnaöflun fer fram í október ár hvert. Hagstofan hefur safnað þessum gögnum frá haustinu 1997.

2007 en haustið 2004. Tveir nýir einkaskólar sem starfa samkvæmt hjallastefnunni tóku til starfa haustið 2007 sem fjölgaði einkaskólum um tvo til viðbótar.

Mynd 1.4.1
Nemendur í einkareknum grunnskólum 1997 - 2007



Nemendum sem eiga erlent móðurmál hefur fjölgað en þeir eru þó enn mjög fáir hlutfallslega miðað við það sem almennt gerist í Evrópu. Haustið 2008 áttu 2.069 börn erlent móðurmál, eða um 4,7% allra nemenda. Pólskumælandi börn eru stærsti erlendi hópur skólanna og býr meirihluti þeirra utan höfuðborgarsvæðisins.

Haustið 2008 var 5.101 kennari starfandi, 9,5 nemendur á hvert stöðugildi. Þetta er lágt hlutfall og hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara fækkað undanfarin ár - hlutfallið var t.d. 13,3 á hvert stöðugildi kennara 1998. Að meðaltali eru 18,4 nemendur í bekk og meðalstærð bekkja eykst með aldri nemenda. Meðalstærð bekkja er minnst í fyrsta bekk (16,5) en stærst í 9. bekk, 19,7 nemendur að meðaltali.⁶ Hvað varðar bekkjastærð í listgreinum eru smíði og textíl gjarnan kennd í hálfum bekk (um eða undir 12 nemendur) í lotum á mismunandi tíma ársins. Þetta kann einnig að eiga við um tónmennt og myndmennt.

Almennt er lista- og menningarflóran mjög lifleg. Íslendingar, hvort sem er innan menningargeirans eða utan hans, eru mjög velviljaðir listum. Fólk metur listir mikils og styður margs konar listastarfsemi með fjárframlögum og sjálfboðastarfi. Eins og eftirfarandi ummæli gefa til kynna fylgir listunum sterk samkennd: „Allir leggja mikið af mörkum og sýna síðan ævilanga hollustu.“ Tafla 1.4.2 dregur saman, frá öllum rýnihópum sem þátt tóku í rannsókninni, helstu kosti þess að búa á Íslandi hvað snertir list- og menningarfræðslu.

⁶ Tölur af vef Hagstofu Íslands, <http://hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Grunnskolar>.

Mynd 1.4.2 Atriði sem nefnd voru sem styrkleikar listalífsins á Íslandi

Styrkleikar	Tíðni
Frelsi/sveigjanleiki	16
Tónlistarskólar	15
Virkur stuðningur frá samfélagi og grasrót	7
Almenn þátttaka almennings í viðburðum	7
Handverk	6
Bókmenntahefð	6
Aðgangur að menntun fyrir alla	6
Lítill heimur fyrir hugmyndir til að dafna	6
Líflegt menningarlíf (hátiðir)	5
Náin og virk tengslanet	4
Mikill áhugi á listalífinu	4
Hægt er að lifa af listinni	4
Góð aðstaða	3
Kórastarf	2
Sterkir áhugahópar (í leikhúsi, tónlist, myndlist)	2
Kennarar hafa frelsi	2
Lífsgæði	2
Afslappað andrúmsloft	2
Samræður á milli ólíkra hópa samfélagsins	1
Nóg af tækifærum til að prófa hluti	1
Skipta bekkjum til að kenna í tveimur hópum	1
Skólastjórar er áhugasamir um að fara nýjar leiðir	1
Fyrirtæki eru tilbúin til að styrkja listir (þótt þetta kunni að breytast)	1
Úrræðagott fólk	1
Gott skipulag á starfsemi	1
Fjölmenningarleg verkefni	1
Breið skilgreining á listum	1
Aðgangur að fjölmiðlum	1

Þessi jákvæðu atriði endurspeglast í ummælum fólks úr skapandi starfsgreinum sem náð hefur árangri á alþjóðavísu:

Það er nóg að gera. Samfélagið er svo öflugt. Listir eru ekki þröngar hérna. Þær eru virkilega útbreiddar. Samfélagið styður það sem fram fer og hæfileikar geta virkilega náð að þroskast. Margt sem fram fer í listum hefur félagslega vídd. Skapandi einstaklingar smita út frá sér. Maður er ekki meðtekinn strax heldur þarf maður að sanna sig fyrst. Til að byrja með vann ég við alls kyns störf. Maður þarf að gefa mikinn tíma endurgjaldslaust en svo fara hlutirnir að gerast. Ég fór að selja verk á kaffihúsi staðarins. Það er ekki rekið gallerí í bænum. Ég hef líka farið utan, en það þarf peninga til að ferðast. Alþjóðlegar sýningar eru frábær vettvangur til að selja verk en til þess þarf fé. Hér áður var hægt að sækja um fé til taka þátt í sýningum.

Áhugi á öllum listum er almennur og menningarhefðir sterkar. Það er auðvelt að fá fólk til að taka þátt í þeim. Fólk hefur eyra fyrir tónlist og nýtur hennar. Mér finnst Ísland sérlega listraunt samfélag. En árangurinn liggur ekki alltaf í augum uppi. Hlutir seljast ekki.

Stærð landsins, tækifæri, óttaleysi við að vaxa og þroskast, tækifæri til að læra hvað sem við viljum... Íslendingar eru að virkja sköpunarkraft sinn þótt þeir séu ekki atvinnumenn hafa flestir tækifæri til að nota hæfileika sína... Það er ekki mikla peninga að hafa af listinn; samt eru svo margir að því...

Ísland er skapandi bræðslupottur... Í New York er ég hugfangin af tískuiðnaðinum, hann er svo stór... Hans sneið af gróskunni er sú stærsta sem ég hef nokkurs staðar séð - ég þekki Milánó, Róm, New York... fyrirtæki sem söluaðilar reka, þannig stjórnast maður ekki af neinni sölumennsku... Bræðslupotturinn er úti í þjóðfélaginu, ekki í skólunum. Listaháskólinn er eini staðurinn þar sem er bræðslupottur... Listir og handverk er öflugt í grunnskólum, en fjarar út og bóknám tekur yfir... Fólk frá útlöndum öfundar okkur af því að hafa sérstakar tónmenntastofur, smíðastofur o.s.frv...

Ísland býr að mörgum sterkum grunnþáttum ef marka má mynd 1.4.2 og ummælin varðandi gæði. Frelsi og stuðningur samfélagsins virðast mjög mikilvægur. Sama á við um skipulag skóla og þann undirliggjandi listræna þroska sem verður í tónlistarskólunum (hvort sem menn verða tónlistarmenn eða ekki). Þessir styrkleikabættir búa listunum góðan jarðveg. En, eins og ummælin gefa til kynna, þá fylgja sterku hliðunum áskoranir.

Á vorin og yfir sumarmánuðina er fjöldi hátíða. Tónlistarlífið er afar virkt og nýtur mikils stuðnings samfélagsins, eins og vel kemur fram í eftirfarandi svipmynd:

Svipmynd 1.4.3 Okkur tókst sjálfum að afla

Þegar Reykjavík var menningarborg Evrópu árið 2000 sagði ég við einn stjórnanda verkefnisins að við gætum látið 2000 nemendur vinna saman - sem við og gerðum án þess að hafa mikinn fjárhagslegan stuðning. Við vorum sveigjanleg, leikskólinn var til í að vera með og við byrjuðum með einn skóla, bættum öðrum við og síðan fleirum. Kennararnir unnu með hugmyndir eins og vatn, jörð, vind og eld. Við bjuggum til skipulagið og héldum námskeið. Síðan fóru kennararnir á vettvang og unnu verkið. Skólarnir fengu mynd af hverju barni og maður sér þeim enn bregða fyrir. Við töluðum við tónskáld sem samdi tónlist, mjög fallega tónlist, um leið og það vann með krökkunum - þátttakendur voru börn og unglingar. Við reyndum að fá bankana til að styrkja okkur en það gekk ekki, okkur vantaði rúmlega milljón. Við fórum í menntamálaráðuneytið, krakkarnir komu með og við lokuðum götunni. Foreldrar keyptu af okkur kaffi og veggspjöld af börnunum þannig að við söfnuðum aurunum sjálf. Við hljóðrituðum líka geisladisk sem við seldum í

fjáröflunarskyni. Í upphafi virtist þetta óyfirstíganlegt en okkur tókst að safna nægu fé. Leikskólakennararnir voru æðislegir en ég er mjög undrandi yfir að enginn bankanna hafa vilja styðja okkur; það er í raun kaldhæðnislegt. Í lokin héldum við náttfatapartí fyrir alla sem tóku þátt í þessu; það heppnaðist mjög vel.

Þessi mikli stuðningur samfélagsins var ekki síður áberandi utan höfuðborgar-svæðisins:

Svipmynd 1.4.4

Við hittum ekki annað fólk og við erum einangruð

Hér í bænum eru allir til í að gefa vinnu sína. Við erum fá hér og lífsbaráttan er hörð. Atvinnuleikari hefur ekki næga vinnu hér. Veðurfarið er erfitt og óútreiknanlegt. Ferðalög eru líka erfið. Við hittum ekki annað fólk og við erum einangruð. Þessar aðstæður eru bæði jákvæðar og neikvæðar fyrir skapandi vinnu. Ég myndi segja að listirnar blómstri í bænum okkar en ná ekki víðar. Við finnum svolítið fyrir því viðhorfi að við séum ekki eins góð hér, fagmennskan sé minni. En ef þú kannar málið hjá Listaháskólanum í Reykjavík þá komast okkar nemendur þar inn. Gæðin eru þannig til staðar ef grannt er skoðað. Fyrirtækin í bænum styðja öll við listalífið. Stuðningurinn hér er mjög mikill. Við erum heppin að þessu leyti því opinber stuðningur er ekki mikill. Ríkið ætti að styðja okkur betur því hér er erfitt að komast á milli staða.


1.5 Samvinna um stefnumörkun og námsefni

- Þeir sem sjá um menningu og menntamál á landsvísu annars vegar og hjá sveitarfélögum hins vegar ættu að funda reglulega til að auðvelda sameiginlega stefnumótun og til að miðla góðum starfsvenjum og frumkvæðisverkefnum.
- Námskrárnar eru opnar og sveigjanlegar en eru í raun kenndar á mjög svipaðan hátt um land allt.
- Námskrár eru álitnar gagnlegar hvað varðar almenn markmið en síður hvað innihald kennslunnar, aðferðir og námsmat varðar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er ábyrgt fyrir stefnu og aðferðum sem skólum ber að starfa eftir og gefur ráðuneytið út námskrár sem notaðar eru til leiðbeiningar um land allt. Skólar skiptast í þrjár gerðir:

- Leikskóla - fyrsta skólastigið, fyrir börn yngri en sex ára; valkvætt nám.
- Grunnskóla - skyldunám sem nær yfir barna- og gagnfræða- eða miðskóla, yfirleitt kennt innan sömu skólastofnunar.
- Framhaldsskóla - valkvætt nám sem tekur við af skyldunáminu.

Mynd 1.5.1 Skipting útgjalda til fræðslumála eftir skólastigum



Skólaskylda nær frá 6 til 16 ára aldurs. Allir íslenskir skólar eru blandaðir fyrir drengi og stúlkur.

Íslensk lög mæla fyrir um að sveitarfélög setji almenna stefnu sem hver skóli mótar nánar í skólanámskrá. Flestir skólar birta námskrár sínar á vefnum og gera þær þannig aðgengilegar almenningi. Upplýsingar sem oftast koma fram eru:


- Hvenær skólinn starfar.
- Listi yfir þær námsgreinar sem kenndar eru í skólanum.
- Almennar upplýsingar um stjórn skólans.

Námskrárnar eru sveigjanlegar og skólar hvattir til að sýna frumkvæði. Þrátt fyrir þetta yfirlýsta frelsi virtist ekki mikill munur á kennsluháttum eða námskipan í þeim skólum sem heimsóttir voru víða um landið. Líklegasta skýringin er kennaramenntunin sem er lík eða sú sama hjá öllum kennurum. Þótt nánar verði um það fjallað síðar í skýrslunni var almennt talið að kennaramenntun hvetti ekki til sundurleitni í kennslunni og hneigðist til að viðhalda óbreyttu ástandi, eins og eftirfarandi ummæli gefa til kynna:

Það þarf að kenna kennurunum skapandi kennslu. Allir kennarar þurfa einhverja menntun á sviði lista og menningar. Það þarf að vera í brennidepli um gjörvallt skólakerfið.

Á undanförunum árum hafa verið teknar upp nýjar tónlistarnámskrár. Þær byggjast á klassiska kerfinu. Námskrárnar voru ekki prufukeyrðar og hafa ekki verið endurskoðaðar. Einnig hér virðist ákveðið sambandsleysi á milli hins sveigjanlega viðhorfs sem liggur námskránni til grundvallar og upplifunar þeirra sem nota námskrána í kennslu; talað er um að námskráin setji skorður og stýri kennslunni um of. Skólarnir haldi því fram að skipan mála hjá þeim miðist við lög. Þeir sem ábyrgir eru fyrir námskránni segja hins vegar að „tónlistarskólarnir setja sér eigin reglur og takmarkanir. Engin lög séu í gildi önnur en varðandi fjárhagslegan stuðning. Námskráin er gefin út sem viðmið og engum skylt að nota hana. Þetta er stóri misskilningurinn innan stéttarinnar.“ Eins og sjá má á mynd 1.5.2 þykir tónlistarnámskráin fremur gagnleg varðandi markmiðssetningu en þykir síður gagnleg hvað varðar aðferðir og innihald náms, þar sem undir 50% svarenda töldu námskránni gagnlega eða mjög gagnlega.⁷


Mynd 1.5.2 Hversu gagnleg er námskrá (tónlistarskólar)




⁷ Tónlistarnámskráin hefur verið í smíðum í meira en 17 ár og er enn ekki lokið. Almenni hluti hennar var gefinn út árið 2000 og hafa síðan komið út átta námskrár fyrir ýmis hljóðfæri (sjá <<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/3955>>). Námskrá fyrir djass og rokktonlist (sú síðasta) á að koma út síðar á árinu. Nær allir tónlistarskólar starfa samkvæmt gildandi lögum (nr. 75/1985) um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í 1. gr. 1. kafla laganna er kveðið á um að löginn eigi aðeins við um skóla er kenna „... samkvæmt námskrá útgefni af menntamálaráðuneytinu...“ Einnig má sjá af upphafi almenna hlutans (sem er að finna á vefsíðunni sem vísað er til hér að framan) að námskráin nær yfir margt er varðar starf tónlistarskóla. Þjónustusamningar á milli sveitarfélaga og tónlistarskóla krefjast þess í vaxandi mæli að tónlistarskólar starfi samkvæmt hinum opinberu námskrám. Samkvæmt könnun sem framkvæmd var sem hluti þessarar úttektar notfæra um 80% tónlistarskóla sér þjónustu prófanefndar tónlistarskóla og starfa þannig samkvæmt opinberu námskránni.

Mynd 1.5.3 sýnir svör við spurningum um notagildi námskrárinnar í grunnskólum. Námsmarkmiðin þóttu gagnlegust en kennsluáðferðir og mat síður. Þrátt fyrir þetta mynstur var gildi námskrárinnar almennt viðurkennt, en minna en 1% svarenda taldi hana „gagnslausa“.

Mynd 1.5.3 Hversu gagnleg er námskrá (grunnskólar)




Mynd 1.5.4 Hversu gagnleg er námskrá (leikskólar)



Innan leikskólakerfisins ríkir eindreginn stuðningur við gildi skapandi lista innan námskrárinnar, eins og mynd 1.5.5 sýnir.

Mynd 1.5.5 Mikilvægi skapandi starfs í leikskólum



Því er haldið fram að opin námskrá (þegar skólar eiga val um hvað er kennt) leiði oft til þess að listir verði útundan. Í reynd virðist þetta ekki vera raunin. Listir og handverk eru 11% kennslutíma - sama hlutfall og tungumál. Íslenska er 19% kennslutíma, stærðfræði 17% og náttúrufræði 9%. Miðað við þessar tölur virðast listir fá viðunandi rými í íslenskum skólum - um þriðjungji skólatímans er varið í listir (ef textíl og smíði er tekin með). Venjulega er hver listgrein kennd í 2 x 40 mínútur þótt talsverður breytileiki geti verið á milli skóla. Þessi til-
tölulega rúmi tími sem listfræðslan fær í grunnskólum virðist mælast vel fyrir eins og eftirfarandi ummæli foreldris gefa til kynna. Ummælin eru dæmigerð fyrir svarendur af ólíkum toga: „Það er mikilvægt að list sé hluti skyldunámsins. Þannig er námið óháð fjárhag fjölskyldunnar. Ég held að hæfileikar fari for-
görðum ef við treystum eingöngu á nám í tónlistarskólum utan skólatíma.“

Gert er ráð fyrir því að ný lög um framhaldsskóla taki að mestu gildi árið 2011. Þá getur hver skóli búið til eigin námsbrautir. Sumum fannst þessi breyting jákvætt skref sem aukið gæti skapandi starf í skólastarfinu. Aðrir álitu að breytingarnar myndu þrengja svigrúm og gæði listfræðslunnar:

Þessi breyting gæti orðið til batnaðar. En það er mikil spurning hvernig listum reiðir af. Ég held að þetta gæti orðið minni skólum erfitt. Þeir verða að þjóna öllum, en munu hafa færri valkosti um hvað þeir geta boðið. Ég kvíði því að raun verði niður-
skurður í öllum greinum. Litið verði á listir sem lúxus. Minna en 50% skóla kenna samkvæmt opinberum námskrám.

Sumir álitu líka að aukin áhersla á listir í nýrri námskrá gæti haft öfug áhrif í nú-
verandi efnahagsástandi (eins og nánar er lýst í hluta 1.6).

1.6 Fjármögnun

- Mörg málefni lista og menningar flutt frá ríki til sveitarfélaga 1996.
- Flókin fjármögnun hefur bein áhrif á skipulag, framkvæmd og eftirlit með list- og menningarfræðslu.
- Þótt útgjöld til menntunar beri vott um mikinn stuðning við menntun er óljóst hversu stór hluti rennur til list- og menningarfræðslu af heildarútgjöldum.
- Foreldrar styðja list- og menningarfræðslu umtalsvert fjárhagslega.
- Aðstaða í skólum og hjá þeim sem bjóða list- og menningarfræðslu utan skólatíma er góð.

Í úttekt á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands frá því í desember 2008 voru skoðaðar fjárveitingar ríkis og sveitarfélaga til lista og menningar á tímabilinu 1998 til 2007. Niðurstöður sýndu að opinber útgjöld til þessara málaflokka höfðu nær tvöfaldast á tímabilinu á föstu gengi (að teknu tilliti til verðbólgu). Á sama tíma jukust útgjöld ríkisins úr um 12.500 kr. í rúmlega 22.000 kr. á mann (á föstu gengi). Sambærilegar tölur fyrir sveitarfélög fóru úr um 7.000 kr. í um 13.000 kr. árið 2002 og í nærri 17.900 kr. árið 2007. Í úttektinni voru einnig skoðuð útgjöld ársins 2005 til menningarmála á Íslandi í samanburði við hin norrænu ríkin. Í þeim samanburði voru útgjöldin mest á Íslandi, með 0,85% af vergri landsframleiðslu. Næst kom Noregur (0,71%), þá Danmörk (0,60%), Finnland (0,59%) og loks Svíþjóð (0,47%). Þótt Ísland hafi verið efst Norðurlanda var hlutfallið fyrir 2005 lægri en árin rétt á undan eða eftir en meðaltal árána 2005-2007 á Íslandi var 0,91%. Þessar niðurstöður sýna að fjárveitingar til lista og menningar á Íslandi hafi aukist umtalsvert undanfarið 10 ár bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Samstarfssamningur er í gildi á milli iðnaðarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og allra landshluta (Vesturlands, Norðurlands, Austurlands o.s.frv.) þar sem styrkjum er úthlutað til ýmissa menningar- og listverkefna á svæðunum. Lýst var áhyggjum yfir að þetta fé dreifðist of víða, og yfir stuttan tíma og gagnaðist þannig ekki veglegum langtíma verkefnum:

Stjórnvöld veita tiltekna upphæð til Vestfjarða og halda síðan að „þar með séu málin leyst“. Þegar peningunum er úthlutað fer of lítið fé til of margra. Smáaurar koma í hlut hvers og eins. Áherslum er svo breytt á hálfis árs fresti og þá þarf að breyta því sem verið er að gera til að eiga möguleika á úthlutun. Miklu betra væri að úthluta til lengri tíma, t.d. til þriggja ára í senn. Stundum fer meiri tími í að útvega féð en að framkvæma eitthvað fyrir það. Pappírsvinnan tekur mikinn tíma. Þau vilja sjá að peningunum hafi verið vel varið. Skýra þarf og einfalda ábyrgð ríkisins annars vegar og sveitarstjórna hins vegar.

Fólk í skapandi starfsgreinum hafði líka áhyggjur af því að á óvissutímum myndi þrengjast um fjárveitingar:

Sumt fé er eyrnamerkt og annað ekki. Þarna er ákveðin togstreita því stífari reglur þrengja að tilraunastarfi. Fjárveitingar í gegnum milligöngu aðila sem greiddi fyrir væri hugsanlega betri nálgun. Sem stendur er menningarframlag að mestu fjármagnað af einstaklingum. Það leiðir til meiri samvinnu og svæðisbundins stuðnings. Vandinn er hins vegar ekki kerfisbundinn. Það er engin svæðisbundin menningaráætlun og engin markaðsfærsla.

Þrátt fyrir þessar áhyggjur voru viðmælendur almennt sammála um að fjárveitingar til lista væru í góðu lagi. Nefnt var að ríkið ætti ekki eitt og sér að styðja listir og menningu heldur ættu einkaaðilar og sveitarfélög líka að koma þar að. „Íslendingar ætlast ekki til þess að hið opinbera borgi fyrir allt. Aðgengi er mikilvægt og hið opinbera eða einkageirinn getur séð fyrir því.“

Þó óttuðust menn að kreppan drægi úr getu fólks til að styðja við listfræðslu. Margir viðmælendur lýstu áhyggjum svipuðum þeim sem koma fram í þessari tilvitnun:

Eins og stendur er allt í góðu lagi en óvissa vofir yfir vegna efnahagsástandsins.

Við höfum ekki enn fundið fyrir minni fjárveitingum en ég býst við að það hafi áhrif á hversu mikið við getum farið í ferðir. Rútur eru mjög dýrar, svo ég býst við að við verðum að skera niður þar. En ég reyni að tryggja að kennararnir hafi allt sem þeir þurfa til geta staðið vel að kennslunni. Þar sker ég ekki niður.

Við höfum ekki orðið vör við fækkun nemenda í okkar tónlistarskóla frá því að kreppan hófst. Samt er í mér uggur. Fleiri eru að flytja sig yfir í aðeins 30 mínútur á viku í stað klukkustundar. Og fólki sem borgar með kreditkortum hefur fjölgað um 20%.

Við höfum orðið fyrir 12% niðurskurði og þegar maður hefur minni peninga, ja, hvað þá? Við finnum einhverja leið. Við munum standa vörð um gæði þess sem við gerum. En þó ekki sé annað en að missa 30 mínútur hefur það áhrif á viðmiðin. Sveitarstjórnin álitur að við getum tekið upp einhvers konar viðskiptalíkan. En þetta eru menntamál.

Það verður að endurskoða fjárhagsáætlunina. Hún hefur verið óbreytt undanfarið ár en mér finnst hún hljóta að verða að lækka og það hefur verið mikil verðbólga undanfarna mánuði. Hins vegar hefur engin breyting orðið á brottfalli nemenda og við höfum enn jafnmarga nemendur og áður en við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Aðrir svarendur tóku jákvæðari pól í hæðina og gáfu til kynna að íslenskt þjóðfélag myndi áfram styrkja listir og að hið erfiða efnahagsumhverfi gæti, þegar allt kæmi til alls, átt þátt í að skerpa listáherslur, eins og fram kemur í eftirfarandi ummælum:

Efnahagsástandið hefur enn ekki haft áhrif á fjölda þeirra nemenda sem koma í skólann. Skólagjöld verða ekki hækkuð á næsta ári. Auk frístundakortsins, sem öll börn fá, geta tekjulægri foreldrar sótt um stuðning til skólagjalda fyrir börn sín.


Ég er ekki sammála því að nú séu slæmir tímar. Við vorum farin að glata sjálfskennd okkar á Íslandi, við vorum komin út af sporinu. Nú eru góðir tímar fyrir listir og handverk; nú er rétti tíminn til að brjóta niður hindranir. Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur ætti að vinna með menntasviði. Listirnar bitast um sama fjármagn. Börnin ættu að vera í miðpunkti, í hópvinnu og í verkefnum sem nota allar greinar. Þverfagleg vinna er málið, það er of mikil hólfaskipting...

Hingað til hafa peningar ekki verið vandamál. Skólastjórnin útbýr fjárhagsáætlunina og nefnd foreldra fer yfir hana. Samfélagið styður skólann heils hugar, svo það er aldrei sagt nei.

Ég held ekki að þetta snúist um peninga heldur hugsunarhátt. List er verkfæri sem hjálpar manni að læra og skilja lífið. Sérhvert barn þarf að kunna undirstöðuatriðin.

Sveitarstjórnir styðja umtalsvert við áhugastarf og listir. Þótt eitt og annað hafi verið gagnrýnt voru svarendur almennt sammála um að mikil hjálp væri í menningarsamningum við ríkið. Sterk samfélagskennd leiðir einnig til þess að fyrirtæki á hverjum stað leggja líka til fjármagn og aðstöðu. Mynd 1.6.1 sýnir að tónlistarskólar (alfarið fjármagnaðir af sveitarfélögum) álíta fjármögnun vel viðunandi þar sem 90% svarenda segjast mjög ánægð eða frekar ánægð með samskipti sín við viðkomandi sveitarfélag.

Mynd 1.6.1 Ánægja með samstarf skóla og nærsamfélags í tónlistarskólum



Útgjöld foreldra vegna tónlistarnáms eru talsvert breytileg. Dæmigerð námsgjöld eru 61.500 kr. á ári fyrir 2x30 mínútna tíma á viku. Flestir skólar bjóða einhvern fjölskyldu- eða systkinaafslátt, oftast á bilinu 10-50%, eftir fjölda barna (t.d. 10% fyrir annað barn og allt að 50% fyrir fjögur eða fleiri börn). Í rýnihópi foreldra höfðu allir þátttakendur áhyggjur af því að listmenntun væri á viðráðanlegu verði. Útgjöldin virðast hafa aukist en ráðstöfunartekjur lækkað, eins og eftirfarandi ummæli undirstrika: „Tónlistarskólinn eru orðinn tvöfalt dýrari en hann var 2001.“

Í október árið 2005 birtist grein um framtíð listfræðslu á framhaldsskólastigi þar sem bent er á tvö meginatriði sem tengjast nýlegum tilfærslum fjárveitinga:⁸

Með yfirfærslu á rekstri grunnskólanna til sveitarfélaganna og í kjölfar breytinga á stuðningi ríkisins við rekstur tónlistarskólanna breyttust forsendur fyrir rekstri listmenntunar í landinu sem við í raun höfum ekki enn lagað okkur að. Tvennt er þar mikilvægast. Annars vegar framhaldsmenntunin sem sveitarfélögin áður ráku að stórum hluta og hins vegar menntun afburðanemenda sem þurfa sérstakan atbeina. Sérskólar á framhaldsstigi eiga sér engan tryggan grundvöll og staða þeirra innan menntakerfisins er óljós og í grunnskólakerfinu er afburðanemendum ætluð þjónusta sem aðeins að hluta til kemur til móts við getu þeirra og þarfir. Forstöðumenn listaskólanna og ýmsir aðrir talsmenn listanna hafa bent á vandkvæðin sem þessu fylgja en ekki getað bent á úrræði sem telja má raunhæf og ætla megi að verði til framfara á þessu sviði.


Verið getur - einkum ef efnahagsástandið versnar frekar - að íhuga verði að veita afburðanemendum frekari stuðning ef foreldrarnir hafa ekki lengur efni á náminu. Hins vegar benda ummæli annarra til þess að stuðningur við hæfileikafolk á hverjum stað stuðli frekar að sjálfbæru og kröftugu listalífi, eins og eftirfarandi ummæli draga saman:

Mörg hæfileikarík börn koma fram vegna aukinna framlaga til listmenntunar. Foreldrar hafa verið reiðubúnir til að borga. Mikilvægt að ráðuneytið átti sig á þessu og minnki ekki fjárstuðninginn.


Almennt er þó fjármögnun listfræðslunnar talin fullnægjandi og aðstaða fyrir listir er almennt mjög góð, bæði innan skólanna og víðar í samfélaginu. Myndir 1.6.2a og 1.6.2b sýna tiltölulega mikla ánægju með þá sérhæfðu aðstöðu sem er í boði. 85% aðspurðra í dansgeiranum og 67% í tónlistarskólunum telja aðstöðuna frekar eða mjög góða:

8 Menntaskóli listanna - Um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi. Hjálmar H. Ragnarsson rektor Listaháskóla Íslands. Birtist í Morgunblaðinu, 31. október 2005.

Mynd 1.6.2a Hversu vel eða illa hentar skólahúsnæðið til kennslu (dans)?



Mynd 1.6.2b Hversu vel eða illa hentar skólahúsnæðið til kennslu (tónlist)?



1.7 Stjórnun


- Ungt fólk mætti virkja betur í ákvarðanatöku.

Stjórn flestra skóla og menningarstofnana er í höndum fremur sjálfstæðra nefnda eða ráða. Þessar nefndir eru gjarnan skipaðar starfsfólki, foreldrum og öðrum fulltrúum almennings. Ungt fólk á sjaldan fulltrúa í skólanefndum þótt nemendafélög séu tiltölulega algeng í íslenskum skólum. Ekki er ljóst hve mikil áhrif nemendur hafa á skipulag og forgangs röðun í gegnum nemendafélögin þótt þar virðist ákveðinn farvegur fyrir frumkvæði nemenda. „Yfirleitt eru það kennararnir sem skipuleggja. Við fáum að ráða meiru í okkar eigin félögum.“

Mynd 1.7.1 sýnir samsetningu skólanefnda við tónlistarskóla og hlutfallslegan fjölda kennara-, foreldra- og nemendafélaga.

Mynd 1.7.1

Fulltrúar í skólanefndum tónlistarskóla og önnur þátttaka nemenda í skólastarfi




1.8 Listfræðsla í skólum

- Kennarar eru almennt mjög hæfir en skortur er á réttindakennurum á afskekktari svæðum, sérstaklega tónmenntakennurum í grunnskólum.
- Hvetja þyrfti skóla til að halda verkum nemenda á lofti með faglegri hætti.

Í grunnskólum kenna sérkennarar í flestum tilfellum list- og verkgreinar, myndmennt, textíl, smíði, tónmennt og dans - þar sem sú grein er í boði. Í framhaldsskólum kenna sérkennarar allar listgreinar, handverk, hönnun og námskeið er varða menningu. Sérgreinakennarar eru yfirleitt mjög hæfir. Þeir hafa annað-

hvort próf í sinni sérgrein og að auki framhaldspróf eða próf í kennslufræðum eða kennarapróf með séráherslu í viðkomandi listgrein. Jafnvel í leikskólum eru sérgreinakennarar mjög vel menntaðir (sérstaklega á það við um tónlistar- og myndlistarkennara). Á mynd 1.8.1 sést að tónlist og myndlist er yfirleitt kennd af sérfræðingum.

Mynd 1.8.1 Leikskólar með sérgreinakennara eftir listgreinum



Lítill hluti kennara í listgreinum í grunnskólum eru leiðbeinendur. Þetta er algengara í dreifbýlinu eða á stöðum þar sem erfitt getur verið að fá réttindakennara til starfa. Skólastjórar telja þó leiðbeinendur almennt áhugasama og með mikla reynslu. Margir þessara kennara hafa líka umtalsverða starfsreynslu, t.d. sem smíðir, hönnuðir, starfandi listamenn eða tónlistarmenn.

Þrátt fyrir almennt vel menntaða kennara vantar kennara með nægjanlega þjálfun og reynslu til að kenna tónmennt í grunnskólum (sem er annað fag en tónlistarkennsla í tónlistarskólum). Tónlistarkennurum finnst eftirsóknarverðara að kenna í tónlistarskólum, þar sem einkakennsla er algengust, en að glíma við bekkjarkennslu í grunnskóla; hæfir kennarar sækja því frekar í tónlistarskólana.

Þeir kennarar sem rætt var við í þessari rannsókn virtust mjög áhugasamir. Mörg dæmi voru um mikið vinnuframlag og aukavinnu við kórstjórn, skipulag hátíða og uppfærslu leikrita.

Á alþjóðlegan mælikvarða eru skólarnir vel búnir og vel skipulagðir. Skólastofur í þeim fjölda skóla sem voru heimsóttir voru smekklegar, bjartar og í góðu ásigkomulagi, vel búnar tölvum og öðrum búnaði. Skólarnir höfðu allir rúmgóða sali eða hliðstæð rými þar sem halda má sýningar eða aðrar uppákomur. Flestir skólar hafa sérstakar listgreinastofur, svo sem fyrir málun, tónlistarrými og/eða fjölnota rými fyrir verkefni af ýmsum toga. Sérstakar og vel búnar stofur eru líka fyrir textíl, smíði og tölvuvinnu. Gott aðgengi virðist einnig að efni og tækjum

eins og málningu, pappír og hljóðfærum. Listrænt starf nýtur líka fjárhagslegs stuðnings foreldra í flestum skólum - greiða t.d. miða í leikhús eða tilfallandi kostnað við heimsóknir eða uppákomur. Enginn þeirra skóla sem heimsóttir voru sagði skort á aðstöðu eða stuðningi koma í veg fyrir að hægt væri að veita góða listfræðslu - þótt sumir lýstu áhyggjum yfir að þetta gæti breyst.

Þeir framhaldsskólar sem voru heimsóttir voru vel búnir hvað varðar kennslustofur og kennslugögn. Sumir framhaldsskólar höfðu sérhæft dans- og leiklistar- rými þó að slíkt væri ekki almennt. Tónlistarskólar og aðrir frístundaskólar voru líka vel búnir með góðum kennslustofum og annarri aðstöðu.

Í sumum skólum voru verk nemenda sýnileg í skólastofum og á göngum. Mjög misjafnt er þó hve vel er vandaði til í þessu efni. Sumir skólar höfðu vel merktar, vandlega unnar og kraftmiklar sýningar á verkum nemenda. Almennt er samt ekki mikil áhersla lögð á þennan þátt. Kynningar og sýningar eru þó mikilvægar og virka hvetjandi á nemendur ef marka má rannsóknir. Tímasetning þessarar úttektar kann að skýra þessa upplifun enda sums staðar nefnt að verk nemenda hafi verið tekin niður yfir jól og áramót. Þessi skýring virðist þó ekki fullnægjandi.

Með fáeinum eftirtektarverðum undantekningum er lítið um að skólar haldi sýningar á listaverkum nemenda. Vandaðar sýningar eru þó ákveðinn lykilla að gæðum og nauðsynlegt að fylgt sé þeim viðmiðum sem tíðkast í hverri grein hvað þetta varðar. Til að mynda verður að hengja upp listaverk og merkja með tilliti til þess rýmis sem notað er til sýningar. Útstilling og kynning ættu að vera grunnþættir í textil-, smíða- og hönnunarkennslu. Jafnvel í skólum sem hafa afmörkuð svæði sem henta sýningarhaldi voru fá dæmi um vandaða útfærslu á sýningum. Til dæmis voru í einum skóla enn til sýnis verk frá árinu 2003 þrátt fyrir að þau væru orðin gulnuð og máð.

Í nýrri skólum eru sveigjanleg fjölnota rými algeng og dæmi um að hönnuð séu stór sameiginleg rými í stað afmarkaðra skólastofa. Eins eru dæmi um að bekkjum sé skipt í hópa þannig að henti sveigjanlegri kennslu fleiri en eins kennara; líka sáust aldursblandaðir bekkir. Kennarar virtust almennt una vel þessum sveigjanlegu kennsluháttum og töldu slíkt ýta undir skapandi kennsluhætti. Sumir kennarar lét þó í ljós þá skoðun að opnari kennslurými sem þessi minnkuðu í raun skapandi vinnu. Kennarar óttuðust að trufla aðra kennara og auðveldara væri að hafa umsjón með nemendum sem ynnu með hefðbundnum hætti við skólaborð.

Skólar eru í vaxandi mæli alhliða samfélagskjarnar, hannaðir til þess að hýsa grunnskóla, tónlistarskóla, menningarmiðstöð, bókasafn, leikskóla og jafnvel fleiri stofnanir samfélagsins. Þeir grunnskólar sem heimsóttir voru og hýsa tónlistarskóla eða listaskóla virðast vel heppnaðir. Hátt hlutfall nemenda nýtir sér valkvætt listnám og sveigjanleiki er meiri hvað varðar nýtingu rýmis, tíma og kennslukrafta. Sumir kennarar, sérstaklega tónlistarkennarar, voru þó andsnúnir samþættingu af þessu tagi; þeir töldu að með þessu tapaðist hið sérstaka umhverfi og andrúmsloft sem tónlistarskóli í aðskildu húsnæði gæfi möguleika á.

Þótt listgreinakennarar væru almennt ánægðir með hinar vel útbúnu list-

greinastofur töldu sumir aðstöðuna sem slíka einangra þá frá öðrum kennurum, aðgreindi jafnvel þeirra vinnu frá því sem væri að gerast í skólanum. Þó aðeins væru örfá dæmi um að listgreinakennarar ynnu samhliða kennurum annarra greina lýstu margir kennarar miklum áhuga á samþættari skóla þar sem þeirra vinna væri þéttar ofin inn í almennt starf skólans.


Á Íslandi sækja flest börn hverfisgrunnskóla. Þó að í Reykjavík og stærri bæjum sé mögulegt að velja á milli skóla virðast foreldrar og samfélag almennt kunna vel að meta hverfisskólann.

1.9 Leikskólar

- Listir og menning hefur forgang í leikskólum.

Leikskólar á Íslandi eru mjög fjölbreyttir og virðast allir sinna börnum mjög vel í skapandi umhverfi. Félagssleg samskipti við umhverfið eru mikil og börnin eru hvött til að læra í sátt við umhverfið. Almennt er námskrá þessara skóla mjög skapandi. Hér á eftir eru svipmyndir sem varpa ljósi á skapandi starf og hvernig listir eru útfærðar við mismunandi aðstæður. Mynd 1.9.1 sýnir hve listir eru mikils metnar í leikskólum.

Mynd 1.9.1 Viðhorf leikskólustjóra til þess hvað telst til listfræðslu í skólastarfi



Svipmyndin 1.9.2 er af litlum leikskóla á landsbyggðinni. Leikskólustjórinn hefur bætt við sig listgreinanámi og er hrifinn af Reggio Emilia kennslufræðinni. Hann trúir því að börnin séu hamingjusömust þegar þau vinna við listir.

Svipmynd 1.9.2 Við vinnum eitthvað með listir á hverjum degi

Í leikskólanum eru 15 börn á aldrinum eins til fjögurra ára. Við vinnum mikið með hljóðfæri - slagverk, sílófóna, trommur og hristur. Við leikum líka tónlist þegar þau vinna í öðru. Það er mikill dans. Og auðvitað mikill söngur... söngur með hreyfingu. Við vinnum eitthvað með listir á hverjum degi. Við hvetjum börnin til að prófa allt. Mála (m.a. með fingrum og burstum); mikið unnið með deig og leir, klippivinna. Við höfum ekki sérstaka aðstöðu fyrir listir svo kennararnir þurfa að leggja efnið fyrir börnin. Stundum skipuleggur kennarinn það sem gert er en ég vil heldur að börnin geti valið. Við skoðum listaverk ekki mikið og við ferðumst ekki til að fara á söfn, það er of dýrt. Ég er menntaður leikskólakennari en hef líka tekið sumarnámskeið í listum. Ég fæ hugmyndir af Netinu, úr bókum og frá öðrum skólum. Í raun fæ ég hugmyndir alls staðar að. Verk barnanna eru alltaf hengd upp til sýnis en við erum ekki með sérstakar sýningar eða uppfærslur. Við tökum þó þátt í hátíðum af ýmsu tagi. Við eigum kost á endurmenntun og -þjálfun - fjóra daga yfir árið. Við getum líka sótt um stuðning frá verkalýðsfélaginu. Þriðja hvert ár förum við til Reykjavíkur. Ég fór aftur í háskóla til að bæta við mig menntun. Það var mjög hjálplegt. Ég fékk hugmyndir og fræðilega undirstöðu. Ég lærði líka betur að vinna í hópi. Við fáum flest okkar kennslugögn ókeypis. Fyrirtækin hér gefa okkur efni. Við göngum mikið með börnin um nágrennið. Við skoðum t.d. plönturnar sem aftur skilar sér í listiðkun. Börnin eru ávalt glöð þegar við vinnum með listir. Börnin leika ýmsa leiki þar sem búningar og leikmunir eru notaðir. Við fylgjum ekki sérstakri hugmyndafræði en við tökum mið af Reggio Emilia aðferðinni.

Svipmynd 1.9.3 eru af leikskóla þar sem félagslegar áherslur eru sterkar. Gildi þess að verk barnanna séu höfð til sýnis er mikils metið. Heimsóknir listamanna eru líka þáttur í námsskipulaginu.

Svipmynd 1.9.3 Í okkar skóla eru ákveðnar hugmyndir um hvernig menning og samfélag vinna saman

Við reynum að flétta listir saman við allt sem við gerum í skólanum. Í okkar skóla eru ákveðnar hugmyndir um samvinnu menningar og samfélags. Við förum mikið út með börnin og erum í samvinnu við elliheimili í grenndinni. Við reynum líka að virkja foreldra. Við höfum sögustundir og eldra fólkið segir því yngra frá gamalli tíð. Við förum líka á bóndabæi og í sögugöngur. Við leggjum mikið upp úr raunverulegum upplifunum. Við förum eitthvað a.m.k. aðra hverja viku.

Menningarhúsið er við hlið skólans þannig að við erum heppin. Við förum

Þangað a.m.k. þrisvar yfir árið og þar er tekið vel á móti okkur því hjá þeim er mjög góð manneskja sem sér um mennta- og kynningarmál. Þarna eru málverk þó að þetta sé ekki beint gallerí. Verk eftir börnin eru sýnd í bankanum og annars staðar í grenndinni eins og t.d. á pósthúsinu. Leikhópur kemur árlega í skólann auk þess sem við reynum að fara með börnin í leikhús.

Nálægt skólanum býr brúðugerðarmaður sem býr til brúður með krökkunum; við þurfum að halda kostnaði niðri. Börnin læra ýmsa gamla dansa. Atvinnudansari kemur hér vikulega og það er góð samvinna. Við borgum danskennaranum og börnin skemmta sér vel. Þetta er hluti af þriggja ára menningarverkefni og við tókum það með í stóra matinu á skólanum. Matið hjálpar okkur í áætlunargerð.

Spurningar vöknudu um hvort skapandi starf væri ekki metið. Á hverri önn metum við vinnu hver annarrar og nú viljum við deila matinu með foreldrum og kennurum. Okkur fannst gagnlegt að deila okkar áætlun með öðrum skólum. Við vinnum að bók sem innifelur áætlunina ásamt hugmyndafræði sem skýrir fyrir foreldrum af hverju við vinnum eins og við gerum. Þegar þetta verður komið á bók mun áhuginn aukast. Fólk flettir bókinni og vill e.t.v. ræða innihaldið við okkur. Við erum líka með hátíðir reglulega. Framhaldsmenntun starfsfólks er innifalin í áætlun okkar. Margir af kennurum okkar hafa ekki tilskilda menntun svo við reynum að hvetja þá til að sækja sér réttindi í fjarnámi. Við ákváðum að þetta væri mikilvægur hluti áætlunar okkar til fimm ára. Hjá okkur starfar lestrarkennari þótt við höfum 15% minna fjármagn en aðrir skólar í endurmenntun kennara.

Til viðbótar opinberum stuðningi verða foreldrar að borga námsgjöld fyrir börn sem sækja þennan skóla. Við þurfum að hækka skólagjöldin fyrir næsta ár. Við erum í samvinnu við tónlistarskóla og tónlistarkennari kemur tvisvar í viku. Það eru tveir hópar fimm ára barna og einn fjögurra ára hópur. Foreldrarnir verð að greiða þessa tónlistarkennslu að fullu - um 20 til 25 % heildarkostnaðar. Til að gefa dæmi þá kostar kennslustundin u.þ.b. 2.530 kr. Mánaðargjald er átta svona stundir og þá er allt innifalið. Einstæðir foreldrar fá 30% afslátt.

Við viljum öll skapandi vinnu og þótt við gerum talsvert af slíku viljum við gera meira; reyna eitthvað nýtt á hverju ári. Við viljum samtvinna upplifunina, og vinna meira með skapandi upplifun. Við höfum sýningar af ýmsu tagi á árlegri vorhátíð skólans. Við gerum alltaf eitthvað listrænt fyrir þessar hátíðir og köllum þær þá menningarhátíðir. Samt er vandamálið að ekki er næg upplifun á þessum fyrstu árum. Við tókum t.d. einhverja bók eða þjóð sem þema og vinnum í gegnum hana. Við reynum að virkja foreldra eins og við frekast getum í þessari þemavinnu.

Leikskólinn sem lýst er í svipmynd 1.9.4 er fremur stór, 140 börn. Skólinn leggur mikla áherslu á listir, umhverfismennt og að ímyndunaraflíð sé þroskað. Haldið er saman möppu um þroska og framfarir hvers barns - þetta er gert á mjög hugmyndaríkan hátt. Skólinn er í samvinnu við aðra leikskóla um að efla skapandi nám. Starfsfólkinu finnst mikil skortur á framhaldsnámi fyrir starfandi kennara. Sérstaklega nám sem gæti hjálpað kennurum að efla færni sína og þroska sköpunarkraft barnanna í gegnum listir. Leikskólastjórinn gagnrýndi einnig niðurskurð í æfingakennslu í kennaranáminu, einkum varðandi listrænt starf og samskiptahæfni.

Svipmynd 1.9.4 Næstum allt sem við gerum tengist listum

Í leikskólanum eru 140 börn og hann er staðsettur í hverfi þar sem búa ungar fjölskyldur með lágar tekjur. Skólinn aðhyllist leitandi aðferðafræði sem gengur út frá að börn læri í gegnum leik og starf - læri með því að gera. Nærumhverfið er mikið notað sem og skógur í nágrenninu.

Börnin eru hvött til frumkvæðis og til að nota eigin úrræði og þrátt fyrir ungan aldur eiga þau auðvelt með að vinna með lím, skæri og liti. Tónlistarkennari starfar við skólann og áhersla lögð á tónlist og dans. Börnin smíða eigin hljóðfæri og nota efni og hluti sem þau finna í umhverfinu eða er á annan hátt tiltækt. Daglega er leikið utan dyra í minnst þrjá tíma og 15 mínútur notaðar í samsöng. Sígild tónlist og ævintýri eru líka leikin á meðan börnin vinna og leika sér.

Foreldradagur er haldinn fjórum sinnum yfir árið og „konu-“ og „karladagur“ tvisvar. Mappa eða skýrsla er haldin um þroska hvers barns.

Þótt grunnskóli sé í næsta húsi hefur gengið erfiðlega að koma á miklum tengslum. Leikskólastjórinn útskýrir: „Við heimsækjum grunnskólann ekki nóg. Þeir hafa ekki tíma fyrir okkur. Stundaskrá þeirra er mjög stíf og þau hafa ekki tíma fyrir okkur.“ Foreldrasamtökin leggja árlega út fyrir listflutningi og heimsóknir listamanna í skólann. Þessar heimsóknir kosta yfirleitt um 40.000 kr. Foreldrarnir velja að greiða fyrir þennan listflutning.

Við höfum kynnt ljósmyndun í skólanum. Við förum líka mikið út með börnin. Strætisvagnar eru ókeypis svo við förum í áhugaleikhús, á bókasafnið og til að hlusta á Sinfóníuna. Notast verður við það sem býðst í umhverfinu. Foreldrar barnanna eru mjög jákvæðir.

Næstum allt sem við gerum tengist listum. Börnin læra í gegnum listirnar. Listir eru eðlilegu hluti hversdagsins. Frjáls leikur er afar mikilvægur. Börnin læra að velja og hafna. Við hvetjum börnin til að nota ímyndunaraflíð. Það sem þau gera byggist alltaf á þeirra eigin hugmyndum. Listir eru mikilvægur samskiptamáti.

Ég er viss um að leikskólinn er mest skapandi skólastigið. Í leikskóla eru

börnin frjáls að þreifa sig áfram með alla hluti. Grunnskólakennarar geta lært mikið af leikskólakennurum. Kennara sækjast eftir að koma hingað. Þetta er góður vinnustaður þar sem maður getur látið hugmyndir sínar þróast. Ég legg mig fram um að styðja starfsfólkið og við hvetjum til og styðjum skapandi vinnu. Þessi góði andi hefur jákvæð áhrif og dreifist um allan skólann. Í bænum eru sex leikskólar og við deilum reynslu okkar. Árlega eru tveir starfsdagar og þá getum við haft fundi og t.d. fengið einhvern til okkar frá háskólanum. Slíkt er þó dýrt, getur kostað 120.000 kr. fyrir fjögurra tíma námskeið. Við reynum því eins og við getum að nota þá krafta og hæfileika sem hér eru fyrir. Við nýtum okkur líka námskeið sem bærinn býður sem kosta aðeins um 30.000 kr. Það eru þó mjög fá námskeið í listum. Þó bauðst námskeið sem hét „*Dans fyrir börn*“.

Loks lýsir svipmynd 1.9.5 leikskóla sem starfar eftir hugmyndafræði hjallastefnunnar.⁹ Leikskólinn aðskilur drengi og stúlkur í náminu. Þróað matskerfi er notað og oft farið með börnin á listasýningar. Sérmenntaðir listgreinakennarar vinna með börnunum í listum.

Svipmynd 1.9.5 Við gefum nemendum frelsi til að móta eigin veruleika

Leikskólinn er hjallastefnuskóli. Hugmyndafræðin er íslensk og byggir m.a. á mikilli útveru, og áherslu á að þroska ímyndunarafli barnanna án þess leikföng séu mikið notuð. Drengjum og stúlkum er kennt í aðskildum hópum en einnig eru blandaðir hópar á vissum tímum yfir daginn. Skólinn hefur starfað frá 2007.

Leitast er við að ráða sérþjálfaða kennara auk þess sem listir, tónlist og tölvunotkun er kennd af sérmenntuðum kennurum. Börnin eru hvött til að vinna með almennan efnivið og nýta umhverfið sem mest, hvort heldur er inni við eða úti.

Börnin fara reglulega á sófn og sýningar.

Leikskólastjórinn lýsir áhrifum þessara aðferða á börnin og kennarana: „Foreldrar segja að börnin tali mun meira, séu rólegri, meira skapandi og forvitnari. Við fáum mikið að heyra að hegðun barnanna hafi batnað. Þau nota rými á skapandi hátt. Það hefur mjög jákvæð áhrif að sleppa leikföngum. Börnin fá að glíma við raunverulega hluti. Þau leika, syngja og dansa á hverjum

⁹ Hjallastefnan er þekktust fyrir að aðskilja kynin í leikskólakennslunni til að frelsa þau frá kynjamaðri staðalímynd og hegðun. Börn í hjallastefnuskóla fá þjálfun sem manneskjur þar sem við trúum því að möguleikar heimsins eigi að bjóðast öllum börnum, drengjum jafnt sem stúlkum. Í hjallastefnunni er notast við það sem hendi er næst í stað hefðbundinna leikfanga og þá trú að félagsfærni sé best þroskuð með jákvæðum agra. Hjallastefnuleikskólar á Íslandi eru nú 10 (Akur, Askja, Ásar, Hjalli, Hólmasól, Hraunborg, Laufásborg, Litlu-Ásar, Litlu-Hjalli og Völlur) og þrír grunnskólar fyrir nemendur að níu ára aldri (í Hafnarfirði, Reykjavík og á Víflsstöðum).


degi. Þau fá fatnað sem þau geta breytt í gervi. Þau búa til brúður. Kennarar sem koma í heimsókn taka eftir hve börnin eru jákvæð í garð hvert annars.“

„Starfsfólkið vinnur náið saman. Börnin eru stillt og sjálfstæð og hafa góða sjálfsmynd. Stundum eru þó viðbrigði fyrir börnin að fara í grunnskóla. Eitt foreldri sagði við mig: „Sonur minn varð mjög fljótt leiður í grunnskólanum. Hann varð sinnulaus um suma hluti.“ Við gefum nemendum frelsi til að móta eigin veruleika.“

„Kennslan í leikskólanum er tilraunakennd og þannig er ákveðin gjá á milli leikskólans og grunnskólans.“

Hvað varðar úrbætur í leikskólum sýnir tafla 1.9.6 að bætt kennaramenntun er helst nefnd en einnig aukið samstarf við fólk, fyrirtæki og stofnanir utan leikskólans.

Mynd 1.9.6 Umbætur í leikskólum



1.10 Grunnskólar

- Í nær öllum grunnskólum starfa sérmenntaðir myndmennta-, textíl- og smíðakennarar. Aðbúnaður og tæki eru góð. Sérmenntaður tónmenntakennari er í meirihluta skóla og dans og leiklist kennd á stöku stað.

Í flestum skólum eru listir og menning skyldugreinar í 2.-8. bekk. Þótt fyrirkomulag kennslunnar sé með ýmsu móti eru almennt sérstakir tímar í myndmennt, tré- og málmsmíði, textíl og saumaskap, matreiðslu og tölvuvinnu.

Meirihluti skóla kennir auk þess tónmennt og sums staðar er kenndur dans (oftar en ekki í lotum fremur en fast allt skólaárið). Í flestum tilfellum eru þessi

fög kennd af sérmenntuðum kennurum í vel útbúnum, sérhönnuðum kennslustofum. Bekkjum er yfirleitt skipt þannig að helmingur bekksins fer t.d. í matreiðslu á meðan hinn er í smíði. Eftir tiltekinn tíma (t.d. á miðju skólaári) skipta svo hóparnir um fög. Hver grein er vanalega kennd einu sinni í viku, 2 x 40 mínútur.

Skortur á tónlistar- og danskennurum þýðir að þessar greinar eru sjaldnar kenndar en aðrar listgreinar. Til að bregðast við þessu hafa margir skólar sótt sér þessa þjónustu frá aðilum utan skólanna. Þetta geta verið starfandi listamenn eða kennarar úr tónlistarskóla. Tónlistarskólakennarar kenna oftari yngri bekkjum frekar en að þeir bæti upp skort á tónmennt hjá þeim eldri. Flestir skólanna fá að auki ýmsa listamenn í heimsókn yfir skólaárið. Sem dæmi hafði einn skólinn ráðið leikstjóra til þess að vinna með 8 til 10 ára nemendum að árlegu skólaleikriti.

1.11 Framhaldsskólar

- Framhaldsskólanemendur hafa úr að velja fjölda valáfanga.
- List- og menningarstarf sem nemendur sjálfir standa fyrir er vinsælt og í sumum tilfellum metið til eininga.

Nám í framhaldsskóla er valkvætt. Allir sem náð hafa 18 ára aldri eiga þótt rétt á framhaldsskólamenntun. Hefðbundinn framhaldsskóli er fjögur ár, fyrir nemendur frá 16 til 20 ára, þó nemendur geti verið á öllum aldri. Framhaldsskólum má skipta í fjóra flokka:

- Menntaskóli - fjögurra ára almennt nám sem lýkur með stúdentsprófi
- Fjölbrautaskóli - blanda bóknáms og starfsnáms þar sem fjölbreyttar námsbrautir leiða til prófs í verk- og iðnnámi auk þess sem nemandur geta lokið stúdentsprófi
- Sérskóli – námsbrautir fyrir sérhæfðar iðn og verkgreinar, þ.m.t. listaskólar sem bjóða upp á námsbrautir á framhaldsskólastigi

Nokkrir framhaldsskólar á Íslandi hafa sérstakar listnámsbrautir eða valáfanga í listum. Eftirfarandi svipmynd gefur dæmi um slíkan skóla:

Svipmynd 1.11.1 Við erum mjög stolt af þessari deild

Í skólanum eru 300 nemendur á aldrinum 16 til 20 ára. Um þriðjungur er á listabraut. Á yfirstandandi önn eru t.d. 90 nemendur á listabraut. Brautin er öllum opin, líka nemendum með sérþarfir. Hér eru nemendur sem stefna á fjölbreytt háskólanám. Í sjónlistum eru nú um 20 nemendur, 15 í textíl auk þess sem fjöldi valnámskeiða stendur nemendum til boða yfir tveggja ára tímabil.

Nemendur taka listabraut samhliða stúdentsbraut. Flestir ljúka náminu á um þremur árum. Sem stendur eru aðeins tveir kennarar í myndlist. Listnámskeiðin taka til grunnatriða í sjónlistum, teikningu, málun, listi og form, list og menningu. Námskeið í listasögu er hægt að taka í fjarnámi líkt og grafíska hönnun og arkitektúr. Nemendur geta valið þá braut sem best hentar.

Við kennum svoltið um sögu hönnunar er erum einnig í samvinnu við önnur námskeið um fjarkennslu. Það eru einna helst nemendur í upplýsingatækni og miðlun sem velja sum af valnámskeiðum okkar. Nú taka t.d. sjö nemendur hönnunarnámskeið í fjarnámi. Við erum í samvinnu við þrjá aðra skóla þar sem okkar sérsvið er textíll. Við fylgjum útgefinni námskrá og bjóðum einnig grunnnám fyrir klæðskera og fyrir fullorðna. Við hvetjum hönnuði sem hafa útskrifast frá okkur til að koma og ræða við nemendur. Einnig hvetjum við okkar nemendur til að vera virkir í faginu, t.d. með því að hanna fyrir uppfærslur leikrita í skólanum.

Í skólanum er sterk hefð fyrir listum og nemendur vinna einnig ýmis listræn verkefni utan skólans. Persónulega held ég þó að betra væri ef við gætum opnað skólann meir. Til dæmis fyrir nemendum með fjölbreyttari bakgrunn og reynslu. Slíkt myndi breikka nemendahópinn. Við höfum þrengri fjárhag í ár svo við þurfum að draga saman.

Stefnan er líka að breytast svo við erum áhyggjufull yfir framtíðinni. Ég vildi blanda greinum meira sem hingað til hefur ekki verið mögulegt. Fjárveitingin er aðeins helmingur af því sem ég fór fram á, aðeins 30 milljónir yfir árið en ég held mínu striki. Ég verð að komast af með þetta. Allir hafa þrengri fjárhag núna. Ég mun komast af með hjálp frá samfélaginu en á annan hátt en áður. Ég er að skoða verkefni sem snúast um menningarsamvinnu. Við tökum þegar þátt í slíku verkefni við Írland og öðru við Noreg. Mín skoðun er að grunnnámskeið í listum og hönnun séu góður inngangur að ýmsum öðrum námskeiðum. Í grunninn höfum við fjóra kjarna í listum: sjónlistir, leiklist, bókmenntir og tónlist.

Staðarlistamenn eru eitthvað sem við erum fylgjandi. Þeir koma erlendis frá; sem stendur er hér listamaður frá Írlandi. Við sendum nemendur okkar líka til utan í tengslum við samvinnuverkefni. Nýlega sendi ég nemanda á sjónlistahátíð. Ég reyni að finna tækifæri fyrir okkar nemendur að vinna með öðrum nemendum, slíkt minnkar líkur á einangrun. Til dæmis unnu nemendur frá Arizona, Noregi og Írlandi saman að gerð stuttmyndar. Við höldum líka sýningu þar sem 100 listamenn sýndu ljósmyndir.

Skipulag okkar er mjög sveigjanlegt. Listamenn koma mikið í heimsókn og við erum í samvinnu við félagsmiðstöð. Það er gamalt sláturhús sem nú er ungmennahús og menningarhús. Þar höldum við sýningar. Nemendur eru á leið Ítalíu í tvær vikur til að upplifa Sikiley. Ferðin er farin sem hluti ákveðins verkefnis. Nemendur borga 1.500 evrur hver, við skrifum skýrslu og setjum

greinar á vefinn. Við getum ekki farið árlega í svona ferðir; nemendur hafa ekki efni á því. Við erum stolt af deildinni og álitum hana mikilvæga fyrir samfélagið. Við vinnum mikið með starfsemi í miðbænum og hátíðum ýmsum sem eru algengar.

1.12 Tónlistarskólar

- Á Íslandi er umfangsmikið kerfi tónlistarskóla sem sveitarfélögin kosta.
- Aðsókn í tónlistarskóla minnkar hlutfallslega á unglingsárum.
- Nám í tónlistarskólum er almennt byggt á klassískri tónlist og hefðbundinni hljóðfærakennslu (einkatímum).
- Tónlistarskólar ættu að vinna meira með nálægum grunnskólum.
- Rannsaka þarf hóp- og einstaklingskennslu í hljóðfæraleik og söng og skoða hvaða áhrif þessi mismunandi kennsluform hafa á nemendur, mætingu, ánægju og gæði kennslunnar.
- Kanna þarf áhrif námskostnaðar í tónlistarnámi og varast óæskileg áhrif á aðsókn og aðgengi.

Á Íslandi er umfangsmikið kerfi listaskóla sem starfa utan hefðbundins skóla-tíma. Annars vegar eru tónlistarskólar sem bjóða umfangsmikið hljóðfæra- og/ eða söngnám. Þessir skólar njóta mikils opinbers stuðnings. Hins vegar starfa einkaskólar sem kenna myndlist, dans, leiklist, handverk og ýmis önnur listform. Þessir skólar njóta almennt ekki opinberra styrkja heldur eru reknir af námsgjöldum. Þessu til viðbótar fer fram listrænt starf í félagsmiðstöðvum og á vegum kirkna svo dæmi séu tekin. Þessi starfsemi er oft ókeypis og tekur til ýmissa listgreina og listræns starfs. Áhugastarf í listum er öflugt á Íslandi og kórar, áhugaleikhópar og lúðrasveitir eru vinsælar. Þessi starfsemi er um allt land þannig að jafnvel fámenn þorp hafa með þessum hætti aðgang að listum.


Af þessum skólum hafa tónlistarskólarnir sérstöðu. Þeir eru flestir og kenna hljóðfæraleik, söng og greinar á borð við tónfræði og tónlistarsögu. Vinsælustu hljóðfærin virðast vera gítar og píanó þó þetta geti verið breytilegt frá einum skóla til annars. Vísbendingar eru um að skólarnir stýri að einhverju marki kennslunni í átt að hefðbundnum hljóðfærum (e.t.v. vegna kennaraskorts). Þessar takmarkanir virðast sérstaklega koma við gítar og trommunám ef marka má eftirfarandi athugasemd frá tónlistarskólastjóra: „Rokktónlist höfðar sterkar til drengja. Við þorum ekki að bjóða gítarkennslu því allir nemendur myndu þá velja það hljóðfæri.“

Fyrsti vísir að tónlistarskóla á Íslandi var stofnaður á Ísafirði 1911 og starfaði í nokkur ár. Elsti tónlistarskóli sem starfað hefur samfelld er Tónlistarskólinn í Reykjavík, stofnaður 1930. Árið 1963 voru sett lög um tónlistarskóla.¹⁰ Lögnum

¹⁰ Sett af Gylfa Þ. Gíslasyni, menntamálaráðherra 1956-1971.

var breytt 1975 þannig að launum kennara var skipt til helminga á milli sveitarfélaga og ríkis. 1989 færðust svo tónlistarskólar að fullu yfir til sveitarfélaganna. Aðrir listaskólar sem orðið hafa til í árunna rás njóta ekki stuðnings á borð við tónlistarskóla. Tónlistarskólarnir njóta því sérstöðu í menntakerfinu, miðað við aðra listaskóla, og almennt mikils velvilja í samfélaginu. Opinber námskrá er gefin út fyrir tónlistarskóla auk þess sem matskerfi er starfrækt (prófanefnd tónlistarskóla). Tveir tónlistarskólar af hverjum þremur hafa auk þess sérstaka skólanámskrá. Námskrár skólanna eru almennt vel aðgengilegar foreldrum og öðrum áhugasömum á vef skólanna en um 60% tónlistarskólanna birta námskrá sína á vef skólans. Mynd 1.12.1 sýnir hvaða upplýsingar skólanámskráar hafa að geyma.


Mynd 1.12.1 Upplýsingar í skólanámskrá tónlistarskóla



Kennsla í tónlistarskólum gengur vanalega út frá hljóðfærakennslu og hefðbundinni klassískri tónlistarhefð. Þó könnunin gefi til kynna að tónlistarskólakennarar taki tillit til tónlistarmekks nemenda (mynd 1.12.4), virðast kennararnir í raun velja þá tónlist sem nemendur leika og taka þá mið af hefðbundnum verkalistum og tæknilegri færni nemandans. Mynd 1.12.4 sýnir svör við spurningunni: „Hversu mikilvægt þykir þér að eftirfarandi tónlistarstefnur séu kenndar í þínum skóla?“

Mynd 1.12.2

Viðhorf skólastjórnenda til kennslu ólíkrar tónlistartegunda í tónlistarskólum



Mynd 1.12.2 sýnir að popp, rokk, og heimstónlist er tónlistarstíll sem síður er kenndur í tónlistarskólum en klassísk tónlist og djass. Yfir 80% svarenda þótti skipta miklu eða mjög miklu máli að vestræn, klassísk tónlist væri kennd í þeirra skóla. Tónlistarskólar leggja megináherslu á klassíska tónlist en þessi tónlistarstíll var aðeins 4,4 % af útgefnum hljóðritunum á Íslandi 2007.¹¹ Til samanburðar flokkast 82, 4% útgefninga hljóðrita þetta ár sem dægurtónlist. Tíu árum fyrir var hlutfall dægurtónlistar 73,2% sem gefur til kynna næstum 10% vöxt. Á sama tíma lækkar hlutfall klassískrar tónlistar úr 5,1%. Þótt færa megi rök fyrir því að menntun í klassískri tónlist leiði til árangurs og frumleika í framleiðslu dægurtónlistar eru dæmi um þetta ekki áberandi og flutningur á milli stíltegunda í listum er yfirleitt ekki algengur. Eftirfarandi er haft eftir tónlistarskólastjóra sem efast um áherslur tónlistarskólanna:

Djass- og popptónlist fær minna vægi en klassíkin. Þetta er að sumu leyti undarlegt þar sem meiri vinnu er að hafa í popptónlist auk þess sem dægurtónlist skipar mun stærri sess hjá ungu fólki. Margir unglingar verða afhuga tónlist þegar þeir þurfa að læra tónfræði. Tónfræði ætti að kenna þegar á þarf að halda og nemendur eru móttækilegir. Að mínu mati fá nemendur ekki næga þjálfun í tónheyrn.

Algengast er að börn í tónlistarnámi mæti í tvo 30 mínútna tíma á viku. Börn eru hvött til að sækja hlustunartíma eða taka þátt í samspili og flestir skólar gera kröfu um að nemendur læri tónfræði ef þeir hafa lokið áfangaprófi. Kennd er klassísk

¹¹ Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is.

tónlist þótt djass eða rytmísk tónlist hafi sótt á seinni árin í sumum skólum. Yfirleitt læra börn á píanó, fíðlu eða önnur strengja- og blásturshljóðfæri. Gítar og slagverk eru líka vinsæl og einnig er hægt að læra söng. Áhugi nemenda og hvaða kennarar eru tiltækir ræður mestu um hvaða greinar eru í boði.

Til viðbótar við hljóðfæranámið bjóða flestir tónlistarskólar aukalega ýmsar greinar eða viðburði, reglulega eða tilfallandi - t.d. kór, samspil, þátttöku í leikriti eða söngleik. Oftast er um að ræða ókeypis þátttöku. Margir tónlistarskólar, sérstaklega þeir stærri, halda úti forskólakennslu, annaðhvort sjálfir eða í samvinnu við grunn- eða leikskóla.

Erfitt er að meta hlutfallslegan fjölda barna og unglunga sem stunda nám í tónlistarskóla á hverjum tíma. Ef marka má þá staði sem heimsóttir voru í þessari rannsókn gæti fjöldinn verið frá 8-10% upp í um 40% eins og á Ísafirði - þar sem 205 af 500 nemendum grunnskólans stunduðu líka nám í tónlistarskólanum. Fjöldinn er gjarnan mestur þar sem tónlistarskólinn er í nánum tengslum við grunnskólann. Dæmi:

Tónlistarskólinn starfar í sama húsnæði og grunnskólinn og börnin fara úr kennslustund í tónlistarnámið. Þetta truflar ekki námið þar sem tímasetningin er breytileg svo þau missa sjaldan úr sömu kennslugrein. Við höfum þrjá kóra fyrir mismunandi aldur. Hér er líka blásarasveit og fyrir jól setjum við saman stórsveit sem spilar fyrir jólasveininn og gesti hans.

Öll börn stunda tónlist, utan bekkjarins, í tónlistarskóla. Tónlistarskólinn er sérstofnun þó hann starfi í sama húsnæði... 80-90% nemenda læra tónlist, læra á hljóðfæri...

Í tónlistarskólum er sterk hefð fyrir einkakennslu þar sem kjarni kennslunnar byggist á fyrirkomulaginu meistari/nemandi. Kennararnir koma víða að úr heiminum og eru oft mjög vel menntaðir. Þó að tónlistarkennarar séu hvattir til að starfa sem tónlistarmenn er kennsla þó í reynd þeirra aðalátvinna. Þeir eru hins vegar oft mjög virkir í tónlistarlífinu, taka þátt tónlistarviðburðum atvinnu- jafnt sem áhugamanna, stjórna kirkjukórum, spila í hljómsveitum, leika á kirkjuorgelið og standa fyrir hátíðum svo dæmi séu tekin. Í öllum þeim skólum sem heimsóttir voru var kennslan leiknimiðuð og nokkuð hefðbundin. Notkun upplýsingatækni var ekki áberandi ef frá er talinn einn vel búinn tónlistarskóli þar sem tölvur voru notaðar við tónfræðakennslu og tónsmíðar.

Tónfræði er mikilvægur hluti tónlistarnáms. Eins og eftirfarandi dæmi sýnir setja sumir tónlistarskólar það skilyrði fyrir áframhaldandi tónlistarnámi að nemendur stundi jafnhliða tónfræðanám:

Við byrjum með Suzuki-aðferðina um þriggja ára aldurinn. Almennt byrja nemendur tónlistarnám þó ekki fyrr en um sjö ára aldur og sækja þá 2x30 mínútna tíma á viku. Tónfræði og tónheyrn byrjar þegar nemendur eru um 10 ára. 16-20 ára nemendur læra að auki tónlistarsögu. Rytmíska deildin kennir djass, með bassa, gítar


og hljómborð. Ef nemendur vilja ekki taka tónlistarnámið alvarlega, taka próf og læra tónfræði, þá biðjum við þá um að hætta til að aðrir komist að. Hér er annar tónlistarskóli sem ekki gerir kröfu um tónfræðanám og nemendurnir geta farið þangað. Sá skóli hefur yfir 100 nemendur en fær hins vegar ekki stuðning frá sveitarfélaginu; foreldrar verða því að borga allan námskostnaðinn. Okkar áhugamál er að þroska hæfileika nemandans. Við kennum samkvæmt námskrá og ætlumst til að nemendur taki próf. Í nemendahópinum vantar aldurinn 12-15 ára. Þetta er erfiður aldur. Þetta fer svolítið eftir því hvernig þeir lærðu. Tónlistarþroski er nátengdur almennum þroska barnsins. Hjá okkur eru bara kenndir einkatímar sem kosta um 63.900 kr. fyrir árið á eitt hljóðfæri. Kennararnir koma víða að frá Póllandi, Eistlandi og Englandi. Íslensku kennararnir hafa allir lært í útlöndum, í Bretlandi, Bandaríkjunum eða Þýskalandi og Frakklandi.

Tónfræðin virðist deilumál í tónlistarfræðslunni. Almenna viðhorfið er að tónfræðanám sé skylda, ekki þó þeirra sem ritstýrðu námskránni. Að þeirra mati eru engin skyldufög. „Nemendur þurfa ekki að taka próf og þeir sem vilja læra tónlist sér til ánægju rúmast vel innan núverandi kerfis.“ Sumir tónlistarskólastjórar eru efins um nauðsyn þess að kenna tónfræði og gagnrýna miklar kröfur sem birtast sums staðar í námskránni eins og í eftirfarandi dæmi:

Við viljum að nemendur hafi gaman af því að spila og að þeir haldi áfram að spila. Kerfið er ekki rétt. Reglurnar segja að nemandi geti ekki haldið áfram í 5. stig nema hann læri tónfræði. Þú ert í þeirri stöðu að skylda 12 ára nemendur til að læra tónfræði, annars hætta þeir. Áherslan á tónfræði, tónstiga og þess háttar er langt yfir strikið. Ég kvartaði við prófanefnd tónlistarskóla yfir því að krafist væri að nemandi á tréblásturshljóðfæri þyrftu að kunna 96 atriði til að geta komist í næsta áfanga. Allir ættu að hafa tækifæri til að stunda tónlist. Jafnvel nýja djass-námskráin... ég get ekki helminginn af því sem þar er krafist! Það er engu líkara en sérfræðingarnir sem skrifa þessar námskrár haldi að þeir séu á hinnum en ekki á jörðu.

Eins og mynd 1.12.3 sýnir telja 98% tónlistarskólastjóra að einkakennsla sé mjög æskileg eða frekar æskileg. 35% þeirra telja hópkenndu mjög óæskilega eða frekar óæskilega. Þessar tölur sýna mjög mikla áherslu á einkakennslu í hljóðfæraleyk og söng í íslenskum tónlistarskólum. Rökin fyrir þessu eru ekki vel útlustuð og virðast í andstöðu við reynsluna, t.d. frá Bretlandi, þar sem sýnt hefur verið fram á að hópkenndu 8-12 ára barna skili jafn góðum eða betri árangri og einkakennsla. Þetta þarf að rannsaka á Íslandi. Hópkenndu getur dregið úr kennslukostnaði og getur því verið æskileg, svo fremi sem gæði kennslunnar minnka ekki.

Mynd 1.12.3 Áhersla á einkakennslu eða hópkenngu í tónlistarskólum



Í öðrum tónlistarskólum var hópkenngu talin æskilegri en fjárveitingarreglur sveitarfélagsins koma með einhverjum hætti í veg fyrir hana. Svipmynd 1.12.4 er frá tónlistarskóla á landsbyggðinni sem vinnur náið með grunnskóla og hefur kannað hópkenngu sérstaklega.

Svipmynd 1.12.4 Börnin eru fljótari að læra

Þetta er stór tónlistarskóli með yfir 540 nemendur í einkatímum og stóra forskóladeild. Kennurinum líkar vel að kenna inni í grunnskólanum og leikskólanum við hlið almennra kennara. Fjármagn kemur til helminga frá einkaaðilum og frá sveitarfélaginu. Í grunnskólanum skipta þeir bekknum í tvo átta manna hópa. Þetta er mjög hagkvæmt og í raun betra en einkakennsla þar sem börnin eru fljótari að læra. Skólastjóri tónlistarskólans útskýrir:

Við reynum að leggja áherslu á samspil. Okkar reynsla er að þannig séu börnin fljótari að læra, jafnvel á píanó. Við kennum líka í einkatímum. Við leyfum kennurinum að velja hvaða kennsluform þeir vilja nota, samkennslu eða einkakennslu. Það virkar mjög vel að gefa val. Sumir kennarar vilja vinna úti í skólunum, aðrir vilja það síður. Þetta fer eftir hæfileikum kennarans og hvernig hann kys að nálgast tónlistarkennslu. Hljóðfærakennsla okkar í grunnskólunum er byggð á blokkflautunni.

Ég hef talað fyrir mun meiri sveigjanleika í tónlistarskólum. Við eigum að treysta mati okkar sem fagmenn, ekki einskorða kennsluna við þessa eða hina aðferðina. Nemandinn er númer eitt. Þess vegna leggur skólinn áherslu á kennslu ungra barna. Kennararnir vinna með hljóðfærahópa og ferðast á milli

skóla. Börnin fá að velja sér hljóðfæri þótt stundum verði að takmarka valið, sérstaklega á fámennum stöðum.

Við erum ekki vel stæð hérna. Ég vil að í hverri viku fái öll börn klukkustund í tónlistarkennslu. Sem stendur er þó aðeins helmingur barnanna sem fær 30 mínútur á viku. Foreldrar borga 58.800 kr. yfir árið fyrir klukkustundar kennslu á viku og 37.300 fyrir 30 mínútur á viku.

Leikskólinn fær tónlistarkennslu án endurgjalds.

Við myndum vilja sjá stefnubreytingu hjá sveitarfélaginu í þá veru að við gætum boði hópkenndu. Þannig fengju börnin meiri tíma og námið yrði ódýrara.

Við könnuðum viðhorf kennaranna og 25 af 35 sögðust vilja kenna hópkenndu á skólatíma. Aðeins 5 af 35 sögðust ekki vilja hópkenndu heldur eingöngu einkatíma.

Okkar starf er að þjóna samfélaginu. Ég myndi vilja breyta þessum skóla í listaskóla í stað tónlistarskóla eingöngu. Ég gæti fært ýmis rök fyrir hvernig það gæti virkað. Fjárveitingar leyfa hins vegar ekki slíkt fyrirkomulag. Ég held að skólinn yrði skemmtilegri ef listunum væri blandað. Ef við hugsum málið þá verður kannski aðeins 1% nemenda okkar tónlistarmenn. Hin 99% þurfa góða listfræðslu.

Í þeim tónlistarskólum sem njóta opinberra styrkja greiða sveitarfélög laun kennara og stjórnenda samkvæmt lögum frá 1989. Laun tónlistarskólakennara taka mið af menntun, reynslu og vinnutíma. Almennt eru launin þó hliðstæð launum grunnskólakennara.

Börn geta byrjað í tónlistarskóla allt niður í 3 ára (forskóli, Suzuki-nám). Algengast er þó að börn byrji hljóðfæranám um 8 ára aldur. Biðlistar eru algengir í tónlistarskólum.

Tónlistarskólar ráða hvaða nám þeir bjóða. Erfitt er að lýsa nákvæmlega því sem boðið er, framboðið er breytilegt á milli skóla en fer líka eftir aldri nemenda í skólanum eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Í leikskóla fá börnin einn 30 mínútna kennslutíma á viku. Sex ára börn fá tvo 30 mínútna tíma á viku í litlum hópum. Sjö ára börn velja sér hljóðfæri, t.d. harmóníku, píanó, fiðlu eða gítar. Átta ára börn fá 60 mínútna einkatíma. Níu ára fá tvo 60 mínútna tíma. Þessi kennsla er öll ókeypis. Níu ára börn fá líka tíma í afrískum trommuslætti - sjö ára börn fá þessa kennslu líka. Þetta er kennsla á skólatíma; heil kennslustund ókeypis. Nemendur eiga líka kost á einkatímum sem foreldrar greiða þá fyrir. Börn í 8.-10. bekk eiga kost á tónlistarvali sem flestir nemendur kjósa þar sem tónlist er mjög vinsæl. Börnin geta sótt um einkatíma í tónlistarskólanum sem fara þá fram á skólatíma. Þessa tíma þarf þó að borga fyrir, um 26.000 kr. fyrir 18

vikur - 60 mínútna einkatími á viku. Alls eru 356 nemendur í tónlistarskólanum. Af þessum hópi tekur yfir helmingur aukalega einkatíma á hljóðfæri.

Þótt tónlistarskólar hafi sögulega haft lítil bein samskipti við grunnskóla er það að breytast. Margir tónlistarskólar eru nú í náinni samvinnu við grunnskóla - stundum líka við framhaldsskóla - og nemendur geta í vaxandi mæli stundað tónlistarnám á skólatíma. Kennarar úr tónlistarskólanum kenna stundum hóp-kennslu í grunnskólanum, eða undirbúningsnám fyrir hljóðfæranám, sérstaklega yngri nemendum. Tónlistarskólakennarar vilja þó síður kenna í grunnskólum sem þeim finnst „erfið vinna og illa borguð“. Grunnskólar eru líka oft „ekki eins vel búnir“ og tónlistarskólar og „styðja tónlistarskólakennara ekki nógu vel“. Eftirfarandi tilvitnun í kennara sem menntar tónmenntakennara undirstrikar ólíka menntun tónmenntakennara í grunnskóla og tónlistarskólakennara sem mest kenna einkakennslu:

Að mínu mati fá tónmenntakennarar betri kennaramenntun en tónlistarkennarar. Við kennum þeim hóp-kennslu og hvernig hægt er að vekja áhuga nemenda. Við tölum líka um hvernig hægt er að ná til nemenda með mismunandi hæfileika. Mér finnst tónlist hafa breyst mikið. Tónlistarnám er þó enn dýrt - eiginlega lúxus. Nemar sem menntaðir eru sem tónlistarmenn eru í raun ekki menntaðir til að kenna í grunnskóla. Að kenna tónlist í einkatíma er allt annað en að miðla tónlist til bekkjar í grunnskóla. Kennarar verða að geta metið nemendur og geta átt við mjög breiðan hóp nemenda. Tónlist þarf að samþætta meira skólastarfinu. Listgreinarnar eru enn einangraðar. Þar hefur ekkert breyst í áratugi. Vandinn er að „samþætting“ er notuð sem afsökun fyrir að minnka kröfur þannig að ekki er hægt að kenna færni af neinu tagi. Þetta er mjög pirrandi. Kjarninn er skorinn niður. Færri tímar fást í fögin og góðir kennarar fást ekki.

Fáeinir tónlistarskólar eru í sama húsnæði og grunnskólinn eða á sömu lóð þannig að nemendur eiga auðvelt með að sækja hljóðfæratímana í tónlistarskólann. Þó að þetta fyrirkomulag hafi almennt mælst vel fyrir hafa sumir tónlistarskólakennarar verið ósáttir með aðstöðu grunnskólans, skort á sérhæfðum búnaði, einangrun frá samkennum og almennt ólíkum skólabrag en þeir eiga að venjast í tónlistarskólanum. Almennur vilji er fyrir aukinni samvinnu grunnskóla og skóla sem starfa utan skólatíma; gagnkvæmt hagræði er augljóst. Slík samvinna getur þó verið flókin fjárhagslega. Þar sem samvinna hefur tekist með tónlistarskóla og grunnskóla virðist sem báðum líki, eins og eftirfarandi svipmynd af tónlistarskóla sem starfar innan grunnskóla gefur til kynna:

Svipmynd 1.12.5 Mjög jákvæð áhrif á skólabrag grunnskólans

Við erum mjög heppin. Skólinn var byggður um þá hugmynd að bókasafnið og tónlistarskólinn væru í miðju skólans.

Við höfum séð mjög jákvæð áhrif á skólabraginn. Tónlistarkennslan er betur skipulögð þegar við erum hluti skólastarfsins. Börnin hafa meiri tíma og foreldrum líkar þetta fyrirkomulag.

Skólastjóri grunnskólans bætir við: Þetta skipulag hefur jákvæð félagsleg áhrif, ekki bara í tónlistinni heldur víðar. Börnin eru ekki feimin. Þau eru sjálförugg og skapandi og ég myndi segja að merkja megí jákvæð áhrif í öllu kerfinu. Nemendur og kennarar sýna meira frumkvæði.

Við höfum líka tekið eftir að það eru bestu nemendurnir sem taka einkatíma í tónlist aukalega. Þeim gengur best í náminu og neikvæð áhrif þess að fara í tónlistarkennslu úr kennslustund eru ekki merkjanleg. Ég sé eingöngu jákvæð áhrif.

Eiginlega höfum við skóla tónlistarmanna. Þau eru einbeittari sem hlustendur, eru skapandi og eiga auðvelt með almenn og persónuleg samskipti. Andrúmsloft og skólabragur er jákvæður. Ég vildi þó að fleiri nemendur héldu áfram í einkatíma í tónlist en aðeins helmingur gerir það.

Ég myndi segja að kjarni skólans væri menning. Hér á ég ekki bara við tónlistarskólann heldur líka unglिंगastarfið sem fram fer utan skólatíma. Ég myndi vilja efla aðrar listgreinar. Leiklist og dans er lítillaga stundaður en þó aðeins sem hluti tónlistarnámsins - aðallega gömlu dansarnir. Við bjóðum talsvert úrval menningartengdra námskeiða fyrir eldri nemendur sem er alltaf mjög vinsælt.

Söngleikur eru uppfærður árlega í 7.-10. bekk. Við ráðum atvinnuleikstjóra til að vinna með nemendum. Þrjár til fjórum sinnum á ári reynum við líka að fá hljómsveit eða djassbanda í heimsókn. Nemendur með sérþarfir eru þátttakendur í öllum bekkjum. Slagverk virkar sérlega vel í vinnu með þeim. Ég tek eftir að þau einbeita sér sterkt þegar þau spila. Þegar meira er um listir í skólanum hvetur það fleiri börn til að stunda tónlistarnám utan skólatíma. Minna en 10% okkar nemenda nú stunda tónlistarnám utan skólatíma, þetta hlutfall hefur þó farið hækkandi.

Við tókum eftir að nemendum í tónlistarskólanum fjölgaði þegar tónlistarkennsla hófst í skólanum. Fiðlukennarinn kemur hingað einu sinni til tvisvar í viku. Börnin fara í spilatíma á skólatíma og þetta hefur hvatt þau mjög. Við höfum ekki merkt neikvæð áhrif. Nemendur í 1. og 2. bekk leika saman á flautu. Tónlistarkennarinn hefur kennt þeim á blokkflautu.


Þótt almennt sé stuðningur við þá hugmynd að tónlistarskólar starfi sem hluti grunnskólans er opinber afstaða Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) sýna að tónlistarnám sé betur komið í sérstökum tónlistarskólum. Kostir séu vissulega samfara því að tónlistarskóli starfi í eða við grunnskóla. Afstaða og aðbúnaður til tónlistarnáms sé þó almennt mun betri í tónlistarskólum en í grunnskólum, auk þess sem „skólabragur og venjur tónlistarskólans megi ekki glatast“. Enn fremur: „Það eru of miklir árekstrar þegar tónlistarkennslan er í grunnskólanum, eilíf vandamál. Andi grunnskólans hentar ekki tónlistarskólanum.“ Að vísu gæti vel hönnuð tónlistarálföld grunnskólanum gengið sem málamiðlun, þar mætti ná því besta úr báðum kerfum. „Við erum til dæmis með verkefni í grunnskóla. Þegar við byrjuðum var bara einn nemandi sem lék á hljóðfæri, nú eru þeir 200. En því miður hefur stuðningur borgarinnar við verkefnið verið skorinn niður.“ FÍH heldur áfram: „Okkar stétt hefur áhyggjur af því að þegar hlutirnir fara að breytast þá sé tilhneiging til að ástandinu hraki yfir línuna. Þetta er reynsla nágrennalandanna. Við óttumst að kerfið verði útvatnað.“ FÍH varar líka við því að ef tónlistarkennarar þurfi að starfa inni í grunnskólum einangrist þeir sem aftur geri þeim erfitt fyrir að starfa sem fagmenn. Ef tónlistarkennsla í skólum á að ganga þurfa minnst tveir kennarar að starfa þar saman. Að þeirra mati ætti tónlistarkennsla í grunnskólum ekki að koma í stað tónlistarskóla í núverandi mynd heldur sem viðbót.

Aðrir tónlistarskólar eru að íhuga nánari tengsl við grunnskóla en benda á ýmsa örðugleika sem þurfi að yfirstíga ef árangur eigi að nást:

Kenna í grunnskólanum... við höfum talað um það en ekkert gert í því enn. Nýrri skólar hafa tónlistardeild. Við erum bara með tvo tíma í grunnskólanum hér í hverfinu. Ég er ekki hrifinn af því. Ef maður kennir í grunnskólanum er ekki hægt að kenna nema grunnatriði. Að vissu leyti væri auðveldara fyrir alla ef krakkarnir gætu komið í spílatíma á skólatíma. Börnin væru þá ekki svona þreytt. Það væri þægilegra bæði fyrir börnin og foreldrana. Það væri líka þægilegt fyrir kennarann sem þá myndi klára kennsluna fyrir á daginn. Þetta kann að vera þægilegt en er klárlega ekki faglegt.

Eins og mynd 1.12.6 sýnir starfa 36% tónlistarskóla í húsnæði í eigu grunnskóla.

Mynd 1.12.6 Húsnæði tónlistarskóla



Einn kostur nánari samvinnu tónlistarskóla og grunnskóla gæti orðið úrbætur í tónlistarnámskrá grunnskóla. Ástandið þar er almennt ekki gott þótt breytilegt sé á milli skóla. Tilfinning manna er að hið öfluga tónlistarskólakerfi valdi því að góðir kennarar fái ekki í tónmenntakennslu í grunnskóla eins og eftirfarandi gefur til kynna: „Svona er tónlist. Hún er samofin tilfinningum. Þess vegna er gjarnan agavandamál [í grunnskólanum]. Kennarar eru störfum hlaðnir og sjá tónlistina ekki sem forgangsmati. Myndlist stendur styrkum fótum í grunnskólanum. Tónlistin er hins vegar almennt í slæmu standi.“

Þótt sveitarfélagið greiði laun tónlistarkennara þurfa foreldrar samt sem áður að greiða umtalsvert fyrir tónlistarnám barnanna sinna. Skólagjöld eru breytileg á milli skóla en þessi könnun gefur til kynna að meðaltalið liggja nálægt 57.000 kr. fyrir skólaárið. Þótt ekki virðist tekið sérstakt tillit til tekna foreldra kunna einstaka skólar að koma með einhverjum hætti til móts við efnaminni foreldra. Gefið var í skyn að foreldrar vildu síður viðurkenna að þeir hefðu ekki efni á að greiða fyrir tónlistarnám barnanna sinna. Áhyggjur af því að fólk geti átt erfitt með að greiða skólagjöld hafa vaxið vegna yfirstandandi efnahagserfiðleika. Skólar hafa enn ekki séð dvinandi aðsókn þótt ýmsir hafi lýst áhyggjum yfir að ástandið gæti versnað er frá liði. Aukin aðsókn í hálf námskennslu kann að vera vísbending um þetta (hálf námskennsla er einn 30 mínútna spilatími á viku í stað tveggja). Einstaka skólastjóri nefndi að foreldrar drægju frekar en áður að ljúka greiðslum skólagjalda eða notuðu greiðslukort. Nauðsynlegt er að fylgjast með þessu atriði sérstaklega næstu misserin. Hugsanlega þyrfti að koma á fót

einhvers konar styrkjakerfi svo börn af efnaminni heimilum fari ekki á mis við tónlistarnám.

Tónlistarkennarar á Íslandi erum mjög alþjóðlegur hópur. Ef marka má þá skóla sem heimsóttir voru mætti ætla að meirihluti kennara væri af erlendu bergi brotinn. Fullyrt er að þessir erlendu tónlistarmenn auðgi tónlistarfræðsluna með alþjóðlegri reynslu og almennt miklum músíkölskum gæðum. Þetta fólk aðlagst fljótt íslenska kerfinu og leggi umtalsvert til menningarinnar. Eftirfarandi er lýsandi fyrir ástandið almennt: „Fjórir af níu kennum hjá okkur eru útlendingar. Tveir koma frá Ungverjalandi, einn frá Bandaríkjunum og einn frá Bretlandi. Þeir hafa allir verið hér í a.m.k. tíu ár. Þeir eru miklu sveigjanlegri.” Tónlistarskólakennarar treysta oftast á að kennslan gefi föst laun þótt þeir starfi e.t.v. í tónlistargeiranum með ýmsum hætti. Spurningunni um hvort tónlistarkennarar líti á sig fremur sem kennara en tónlistarmenn er ekki auðsvarað eins og eftirfarandi er dæmi um:

Þetta er snúin spurning. Margir myndu vilja sinna tónlistinni í fullu starfi en verða að kenna til ná endum saman. Í þessum skóla eru flestir kennarar að aðalstarfi. Margir þeirra spila þó með Sinfóníunni í bænum. Það getur verið erfitt að samræma kennslu og fulla atvinnu sem hljóðfæraleikari.

Flestir tónlistarkennarar á minni stöðum verða að taka þá vinnu sem til fellur til að geta lifað. Þeir stjórna kirkjukórnum, kenna í tónlistarskólanum, bjóða einkatíma, taka þátt í sumarhátíðum og jafnvel alþjóðlegum tónlistarverkefnum.

Svipmynd 1.12.7 lýsir tónlistar- og listaskóla sem er frábrugðinn flestum íslenskum tónlistarskólum sem heimsóttir voru sem hluti þessarar úttektar.

Svipmynd 1.12.7 Hér er þetta allt öðruvísi

Hópur þriggja ára barna lærir tónlist með foreldrum sínum. Skólinn er í húsnaði sem virðist til bráðabirgða. Bekkurinn er talsvert fjölmennur. Kennarinn hefur skrifað bækur um hvernig kennarar og foreldrar í sameiningu geta kynnt tónlist fyrir börnunum.

Skólinn er 25 ára gamall og fær ekki opinberan stuðning. Foreldrar greiða fyrir kennslu barnanna. Börn og foreldrar vinna saman og ýmis námskeið eru í boði. Yngstu nemendurnir eru um þriggja ára og þeir elstu um átta ára. Unglingar sækja líka í skólann og kennararnir eru virkir í faginu.

Skólinn er lítill og plássíð eftir því. Kennarar eru vandlega valdir. Líka er leitast við að blanda saman kynslóðum þar sem barn, foreldri og afi (eða amma) vinna hlið við hlið.

„Hér er í boði sérstök námskeið fyrir unglunga, afar vinsæl, frá leiklist yfir í afródans. Alls konar dans er í boði, t.d. hiphopp og djass. Við reynum að bjóða fjölbreytt námskeið til að höfða til sem flestra.“

Við fáum líka inn kennara frá útlöndum til að bjóða áhugaverð námskeið. Á þessu námskeið þarf að skrá sig sérstaklega. Skólinn hefur nokkrum sinnum orðið nær gjaldþrota.

Þriggja mánaða námskeið kosta um 17.000 kr.; börnin koma þá einu sinni í viku. Kennt er í hóptímum, um 12 nemendur á hvern kennara. Námsgjöld í tónlistarnámið hafa haldist óbreytt í nokkur ár.

Á síðasta ári, frá efnahagshruninu, hefur aðsókn unglunga dregist saman um 50%. „Það er áhugavert að foreldrar taki nám yngri barnanna fram yfir unglunganna. Það eru biðlistar eftir plássu fyrir þriggja, fjögura, fimm og sex ára börn en unglunga vantar í nám.“ Eins og er vantar kennara til að hægt sé að anna eftirspurn.

„Hér er þetta öðruvísi. Við fylgjum ekki endilega námskránni, kennararnir hafa svigrúm. Við vinnum mjög náið saman og getum blandað saman greinum. Dans, tónlist og sjónlistir geta t.d. unnið saman. Við vinnum mikið með börnum með sérþarfir og ungu fólki. Hér er leikhópur þar sem þátttakendur hafa Downes-heilkenni og það er ótrúlegt hvað þau geta gert. Danskennarinn sem lærði í Þýskalandi vinnur líka mikið með spuna. Hingað koma kennarar úr öllum heimshornum. Einn kennaranna hætti og stofnaði eigin skóla. Hann var menntaður í Stokkhólmi og sérgrein hans var skapandi dans. Við reynum að sjá til þess að nemendur okkar komi fram í útlöndum og ég held við höfum gert talsvert til þess að kynna það sem er að gerast á Íslandi. Við höldum oft sýningar fyrir foreldra þó að það sé ekki aðaláherslan vegna þess að nú er það frekar ferlið sem skiptir máli, ekki útkoman.“

„Við vorum með mjög flott Shakespeare-verkefni, unglungunum (12 og 13 ára) þótti frábært að flytja Rómeó og Júlíu. Strákurinn sem lék Rómeó var heyrnarlaus. Margir úr þessum hópi hafa haldið áfram og vinna nú í leikhúsi. Nemendurnir eru mjög ánægðir með það sem þeir fá hér. Við þurfum næstum að fleygja þeim út; þeir vilja ekki fara heim. Þeir hafa virkilega þörf fyrir skapandi vinnu.“

„Við höfum reynt að leggja til málanna hvað varðar kennaramenntun. Ég lagði til að við myndum vinna í kennaramenntun því ég held þar sé úrbóta þörf. Við höfum reynt en þetta hefur verið skorið af kennaramenntuninni. Við höldum t.d. fimm vikna námskeið einu sinni á ári en nú hefur það verið lagt niður. Nú fá kennaranemar bara þjóðdansa og cha-cha.“

„Það er mjög nauðsynlegt að meira sé gert í kennaramenntun. Öll skapandi hugsun er dauð núna. Gömlu kennararnir er í raun meira skapandi en þeir ungu - Vá, það er ótrúlegt hvað þið getið gert, segja ungu kennararnir.“

„Við höfum reynt að halda fjögurra daga sumarnámskeið fyrir íslenska kennara þar sem við fáum leiðbeinendur að utan, óhefðbundna kennara af ýmsu tagi, fólk sem vinnur með tónlist og hreyfingu, rithöfunda, leikstjóra o.s.frv. Um 30 kennarar koma árlega, um helmingur þeirra úr leikskólanum.“

Það er áhugavert að við skulum fá svona miklu meiri áhuga frá kennurum yngstu barnanna. Leikskólakennarar eru miklu meðvitaðir um gildi listanna en grunnskólakennarar. Þetta er samt skrítið því skólarnir hafa fjárveitingu til endurmenntunar starfsfólks og þeir leita að einhverju til að bjóða kennurum, leita að innblæstri. Á hinn bóginn er erfitt fyrir kennara að fá fjárstuðning. Það er mótsagnakennt en fleiri erlendir kennarar en íslenskir sækja þessi námskeið. Þetta á sérstaklega við um hagnýt námskeið eins og Orff. Eitt sinn komu 60 kennarar og við áttum í basli með að koma þeim öllum að. Námskeiðið stóð yfir helgi og það var æðislegt. Við höfum haft námskeið með 100 þátttakendum.“

1.13 Listaskólar og dansskólar

- Ýmislegt er í boði fyrir þá sem vilja læra myndlist, handverk eða dans utan hefðbundins skólatíma.
- Áhugaleikhús, hljómsveitir og kórastarf er líka í boði.
- Sveitarfélögin styrkja þessa starfsemi ekki til jafns við tónlistarskólana.
- Tónlistarskólar ættu að skoða þann möguleika að útvíkka námsframboð sitt til fleiri listgreina en tónlistar.

Þótt tónlistarskólar séu margir, og í miklum meirihluta, er myndlist, leiklist og dans líka í boði fyrir börn eftir skólatíma. Flestir dans- og myndlistarskólar eru einkareknir og njóta ekki opinberra styrkja til jafns við tónlistarskóla.

Nokkur dæmi eru um tónlistarskóla sem hafa útvíkkað námsframboð sitt og kenna sjónlistir, leiklist og dans. Þó að þetta fyrirkomulag sé vinsælt bæði hjá börnum og foreldrum („Öll börn vilja koma fram. Við eigum að bjóða fleiri listgreinar.“) hefur opinber stuðningur ekki haldist í hendur við þessar breytingar. Aðeins tónlistarkennsla nýtur stuðning hins opinbera. Foreldrar verða yfirleitt að greiða að fullu fyrir námsframboð í öðrum listgreinum. Sumir tónlistarskólastjórar hafa lýst vilja til að geta boðið breiðara nám í líkingu við það sem tíðkast hjá öðrum norrænum ríkjum:

Ég myndi vilja sjá fleiri almenna lista- og menningarskóla (líkt og í Finnlandi) en ekki bara tónlistarskóla. Almennur listaskóli ætti að vera á hverju svæði að minnst kosti. Jafnræði ætti að vera í stuðningi við list en ekki bara tónlist. Í raun er mjög lítill stuðningur við önnur listform. Börnum er ekki boðið nógu fjölbreytt listnám í grunnskólum. Góðir kennarar vilja ekki kenna tónlist eða dans í grunnskólum.

Að mínu mati eiga skólar að veita breiða menntun. Nemendur þurfa læra að meta listir. Við erum í skólanefnd tónlistarskólans. Ég myndi vilja breyta honum í lista-skóla, stofna deildir í myndlist, dans og leiklist en ég held samt að það muni ekki gerast.

Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) er á móti því að tónlistarskólar séu breikkaðir þannig að þeir nái til fleiri listgreina:

Afleiðingarnar myndu verða þær að börn gerðu lítið í mörgu. Tónlist er flókin og erfð. Til að ná árangri þarf einbeitingu og aga. Fjölbreyttara framboð kann að vera gott félagslega en gæði tónlistarfræðslunnar myndu minnka. Allir kennarar í tónlistarskólum eru vel menntaðir. Þeir hafa e.t.v. ekki sérmenntun sem kennarar en þeir eru tónlistarmenn og hafa oft stundað framhaldsnám erlendis. Þverfagleg listfræðsla, þar sem listunum er blandað, er tíska - della sem gengur yfir. Tónlist er sérgrein og við erum gamaldags og tortryggin. Tónlist er ekki fyrir alla. Hún er eins og fjall, til að hár tindur sé mögulegur þarf breiðan grunn.

Fáeinir listaskólar eru að verða til vegna þrýstings frá umhverfinu. Þeir eru að byggjast upp í gegnum sjálfbóðaliðastarf og stuðning einkaaðila eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Skólinn greiðir fyrir einn myndlistarkennara (málara). Leiklistarkennslan er rekin af sjálfbóðaliðum. Deildir eða svið skólans eru meira og minna sjálfstætt rekin undir nafninu „Listaskóli“. Deildarstjórnir, þeir sem stýra hverju sviði, hittast mánaðarlega til að skipuleggja sameiginleg verkefni. Í vor ætluðum við að setja upp söngleik en urðum að fresta honum um ár vegna efnahagsástandsins. Bankar og fyrirtæki hafa stutt skólann, kannski um 500.000 hvert. Uppfærsla á söngleik myndi kosta 4-5 milljónir í allt, aðgangur yrði ókeypis fyrir almenning. Síðustu vikuna í febrúar förum við út í bæ og spilum fyrir fólk - á elliheimilum, í grunnskólum, fyrir fatlaða, o.s.frv. Dans er ekki kenndur enn sem komið er en vonandi tekst okkur að bæta úr því fljótlega. Nýr framhaldsskóli verður byggður í bænum á næsta ári með áherslu á listir, útivist, náttúruna, bókmenntir og íþróttir.

Námsframboð í þessum sjálfstæðu listaskólum er mjög fjölbreytt. Þar sem kenndar eru sjónlistir er sums staðar lögð áhersla á tækni, handverk og skapa til verk til að sýna. Annars staðar er upplifun og fjölbreytni í fyrirrúmi - kvikmyndagerð, teikning, málun og skúlptúr svo dæmi séu tekin. Skartgripasmíði og keramik er líka í boði og handverk, sérstaklega textíl. Framboðið fer gjarnan eftir áhuga og eftirspurn eða því hvaða kennslukraftar eru til staðar. Þar sem dans er kenndur er helst um að ræða klassískan ballett eða djass ballett. Sumir skólar bjóða þjóðdansa og samkvæmisdansa. Leiklistarkennsla er gjarnan í nánnum tengslum við áhugaleikfélag þar sem leikrit og söngleikir eru settir upp. Listaskólarnir hafa oft aldursblandaða hópa, jafnvel með þátttöku fullorðinna.

Rektor Listaháskóla Íslands bendir á hve ólíkt aðgengi er að tónlistarskólum og skólum sem kenna önnur listform:

Myndlistarskólarnir eru miklu færri, flestir þeirra námskeiðaskólar þar sem í bland fara námskeið fyrir börn og fullorðna. Myndlistaskólinn á Akureyri sker sig úr þar sem hann skilgreinir sig að stórum hluta á háskólastigi. Myndlistaskólinn í Reykjavík

er allhiða skóli sem m.a. rekur öflugt aðfararnám til undirbúnings háskólanámi. Báðir skólarnir fá styrki frá ríki og bæ.

Einn kvikmyndaskóli er rekinn á Íslandi, Kvikmyndaskóli Íslands. Hann fær sínar helstu tekjur af skólagjöldum. Skólinn er einkaskóli og starfar með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskólanna. Listdansskóli Íslands er eini listaskólinn sem rekinn er beint af ríkinu. Skólinn sinnir bæði grunn- og framhaldsmenntun. Nemendur úr Listdansskólanum hafa myndað kjarnann í þeim hópi dansara sem nú halda uppi íslensku danslífi. Leiklistin er út undan, hvergi er boðið upp á samfellt undirbúningsnám í þeirri grein þótt ítrekaðar tilraunir hafi til þess verið gerðar.¹²

Flestir listaskólanna hafa sprottið úr grasrótastarfi og aflað sér vinsælda með áhugaverðu og fjölbreyttu námsframboði. Einstaka skóli nær að festa sig í sessi og öðlast með tímanum opinberan stuðning eins og eftirfarandi svipmynd sýnir:

Svipmynd 1.13.1 Markmið er að bjóða eitthvað fyrir alla ...

Ég rak gallerí á öðrum stað. Þá byrjaði ég að kenna málun og teikningu. Árið 1991 fluttum við svo í stærra húsnæði. Þá fórum við að bjóða önnur listform eins og leirlist. Síðan buðum við leiklist og tónlist - maðurinn minn er tónlistarkennari - og svo ballett.

Hingað koma kennarar alls staðar að úr heiminum. Margir koma frá Finnlandi, Danmörku og Póllandi. Við sendum kennarana okkar og nokkra ballettnema til Finnlands í þrjár vikur. Íslenskir kennarar fengust ekki þar sem þeir vilja vera í Reykjavík. Finnsku kennararnir eru frábærir. Ég held að listfræðsla sé mjög góð í Finnlandi. Þeir eru alveg ótrúlegir, læra íslensku á þremur til fjórum vikum.

Við vorum með frábæra sýningu þar sem kennarar dönsuðu ásamt nemendum. Okkur langar til að bjóða námskeið sem tengjast sviðslistum eins og ljósaönnun. Einn kennaranna okkar er giftur ljósaönnuði. Í tónlistinni eru margir nemendur í rytmískri tónlist, læra á gítar, trommur og söng, með áherslu á dægurtónlist. Við kennum líka hefðbundnar greinar eins og teikningu, vatnslitun, og keramik. Svo bjóðum við líka styttri námskeið eins og teiknimyndagerð og glervinnu. Kennaralaun eru um 5.000 kr. á klst.

Við reynum að hafa helgarnámskeiðin opnari, kennum vinsæl námskeið eins og salsa, handverk (körfu- og kertagerð) og almenn sönglög. Við bjóðum líka endurmenntunarnámskeið. Til dæmis komu allir starfsmenn leikskólans á söngnámskeið. Teikning og málun er líka vinsæl. Við bjóðum sérstakt námskeið fyrir ungt fólk sem stríðir við fötlun. 16-20 ára vinna í keramik einu sinni í viku. Svo erum við með námskeið fyrir konur sem ekki geta sungið. Það er mjög gaman - og auðvitað geta margar þeirra sungið!

¹² *Menntaskóli listanna - um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi*. Hjálmar H. Ragnarsson. Morgunblaðið 31. október, 2005.

Markmið okkar hér er að hafa eitthvað í boði sem allir geta nýtt sér. Við vísum engum frá, en auðvitað styðjum við við hæfileika þar sem við sjáum þá. Við vinnum með þroskahefta og fólk með Downes-heilkenni. Við reynum að mæta þörfum sem flestra.


Í Reykjavík eru þrjú skólar en við erum eini dansskólinn utan Reykjavíkur sem fær stuðning frá ríkinu. Það er stöðug barátta að fá fleiri í dans. Yngstu nemendurnir eru fjögurra eða fimm ára og efri aldursmörk eru engin. Kynjahlutfall er í jafnvægi. Dans höfðar auðvitað meira til stúlkna en píanó- og gítarnemar eru mest drengir.

Við erum með sýningar á hverju ári. Þær eru svo vinsælar að við þurfum oft að bæta við sýningum. Foreldrar borga um 10.000 kr. fyrir átta vikna námskeið. Við höfum ekki orðið vör við minnkandi áhuga nemenda. Tónlistarskólinn notar útgefna námskrá og próf og dansinn tekur slíkt e.t.v. upp í vor. Sýningarnar okkar eru samt mikilvægari. Árlega eru að minnsta kosti fimm eða sex sýningar auk þess sem við höfum myndlistarsýningu og veitum verðlaun fyrir teikningu.

Við höfum haft mjög hæfileikaríka nemendur. Píanókennarinn er með einn þessa stundina. Einn dansarinn okkar er skiptinemi í dansakadémíu í Róm og ætlar seinna í prufu hjá Konunglegu Akadémíunni í London. Nokkrir nemenda okkar í teikningu hafa komist í Listaháskólann í Reykjavík. Á hverjum tíma eru um 160 nemendur hjá okkur en fjöldinn getur farið upp í 300. Sumir stunda bæði dans og tónlist.

Þeir sem stýra dansskólum telja megintilgang skólanna að auka sjálfstraust, veita ánægju og bæta almenna vellíðan (95%). Alhliða þroski og það að rækta sköpunargáfunu eru einnig álitin mikilvæg markmið (89%) sem og listræna færni (81%).

Mynd 1.13.2 Mikilvægi markmiða í listfræðslu (danskskólar)



1.14 Markmið: Af hverju listir?

Meginmarkmið listfræðslu samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum eru miðlun menningar eða menningarskilnings, miðlun listrænnar færni og sköpun einstaklingsbundinna, félagslegra og menningarlegra verðmæta. Viðhorfið á Íslandi er að ferlið sé jafn mikilvægt útkomunni, eins og eftirfarandi tilvitnun lýsir: „Börn verða að njóta þess að skapa. Maður sér að börnin njóta vinnunnar mjög. Þau öðlast sjálfstæði og eru stolt af verkum sínum þegar þau eru til sýnis. Börn þurfa að gleyma sér í hinu skapandi ferli. Ferlið skiptir mestu máli. Við þurfum að fræða foreldrana um það sem við erum að gera og af hverju.“

Fólk úr skapandi starfsgreinum talaði um að listfræðslan hefði mikilvægu hlutverki að gegna við að móta þá skapandi einstaklinga sem Ísland þyrfti á að halda í framtíðinni:

Listir hafa mismunandi merkingu fyrir fólk. Við þurfum fleiri frjóa og skapandi nemendur í framtíðinni; fólk með sjálfstraust og reisu.

Listir gefa ungu fólk sýn; gerir það framsýnt, samviskusamt og eykur sjálfs-traust þess. Sjálfsmýndin styrkist og félagsþroskinn einnig.

Undirliggjandi er líka sú trú að listfræðsla gefi eitthvað meir en þekkingu og færni í listunum sjálfum. Þess vegna er mikið lagt upp úr því að öll börn fái tækifæri í listum svo þau fari ekki á mis við það sem þær veita, jafnvel þótt ekki sé ætlast til að útkoman verði atvinnulistamaður. Eða eins og einn tónlistarskóla-


stjóri sagði: „Markmiðið er ekki að búa til tónlistarmenn heldur að veita öllum tækifæri.“ Mynd 1.14.1 sýnir hvað rýnihópar álitu meginmarkmið listfræðslunnar.

Mynd 1.14.1 Markmið listfræðslu á Íslandi

Markmið	Fjöldi
Samfélagsleg markmið	8
Persónulegur þroski	7
Hafa gildi í sjálfu sér	5
Sköpun	5
Menning og arfleifð	4
Lífsgæði	4
Viðhalda þekkingu á milli kynslóða	2
Þroska hæfileika	2
Efnahagsleg markmið	1
Verkleg þekking	1
Myndlæsi	1
Námsþroski	1


Ef markmiðin eru skoðuð virðist hugsanleg áhrif á persónu- og félagsþroska skipta mestu máli. Þessi viðhorf koma líka fram í svörum við spurningum sem lagðar voru fyrir skólastjórnendur allra skóla. Mynd 1.14.2 sýnir til að mynda viðhorf tónlistarskólustjóra þar sem yfirlýst meginmarkmið tónlistarnáms eru *aukið sjálfstraust, ánægja og almenn vellíðan* (72% svarenda töldu þessi markmið mjög mikilvæg). Til samanburðar voru markmið á borð við að *undirbúa börn fyrir atvinnulífið eða efla vitund um íslenska menningu og menningararfleifð* metin síður mikilvæg.

Mynd 1.14.2 Mikilvægi ólíkra markmiða listfræðslu (tónlistarskólar)




Mynd 1.14.3 sýnir svipaða niðurstöðu hvað varðar mikilvægi ýmissa markmiða að mati grunnskólastjóra.

Mynd 1.14.3 Mikilvægi ólíkra markmiða listfræðslu (grunnskólar)



Mynd 1.14.4 sýnir markmið listkennslu í leikskóla að mati leikskólustjóra. Eins og myndir 1.14.2, 1.14.3 og 1.14.4 sýna er mikil fylgni á milli skólagerða og á landsvísu varðandi hvaða markmið eru mikilvæg.

Mynd 1.14.4
Mikilvægi ólíkra markmiða í skapandi starfi með börnum á leikskólum



2. kafli:

ALÞJÓÐLEGT VIÐMIÐ

2.1 Inngangur

Til að listfræðsla beri sýnilegan árangur verður hún að vera góð. Í úttekt sem náði til fjölda landa um allan heim kom í ljós að í fjórðungi tilfella væri listfræðslan þannig að hún hefði neikvæð áhrif á skapandi hugsun og listrænan þroska barna.¹³ Með hliðsjón af þessu er grundvallaratriði að listfræðsla á Íslandi nái tilteknum gæðum. Þessi kafli listar þá grunnþætti sem einkenna góða listfræðslu.

2.2 Alþjóðleg viðmið: Grunnþættir góðrar listfræðslu skilgreindir

Listfræðsla sprettur ekki af engu, fremur en gott heilsufar, heldur er hún háð fjölmörgum atriðum sem öll vísa í sömu átt. Hinn svonefndi *Alpha Cronbach's* mælikvarði (Bogt. 1993) var þróaður af tölfræðingum til að mæla fylgni á milli atriða, eða breyta, í flóknum fyrirbærum. Því hærra sem þessi kvarði skorar því meiri eru gæðin. Tölfræðilega merkir alger fylgni 1 en engin fylgni 0 (Bogt, 1993).

Með þessu er því alls ekki haldið fram að ná megi fram einkunn á *Cronbach's*-kvarða fyrir listir með meðaltalsviðmiðum eða heildarmeðaltölum af einhverju tagi. Menntakerfi eru óaðskiljanlega samþætt menningarlegu og þjóðlegu samhengi. Þetta á sérstaklega við um listfræðsluna. Listir eru vítt og fjölþætt svið og umfram önnur svið spegla þær menningarlega sérstöðu sem listfræðsla gerir þar af leiðandi líka.

Allir kvarðar verða því í senn að virða og styrkja þessa sérstöðu. Judd vísar í þessu sambandi til óræðs hugtaks þar sem huglægar breytur eru tengdar saman með reglubundnum hætti til að ná fram áreiðanlegra fyrirbæri (Judd et al., 1993). Með hliðstæðum hætti má líta á heilsufar sem mengi mælanlegra atriða (stöðugs hjartsláttar, lágs kólesteróls, réttra efnaskipta o.s.frv.) og vellíðan sem safn atriða eins og hamingju, ánægju, valds, félagslegs hlutverks o.s.frv.

Við vitum að þegar um ræðir góða listfræðslu má finna tiltekinn fjölda sam-eiginlegra atriða sem mögulegt er að mæla, svo sem langtíma samvinnu, þess að sýna eða koma fram og tiltekin viðhorf til náms. Jafnframt einkennist góð listfræðsla af atriðum eins og þori, samvinnu og því að deila og miðla til annarra.

Þessi atriði til samans mynda því eins konar grunnviðmið sem hafa verður til hliðsjónar áður en mat er lagt á árangur.

Mögulegt er að setja fram tilteknar almennar niðurstöður og samnefnara sem nota má sem eins konar viðmið fyrir rannsóknir á listfræðslu. Með líkum hætti og rannsakendur í félagsvísindum hafa þróað samfélagslega lífsgæðastaðla hafa rannsakendur í læknisfræði þróað staðla varðandi velferð sjúklinga og lögfræðin tekur reglulega mið af fordæmum og lögum. Þannig getur listageirinn nú, e.t.v. í

¹³ Anne Bamford (2006). *The Wow Factor: Global research compendium on the impact of arts in education*. Waxmann, München.

fyrsta sinn, gengið út frá grunnviðmiðum varðandi gæði áður en áhrif og árangur eru metinn.

Í könnun sem framkvæmd var á heimsvísu komu fram óvæfengjanlegar vísendingar um að góð listfræðsla einkenndist af tilteknu skipulagi og aðferðum í kennslu óháð aðstæðum, umfangi eða aðbúnaði. Spurningin hér er hvort finna megi þessi atriði í listfræðslu á Íslandi.

2.3 Um gæði

Gæði eru hér skilgreind sem sú viðleitni í listfræðslu sem álitin er hafa gildi og mikilvægi hvað varðar leikni, viðhorf og flutning eða sýnileika. Gæði, samkvæmt Parsall (1998), standa fyrir eitthvað sem tekist hefur að framkvæma eða ná fram með viðunandi hætti.

Gæði í listfræðslu geta birst í verkum, afurð af tilteknum gæðum, en að auki lærdómsferli, lausnir, samvinnu og viðurkenningu. Dewey (1934, 29) skrifar um að gæði einkennist af aukinni virkni og af miklum og virkum samskiptum við heiminn. Þegar best lætur fylgir þessari virkni alger túlkun sjálfins, hluta og atburða. Miðað við þennan skilning eru gæði ekki fast skilgreinanleg heldur eins og Kissick hefur sagt (1993, 27): „Gæði eru fyrst og síðast hugmynd sem mótast og verður fyrir áhrifum frá því samfélagi sem hún verður til í.“

Gæði í listfræðslu felast í samspili skipulags og aðferða. Það skal tekið fram að viðmið tilgreina ekki innihald. Þetta er meðvitað þar sem aðstæður verða að taka mið af kringumstæðum, menningu og aðbúnaði. Þannig getur innihald og aðstæður virkað óháð gæðaviðmiðum. Með líkum hætti eiga þessi viðmið jafn vel við menntun í listunum sjálfum (listgreinakennslu) og menntun í gegnum listir (þar sem listrænar aðferðir eru notaðar í kennslu annarra greina). Listir leggja til menntunar á þennan tvíþætta hátt og í báðum tilfellum reynast gæðaviðmiðin stöðug og áreiðanleg.

Þessi gæðaviðmið eru:

- Virk samvinna skóla og listastofnana/samtaka og á milli kennara, listamanna og samfélagsins.
- Dreifð ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og mati.
- Tækifæri til að koma fram opinberlega - flytja, sýna, kynna.
- Samþætting listgreinakennslu og skapandi/listrænnar nálgunar í námi og kennslu almennt (menntun í gegnum listir).
- Hlúð sé að gagnrýnu mati, krefjandi verkefnum og hvatt til áræðni.
- Almenn áhersla á samvinnu.
- Sveigjanlegt skólakerfi og sveigjanleg mörk á milli skóla og á milli skóla og samfélags.
- Áhersla á að öll börn njóti og hafi aðgang að listfræðslu.

- Nákvæm útfærsla á að nám, upplifanir og þroski barna sé metinn og því mati sé komið á framfæri með viðeigandi hætti.
- Virk endur- og símenntun fyrir kennara, listamenn og almenning.

Þessi viðmið góðrar og árangursríkrar listfræðslu verða notuð sem útgangspunktur þessarar skýrslu og gæði listfræðslu í íslenskum skólum verða rædd með vísan til þeirra.

3. kafli:

GÆÐI Í SKÓLASTARFI

3.1 Inngangur - Almennt um gæði

- Gæði listfræðslu á Íslandi eru mikil á alþjóðlegum mælikvarða.
- Huga þarf betur að þörfum nemenda með sérþarfir utan skóla, sérstaklega í tónlistarskólum.
- Listfræðsla nýtur víðtæks stuðnings nemenda, foreldra og samfélags.
- Í heildina litið er aðbúnaður nægur fyrir skilvirka og góða listfræðslu.

Með hliðsjón af þeirri nálgun sem sett er fram í kafla 2 hér á undan ætti að nota þau gæðaviðmið sem þar er fjallað um sem viðmið fyrir stöðu listfræðslunnar áður en áhrif hennar eru metin. Þessi viðmið má einnig nota til að greina það sem betur má fara í listfræðslunni.

Almennt eru list- og verkgreinar á Íslandi í háum gæðaflokki á alþjóðlegan mælikvarða. Öll börn fá einhverja listfræðslu og flest börn fá meira en tvo tíma á viku í listfræðslu. Að auki er tónlistarnám aðgengilegt um allt land og staðinn vörður um það í lögum. Aðgengi að tónlistarnámi virðist öllum opið hvar sem er á landinu, þó þarf að bæta aðgengi að tónlistarnámi fyrir börn með sérþarfir.

Listir eru vanalega kenndar af þjálfuðum réttindakennurum í vel búnum og sérhönnuðum kennslustofum. Skólastjórar, foreldrar og samfélag styðja listfræðsluna sem talin er hluti grunnmenntunar. Listir eru mikilsverður þáttur íslensks samfélags og taldar hafa persónulegt, félagslegt og listrænt gildi.

Þótt talað sé um að gæði listfræðslunnar fari minnkandi á Íslandi greinir þessi rannsókn ekki slíka þróun. Þvert á móti má sjá jákvæða þróun í listfræðslu, bæði í skólum og almennt í íslensku samfélagi.

Þó að benda megi á atriði sem þurfi að bæta og hægt sé að leggja til ákveðnar úrbætur sem auka myndu gæði verður að skoða slíkt í ljósi almennt mjög jákvæðrar stöðu.

3.2 Virk samvinna

- Samvinna skóla við utanaðkomandi aðila (listamenn, atvinnulífið, menningarstofnanir) er ekki algeng á Íslandi ef frá eru taldir nokkrir tónlistarskólar sem starfa náið með grunnskólum.
- Samvinnu ætti að auka þannig að hún nái til fleiri skóla, fleiri og fjölbreytilegri aðila og að samvinnan standi lengur.
- Langtímasamstarf á milli menntakerfisins annars vegar og menningar-geirans og skapandi starfsgreina hins vegar þarf að festa í sessi með stefnumótun og framkvæmd.
- Grasrótastarf og samvinna ýmissa aðila í samfélaginu virðist gott og skila árangri og ætti því að fá sess í námsskipulaginu.
- Þær menningarstofnanir þjóðarinnar sem staðsettar eru í Reykjavík þurfa aukinn stuðning við að þróa nýstárlegar samskipta- og samvinnu- aðferðir við skóla á landsbyggðinni.

- Hvetja ætti skóla til samvinnu þvert á skólastig, t.d. á milli leik- og grunnskóla, á milli efstu bekkja grunnskóla og yngri deilda og á milli framhaldsskóla og þeirra stofnana og samtaka sem sinna háskóla- og framhalds-menntun.
- Með fáeinum undantekningum er hlutverk menningarstofnana í listfræðslu og útvíkkun hennar í skólum lítt þróað.

Virk samvinna merkir beina þátttöku samtaka af ýmsu tagi sem starfa í menningu og listum í skipulagningu og framkvæmd listfræðslu í skólum. Stöðugt og gagnkvæmt langtímasamstarf hefur komist á þar sem best hefur tekist til.


Í þeim löndum þar sem listfræðsla er vel heppnuð er venjulega virk samvinna milli fagsviða, samtaka og geira. Hugtakið virk samvinna tekur til beinnar þátttöku margskonar menningar- og listastofnana í allri skipulagningu og framkvæmd. Þegar best tekst til er um að ræða gagnkvæmt langtímasamband sem hverfist um gagnkvæma ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og mati.

Á heimsvísu er samvinna algengust á milli menningar- og menntageirans. Í mörgum löndum er þó fjöldi stofnana og samtaka sem styðja listfræðsluna: stéttarfélag, fyrirtæki, opinberir aðilar, einstaklingar (sem er algengast), og fjöldi annarra samtaka. Þessi samvinna leiðir gjarnan til jákvæðra samlegðaráhrifa hvað varðar fjármögnun, mannauð og sérfræðipækkingu sem aftur leiðir til vel skipulagðrar listfræðslu.

Rannsóknir á heimsvísu gefa til kynna að vel heppnuð samvinna sé til langs tíma og henni fylgi sameiginleg ábyrgð á skipulagi og mati. Þetta er yfirleitt ekki tilfellið á Íslandi. Starfandi listamenn koma oftast en ekki í skólana til að vinna að sérstökum verkefnum í stuttan tíma sem miða að einhvers konar flutningi í skólanum í stað þess að um sé að ræða fastan lið í náminu til lengri tíma. Þetta eru gjarnan einangruð verkefni, upplifanir, eins og eftirfarandi undirstrikar: „Ég kem úr leikhúsinu og ég vinn með mörgum skólum. Ég ferðast á milli skóla og er algerlega sjálfstæð og sjálfri mér nóg. Það sem ég gerir tengist eiginlega ekki því sem skólinn geri í listfræðslu.“


Undantekningin frá þessu almenna ástandi var tónlistarkennsla þar sem tónlistarskóli starfaði með virkum hætti innan grunnskólans. Greinar eins og textíl, hönnun og smíði eru að vísu stundum kenndar af fagfólki á þessu sviði. Þetta er þó vegna kennaraskorts fremur en að um markvissa samvinnu við viðkomandi fagsvið sé að ræða. Tækifæri til samvinnu geta líka skapast í tengslum við sérstaka viðburði eða hátíðir. Þá ráða skólar til að mynda utanaðkomandi leikstjóra, tónskáld og tónlistarmenn til að leiðbeina við uppfærslu skólans. Þetta má sjá á mynd 3.2.1 þar sem tónlistarskólar eru oftast nefndir sem samstarfsaðilar grunnskóla.

Mynd 3.2.1 Samstarfsaðilar grunnskóla um verkefni í listfræðslu




Myndir 3.2.2 og 3.2.3 gefa til kynna að heimsóknir listamanna og menningarhópa í skóla séu algengar en að frumkvæði að slíkum heimsóknum komi í meira mæli frá skólanum.


Mynd 3.2.2 Hversu oft sækja listamenn og listahópar grunnskólann á ári?



Mynd 3.2.3 Hversu oft fara nemendur grunnskólans í skipulagðar heimsóknir á menningarstofnanir á ári?



Mynd 3.2.4 Hver á frumkvæði að samstarfi?



Stóru þjóðlistastofnanirnar hafa flestar skipulega starfsemi sem miðar að því að ná til barna. Frumkvæði kemur þó oftast en ekki frá þessum stofnunum, ekki frá skólunum. Með fáeinum eftirtektarverðum undantekningum er þessi starfsemi ekki nægjanlega fjármögnuð og nær ekki með fullnægjandi hætti til landsbyggðarinnar. Eftirtektarvert er einnig að einungis tvær af þeim stofnunum sem tóku þátt í rýnihóp stofnana sögðust hafa ungt fólk í stjórn eða sem ráðgefandi aðila þegar dagskrá eða verkefni fyrir ungt fólk væru skipulögð.

Áhugasamir einstaklingar hafa í sumum tilfellum stutt við samstarfsverkefni með virkum hætti eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Vigdís Jakobsdóttir stýrir fræðsludeild Þjóðleikhússins. Fræðsludeildin var mín hugmynd - tók til starfa 2002. Hugmyndin er að tengja leikhúsið með virkum hætti við kennara og skóla. Menningarsjóður Glitnis (einn af stóru bönkunum sem nú er gjaldþrota) gaf 10 milljónir í startfé sem nægði til að greiða laun til mín og til að opna vef sem mikið er notaður af kennurum. Við útbúum prentefni af ýmsum toga fyrir kennara. Undanfarin þrjú ár höfum við heimsótt framhaldsskóla víða um landið. Nú eru liðin tvö ár af þriggja ára stuðningssamningi sem við höfum við Vodafone; óljóst er um endurnýjun samningsins. Á þessum ferðum erum við saman í rútu og setjum upp leikrit í skólum (helst) en stundum líka í samkomuhúsi staðarins. Við reynum að bjóða nemendum að ræða við leikarana og stundum geta foreldrar líka tekið þátt í þessu. Þetta er krefjandi og mjög skemmtilegt. Annað hvert ár ættu allir skólar í landinu að fá heimsókn frá okkur - skólar í Reykjavík oftast. Fjárveiting til þessa verkefnis er ein milljón króna árlega sem rétt dugar fyrir ferðakostnaði. Mjög mikilvægt er að þessi þjónusta sé ókeypis.

Skólar létu í ljós það álit að listastofnanir tækju þarfir skólanna ekki alvarlega eins og eftirfarandi tilvitnun gefur til kynna: „Ég held að þeir taki menntun ekki alvarlega. Við verðum að byggja traust sambandi milli skóla og þeirra sem standa fyrir menningarstarfi og menningarviðburðum, ekki bara 10 mínútna spjall um sýninguna.“

Í könnuninni kom fram að dansskólar skipulegðu alla samvinnu sem þeir tækju þátt í, þ.e. gagnaðilinn kom lítið sem ekkert að þróun og framkvæmd sameiginlegra verkefna. Niðurstöður sem þessar geta líka þýtt að innan grunn-skólans sé lítil sérfræðiþekking í grein eins og dansi. Skólarnir séu því sáttr við að samstarfsaðilinn sjái um skipulagið.

Margir úr mennta- og menningargeiranum töluðu um nauðsyn aukinnar samvinnu, eins og eftirfarandi gefur til kynna:

Listamenn og kennarar ættu að vinna nánar saman í skólum. Í dag geta listamenn unnið við að samþætta listirnar kennslunni þannig að námið verði meira skapandi.

Ég hef séð stórkostlega hluti gerast þegar listamenn og kennarar vinna saman.

Starf á borði við Creative Partnership í Bretlandi þyrfti að komast á hér. Skólarnir gætu tekið frumkvæðið og leitað eftir samstarfi við listamenn. Í stað þess að skólarnir kaupri tilbúnar sýningar væri hægt að opna ferlið. Opna fyrir möguleika á samvinnu.

Ég held við þurfum að tengja hlutina betur. Leikfélagið í bænum ætti að vinna með skólanum. Hér er ungmennahús og það virkar mjög vel. Við erum í góðri samvinnu. Hlutirnir virka best ef skólastarfið er sveigjanlegt.

Gagnrýnt var að samvinnu skorti þvert á greinar og að samvinna á milli skólastiga væri sjaldgæf, eins og eftirfarandi ummæli háskólakennara undirstrika:

Pólítiska stefnu vantar. Við skilgreinum ekki menningu og við skilgreinum ekki skapandi starf. Sumar greinar, tónlist og sjónlistir sérstaklega, hafa umtalsverða pólítíska vigt. Ef tekið er mið af því sem gerist í Finnlandi, sérstaklega á grunn-skólastigi, þá er ríkjandi viðhorf að menning og skapandi starf í skólum sé mjög mikilvægt. Við þurfum að koma á samræðu milli menntakerfisins og listageirans. Við höfum reynt að koma á sambandi en það er ekki auðvelt. Okkur gengur þó betur með leiklistina en aðrar listgreinar. Við þurfum nána samvinnu á milli háskólastigsins og skólanna, á milli skapandi starfsgreina, háskólans og annarra skóla. Við þurfum samvinnu á milli háskólanna og Listaháskólans og við þurfum samvinnu á milli starfandi listamanna og kennara. Auka þarf rannsóknir á skapandi starfi og þverfagleg verkefni. Það er spenna milli kennaranema og nemenda í listgreinum. Sú skoðun heyrst að ef nemandi líkur prófi sem listgreinakennari en ekki í listgrein verði viðkomandi hvorki kennari né listamaður. Skólastjórar álíta listirnar notalegar en ekki nauðsynlegar. Skólastjórar þurfa stuðning og leiðsögn í að styðja listir þannig að þær blómstri. Listgreinakennarar eru einangraðir. Í sumum tilfellum er bara einn listgreinakennari í skólanum; honum er þannig í vissum skilningi ýtt út í horn.

Þar sem samvinna var virk á milli ólíkra faga var útkoman hins vegar mjög jákvæð, eins og eftirfarandi sýnir: „Við störfum náið saman á milli ólíkra lista-sviða. Við erum líka í góðu sambandi við atvinnufólk, helstu menningarstofnanir og stöndum að sameiginlegum rannsóknarverkefnum.“

Söfn og menningarstofnanir á Íslandi (svo sem leikhús, gallerí og félagsmiðstöðvar) njóta almennt opinbers stuðnings (frá ríki, bæ eða sveitarfélagi). Þessar stofnanir búa yfir umtalsverðri sérfræðipækkingu og þær standa fyrir ýmsum verkefnum sem ætlað er að höfða til skóla og samfélagsins almennt. Verkefni sem sérstaklega er beint að kennurum eru þó sjaldgæf. Einnig er talað um að dregið hafi úr þróun kennslugagna almennt á síðustu árum.

Þótt söfn bjóði ýmsa þjónustu til stuðnings list- og menningarfræðslu er þessi starfsemi bæði undirfjármögnuð og lítið notuð. Umfangsmikil verkefni af þessum toga eru oft undirmönnuð og fá of litlar fjárveitingar. Söfn hafa þannig tiltölulega lítið vægi í námskrá skólanna. Þau ættu hins vegar að nýta sem námsuppsprettu líkt og gert er með ýmsa aðra starfsemi sem fram fer utan skólatíma. Stóru þjóðlistastofnanirnar eiga raunar að starfa með skólum samkvæmt lögum og hafa þróað ýmis verkefni í þeim tilgangi að ná til barna og skóla:

Óperan er lítil og rekur ekki sérstaka fræðsludeild. Óperustúdíóið er verkefni þar sem hljóðfæranemar og söngnemar fá tækifæri til að syngja í óperu og vinna með atvinnumönnum. Með reglulegu millibili í gegnum árin hafa tónskáld verið beðin um að semja barnaóperu sem sett hefur verið á svið í samvinnu við tónskáldið.

Listasafn Íslands fær árlega um 40.000 gesti og um 8.000 ungmenni. Samkvæmt lögum á listasafnið að þjónusta skólakerfið. Við vinnum með skólum í kringum sýningar en við gerum sérstakt skólaverkefni í tengslum við hverja sýningu. Stundum hringir kennari með ákveðna hugmynd, t.d. varðandi tiltekinn aldursþóp. Svo höfum við líka þemadaga. Oftast eru það sömu kennararnir sem koma aftur og aftur. 4.-8. bekkur eru duglegastir að koma

Næstu tvær svipmyndir sýna hvernig listastofnanir geta unnið með skólum í að veita börnum heildstæða upplifun af listum.

Svipmynd 3.2.5 Skólar rífast um að fá mig í vinnu

Skólar rífast um að fá mig í vinnu (segir listamaður). Alvörulistamenn eiga að vinna í skólunum. Skólar eiga að vera opnari. Kennaramenntun er þröng og skólarnir hafa ekki hæft fólk... Tóney býður skólum tónlistartengd verkefni. Þetta er framtíðin og skólarnir eru að átta sig á því. Við getum þjónað 4-5 skólum með þessum hætti. Fólk var svolítið á varðbergi í fyrstu en nú gengur samvinnan vel. Kvikmyndun og ljósmyndun eru dæmi um fög sem ætti að kenna með þessum hætti. Þetta er ástæðan fyrir nauðsyn þess að listamenn séu virkir í menntakerfinu. Börn þurfa kynningu, opna þarf dyr fyrir þeim. Það

er síðan þeirra að taka hlutina lengra. Við [Tóney] kennum í Fellahverfi, þar sem meðaltekjur eru ekki háar, og líka í Grafarvogi sem er nýtt hverfi. Bæði þessi svæði munu eiga í erfiðleikum á komandi mánuðum [hér er vísað til efnahagsvandans]. Markmið okkar ætti að vara að skapa með börnunum, sjá til þess að þau séu upptekin - gera skólann að aðlaðandi og skemmtilegum stað.

Svipmynd 3.2.6 Maxímús Músíkús er dæmi um nýlegt vel heppnað verkefni

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur fimm tónleika árlega sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og þrjá ætlaða ungu fólki. Um 10-15% starfsins fer í að þjónusta ungt fólk. Flestir hljóðfæraleikaranna eru kennarar þannig að vinna með ungu fólki er þeim eðlileg. Maxímús Músíkús er dæmi um nýlegt vel heppnað verkefni - sjá vefsíðuna <<http://www.maximusmusicus.com>>. Í vinsælli spurningakeppni framhaldsskólanema [Gettu betur] er áberandi hvað spurningar um listir vefjast oft fyrir þátttakendum. Ég óttast að þrengt verði að menntun þegar efnahagsástandið versnar. Sinfóníuhljómsveitin vill auka samvinnuverkefni, sérstaklega við tónlistarskóla. Við tökum þátt í nokkrum verkefnum sem skipulögð eru af Tónlist fyrir alla. Þar vinna fjórir tónlistarmenn með krökkunum í eina viku við tónsmíðar. Það væri mjög gott fyrir hljómsveitina að vinna meira með skólum. Við þurfum sinfóníuhljómsveit æskufólks. Í Venesúela er ótrúlega vel heppnað verkefni þar sem ungt fólk stundar klassíska tónlist. Verkefnið hefur getið af sér nýjan kultúr. Börn sem búa utan Reykjavíkur þurfa að greiða fyrir dagskrá sem Sinfónían býður börnum þar sem Reykjavíkurborg styður hljómsveitina fjárhagslega.

Tónlist fyrir alla (lýst í svipmynd 3.2.6) hefur náð að brúa bilið á milli skóla og skapandi vinnu með því að færa atvinnutónlistarmenn og flytjendur í skóla um allt land. Að meðaltali fá skólar 1-2 heimsóknir árlega. Þótt oftast sé um að ræða stutta heimsókn þá lifa börnin lengi á þessu samkvæmt því sem foreldrar og kennarar segja. Dæmi um annað form er þegar leikfélag staðarins flytur verk í stuttan tíma (í einn til fimma daga) og kennarar af svæðinu koma með nemendur sína á sýninguna. Algengara er í smærri og afskekktari samfélögum að kennarar og nemendur séu í beinum tengslum við áhugahópa á svæðinu. Skólar virðast kunna vel að meta þessa snertingu við atvinnulistamenn:

Skólinn tekur þátt í Músíkalskt þar, verkefni sem Reykjavíkurborg setti af stað á síðasta ári - Tveir kennarar koma frá skólalúðrasveitinni og kenna um 20 nemendum tvisvar í viku.

Þekktur rithöfundur heimsótti 2. bekk og kenndi ljóðagerð. Ljóðunum var safnað í bók sem skólastjórinn sýndi okkur stoltur.

Kvikmyndir og ljósmyndun virðast dæmi um fög þar sem greinileg tengsl eru við fagaðila. Í sumum tilfellum mátti einnig sjá þessi tengsl í textíl- og fatahönnunarnámskeiðum. Tengsl við önnur listform eða við hinar skapandi starfsgreinar í víðum skilning voru sjaldséð. Eftirfarandi svipmynd gefur dæmi um einkarekinn listaskóla þar sem unnið er þvert á mismunandi stig menntunar og sjá má skýr dæmi um svæðisbundna og alþjóðlega samvinnu:

Svipmynd 3.2.7 Við framleiðum hugmyndir fyrir samfélagið

Námskeið fyrir börn byrjuðu hér fyrir 35 árum. Við bjóðum líka námskeið fyrir fullorðna. Við bjóðum t.d. grunnnámskeið sem er fullt nám í eitt ár. Þar er farið í öll grunnatriðin: liti, form, listasögu og teikningu. Nemendur fá undirbúning fyrir umsókn í Listaháskólann. Meðalaldur nemenda sem sækja slík námskeið er 27,5 ár. Við rekum líka sérstaka þriggja ára diplómadeild í fagurlistum og grafískri hönnun. Aðeins tveir skólar á Íslandi bjóða svona menntun, þessi skóli hér og í Reykjavík.

Við höfum haft náið sambandi við Kennaraháskólann og nemendur geta lært fagurfræði og listasögu. Við tökum þátt í Erasmus-áætluninni þar sem kennara- og nemendaskipti fara fram. Við rekum almenna braut fyrir 6-11 ára börn og framhaldsbraut fyrir 12-16 ára. Við bjóðum líka nám fyrir nemendur eldri en 16 ára. Nemendur geta notað 10.000 kr. frístundakort sveitarfélagsins (tiltekið form námsniðurgreiðslu) en það sem upp á vantar kemur frá foreldrum. Námið kostar um 24.000 kr. á önn og annirnar eru þrjár.

Við bjóðum fjölbreytt námskeið. Við sjáum stundum börnin sækja námskeið í málun að deginum og foreldrana um kvöldið; það er frábært. Við höfum skipulagða dagskrá gestakennara. Núna er hér gestur frá Royal College of Art í London. Þessar heimsóknir standa í fjórar vikur og við útvegum vinnuáðstöðu. Einn nemenda okkar í hönnun vann til verðlauna sem European student of the Year. Annar hlaut gullverðlaun 2008 í vöruhönnun. Skólinn er vinsæll hjá ungu fólki sem sækir mikið í að komast í skólann. Við erum með biðlista.

Við höldum 2-3 þemasýningar árlega. Við hvetjum nemendur til að vera virkir í að skipuleggja og setja upp sýningarnar. Kennararnir og elstu nemendurnir fara líka árlega til Reykjavíkur þar sem nemendur heimsækja gallerí og vinnustofur, auglýsingastofur, leikhús og söfn. Við höfum líka alltaf menningarkvöld. Við tökum rútu og hver greiðir fyrir sig. Foreldrar eru líka mjög jákvæðir og leggja fram mikla sjálfboðavinnu. Hér er því mjög jákvætt andrúmsloft. Á föstudagsmorgnum bjóðum við upp á opna vinnustofu fyrir listamenn bæjarins. Á fimmtudögum hittist líka hópur sem ræðir pólitík.

Ég myndi lýsa listaskólanum sem litlum og sveigjanlegum. Við framleiðum hugmyndir fyrir samfélagið og í nútímanum þurfum við hugmyndir umfram allt.

Félög kennara og listamanna á Íslandi virðast sterk og gróskumikil. Þau gætu komið á nánara samstarfi skóla og listamanna. Áhugavert var að sjá hvers eðlis samvinnan var sums staðar á litlum stöðum á landsbyggðinni þar sem listamenn og aðrir atvinnumenn ná vegna nálægðarinnar að tengjast samfélaginu, þar á meðal skólum, með einstökum hætti.

Nánara samstarf skóla og menningarstofnana myndi án efa hvetja til árangursríkra samvinnuverkefna að mati rýnihóps listamanna.

Í heimsóknum til nokkurra afskekktara skóla kom fram að samvinna við menningarstofnanir hefði minnkað á undangengnum árum. Til að mynda var nefnt að ekki væri lengur aðgengi að glærum eða eftirprentunum listaverka hjá Listasafni Íslands, einnig væru heimsóknir og önnur sérfræðiaðstoð þaðan minni:

Við tölum um list. Ég vildi að við gætum fengið eftirprentanir í lit frá safninu - við höfum bara svart/hvít ljósrit. Ég hef reynt að gera litaglærur en þær eru ekki góðar hjá mér. Hér áður var hægt að fá lánaðar glærur hjá Listasafni Íslands en sú þjónusta er ekki í boði lengur.

Annars staðar kom þó fram að eftirspurn eftir þjónustu af þessu tagi kynni að hafa minnkað - eins og fullyrt er í eftirfarandi tilvitnun:

Listasafn Reykjavíkur er á þremur stöðum. Gestir árlega eru á bilinu 10-12 þúsund, u.þ.b. 80% yngri en 25 ára. Um 80% starfs fræðsludeildarinnar snýst um ungt fólk. Í samvinnu við menntasvið Reykjavíkur hratt safnið nýlega af stað farandsýningu sem ferðast á milli skóla. Listaverkum er á haganlegan hátt komið fyrir í stórum kassa sem hægt er að opna til að mynda litla listasýningu. eru kennarar áhugasamir? Sumir - ég hef þó séð kennara taka sér kaffipásu á meðan bekkurinn skoðar sýninguna. Það er stór gjá á milli þess sem sagt er að skuli gert í námskrá og þess sem gert er í raun.

Stundum var því kennt um að ekki væri nægjanlegt tillit tekið til aðstæðna, t.d. að Sinfónían hefði ekki tónleika um helgar sem gerði börnum sem búa lengra frá höfuðborginni illmögulegt að sækja tónleika.

Næstum allir skólastjórar sem rætt var við álitu að efnahagskreppan myndi hafa slæm áhrif á samstarfsverkefni. Aukinn kostnaður við heimsóknir listamanna í skóla sem og við heimsóknir skólakrakka á viðburði myndi valda því að þessi starfsemi legðist af. Raunar voru merki um að þetta væri þegar að gerast; foreldrar, skólar og sveitarfélög gætu ekki staðið undir kostnaðinum lengur.

Fá dæmi eru um samvinnu menntastofnana og atvinnulífsins á Íslandi. List-

menntaskóli, styrktur af atvinnulífinu, var í umræðunni þegar þessi rannsókn hófst en hugmyndin var ekki talin henta aðstæðum í landinu.

Á hinn bóginn hefur staðbundnum samtökum tekist að byggja upp vel heppnaða samvinnu með því að vinna náðið með skólum og ungmennastarfsemi sem fram fer utan skólatíma. Þetta eru gjarnan samtök sem geta unnið á mjög sveigjanlegan hátt og mætt þannig þörfum og áhuga nærsamfélagsins. Dæmi um þetta er eftirfarandi svipmynd:

Svipmynd 3.2.8 Listirnar blómstra á svæðinu

Listirnar blómstra á svæðinu. Því var haldið fram að lítið og samhent samfélag styddi frumkvæði sprottið úr grasrótinni. Þetta er augljóst ef ferðast er um landið. Flestir sem virkir eru í listum vinna ýmis launuð eða ólaunuð störf víða í samfélaginu.

Til dæmis stýrði einn leikari leikhúsi bæjarins, stjórnaði karlakór, kór eldri borgara, auk þess að halda utan um kórahátíð á svæðinu - fyrir utan að kenna listir í skólum. Virkni af þessu tagi var ekki óalgeng.

Viðburðir af þessu tagi nutu mikils stuðnings og fengu þrjú til fjögur þúsund gesti, Íslendinga og útlendinga. Fjármagn í verkefni sem þessi kemur gjarnan úr ýmsum áttum, frá sveitarfélaginu, fyrirtækjum á staðnum og einstaklingum.

Þessar hátíðir skapa áreiðanlega talsverða veltu í samfélaginu í gegnum sjálfböðastarf, gesti og þá sem sækja viðburðina sérstaklega. Þetta er hins vegar ágiskun þar sem lítið var um að safnað væri áreiðanlegum upplýsingum um efnahagsleg áhrif, beinan og óbeinan kostnað eða gestafjölda.

Mjög aðkallandi er að fjármagn sé veitt til að mæla, skrá og miðla grunnupplýsingum um svæðisbundin eða einstök verkefni af þessu tagi. Slík vöktun er tímabær því viðburðum af þessu tagi fer fjölgandi víða um land bæði að umfangi og aðsókn. Til að mynda skráði ein tónlistarhátíð 300 gesti árið 2000 þegar hún var fyrst haldin en yfir 5000 gesti nú. Fjölbreytni og sérstaða sumra þessara viðburða gefur til kynna að rétt markaðssetning gæti skipt miklu máli út fyrir landsteinana og dregið að umtalsverðan fjölda gesta.

3.3 Tækifæri til að sýna, kynna eða koma fram opinberlega

- Mikilvægt er að verkefni og námsferli endi með vönduðum kynningum sem sýni ferlið.
- Ferli og afurð þarf að tengjast með skýrum hætti.
- Viðburðir eins og flutningur ýmiss konar, sýningar og kynningar virka sem hvatar til aukinna gæða en geta líka aflað starfinu stuðnings með öflugum hætti.
- Þótt íslenskir nemendur séu leiknir og sjálfsöruggir í listrænu starfi eru þeir síður leiknir og öruggir í að kynna, lýsa eða gagnrýna eigin listframleiðslu.
- Þetta þjálfunarleysi í að kynna og koma fram gæti háð skapandi starfi í listum og menningu á Íslandi og komið niður á samkeppnishæfni eftir því sem alþjóðasamskipti aukast.
- Færni í að kynna og koma fram þarf að efla og fá aukna áherslu í námskrá á öllum skólastigum, þar með talið í menntun kennara og listamanna.

Virkrri sköpun og flutningi fylgir lærdómur sem ekki fæst með öðrum hætti. Jákvæð áhrif ýmiss konar sýninga og flutnings var augljós þar sem listfræðslan var góð. Uppákomur af þessu tagi veita þátttakendum umbun, auka hróður listfræðslunnar og styrkja um leið listir í víðara samhengi.

Víða í skólum er mjög áhugavert starf í gangi á bak við luktur dyr skólastofunnar. Þessi vinna var hins vegar lítt eða ekki til sýnis eða á annan hátt aðgengileg. Almenn er ekki næg áhersla lögð á að nemendur leggi fram vinnu sína til sýnis með vönduðum hætti. Í leikskólum og yngri bekkjum grunnskóla er eðlilegt að kennarar stjórni eða leiði framsetningu af þessu tagi. Þetta þarf hins vegar að kenna með markvissum hætti þannig að nemendur öðlist reynslu í að halda fram vinnu sinni með ýmsu móti, þar með talið munnlegri kynningu þeirra sjálfra.

Í sumum skólum voru viðburðir af þessu tagi í tengslum við ýmsar hátíðir. Nauðsynlegt er hins vegar að verkefni og námsferli almennt ljúki með vandaðri framsetningu eða viðburði. Þetta var raunar augljóst í sumum skólum.

Nokkrir skólar sem heimsóttir voru buðu nemendum upp á reglulegar og faglega útfærðar, opinberar uppákomur. Viðburðir af þessu tagi sem hluti góðrar listfræðslu þroska sjálfmynd barna, áhuga þeirra á listum og verða, í mörgum tilfellum, eftirminnilegir hápunktir skólagöngunnar.

Afar mikilvægt er líka að nemendur fái tækifæri til að vinna úr sýningum og öðrum uppákomum með því að ræða það sem vel tókst til, það sem betur mátti fara og hvernig vinna mætti ný verkefni. Úrvinnsla af þessu tagi er ekki sjálfgefin heldur þarf að skipuleggja og vinna með markvissum hætti. Lærdómur og reynsla sem fæst í listfræðslu þarf að gera nemendur meðvitaða í gegnum reynslu þeirra sjálfra. Eftirfarandi svipmynd er úr grunnskóla þar sem nemendur fá reglulega tækifæri til að koma fram:

Svipmynd 3.3.1 Börnin eru meðvituð um hvernig áheyrendur haga sér

Salurinn er í miðju skólans. Hver bekkur er ábyrgur fyrir dagskrá á sal einu sinni í viku þar sem vinabekk er boðið að hlusta. Ég er að horfa á 7. bekk. Börnin hafa skipulagt tónleika; sum syngja, önnur dansa. Það er engin skólahljómsveit en nokkrir kórar og sönghópar. Þrátt fyrir óformlegar aðstæður er salurinn samt þannig að manni finnst maður staddur í rými þar sem tónlist er flutt og úrval góðra hljóðfæra við höndina.


Söngurinn er góður og textinn, sem varpað er upp hvetur viðstadda til að vera með. Söngurinn er öruggur og skýr. Aðrir kennarar sem eru viðstaddir taka ekki þátt í þessu. Börnin eru meðvituð um hvernig áheyrendur haga sér og hlusta því með athygli og eru með eftir því sem hæfir. Einn kennaranna tekur sýninguna upp á myndband. Tónleikar eins og þessir eru yfirleitt teknir upp. Tónleikarnir halda áfram og börnin taka sjálfviljug þátt í þeim og klappa með Afríku-rythma sem fluttur er. Tónleikarnir enda. Flytjendur hneigja sig og áheyrendur, mest ungir krakkar, klappa mikið.

Fáeinir stúlkur flytja enskt dægurlag við undirleik kennara á píanó. Stúlkurnar ráða yfir góðri hljóðnematækni og höfðu æft í hádegishléinu. Skólastjórinn fylgist með af áhuga.

Hópur dansandi stúlkna er næstur á svið. Þær eru í búningum sem þær hafa sjálfar gert. Öryggið sem augljóst var í tónlistarflutningnum var ekki fyrir hendi í dansinum. Nokkrar stúlkur standa baka til í danshópnum en dansa ekki. Stúlkurnar horfa hver á aðra en ekki á áheyrendur. Þær höfðu æft og undirbúið sig.


Stúlkur voru mun fjölmennari í hópi flytjenda en drengir.

Mynd 3.3.2 Þátttaka grunnskólanemendur í sýningum og viðburðum á vegum skólans yfir skólaárið



Eins og búast mátti við koma leikskólabörn sjaldnar fram og sýna verkin sín sjaldnar - sjá mynd 3.3.3:

Mynd 3.3.3 Þátttaka leikskólabarna í sýningum og viðburðum á vegum skólans yfir skólaárið




Í grunn- og framhaldsskóla kemur fyrir að nemendur troði upp á hátíðum eða viðburðum. Dæmi: „Það er árshátíð á laugardaginn og við notum daginn í dag til undirbúnings. Foreldrar munu koma og sjá leikritið.“ Í tónlistarskólum er algengara að nemendur troði upp og að slíkt sé reglubundinn og mikilvægur hluti námsins. Til að mynda:

Við erum með 13 tónleika yfir árið, þriðju hverja viku að jafnaði.

Við erum með kammermúsík á hverju fimmtudagskvöldi kl. 18. Tafla á kennarastofunni listar hverjir spila. Við spilum stundum í verslunarmiðstöðinni. Við förum ekki með börnin á tónleika þó rætt hafi verið um að við þyrftum e.t.v. að gera slíkt í framtíðinni. Það er mikið um tónleika á svæðinu sem fólk getur sótt ef það vill.


Mynd 3.3.4 sýnir hve oft börn koma fram á tónleikum í tónlistarskólum - yfir 60% barna koma fram oftár en fjórum sinnum yfir árið.

Mynd 3.3.4 Hversu oft komu nemendur tónlistarskóla fram yfir skólaárið?



Auk þess að taka beint þátt í sýningum og uppákomum í eigin námi geta nemendur lært af því að sækja tónleika og sýningar annarra.

Mynd 3.3.5 Staðir sem grunnskólanemendur heimsóttu í vettvangsferðum á vegum skólans



Tækifæri af þessum toga eru frekar í boði fyrir nemendur á Reykjavíkursvæðinu en nemendur á landsbyggðinni. Undantekning er e.t.v. Sinfónían og Tónlist fyrir alla sem tryggir frekar að börn upplifi tónleika með því að listamenn komi í heimsókn til þeirra. Þótt þessar uppákomur jafnist e.t.v. ekki á við að heyra sinfóníuhljómsveit leika í stórum tónleikasal er þetta dýrmæt reynsla fyrir nem-

endur að upplifa tónlistarflutning atvinnutónlistarmanna. Um þetta vitna skóla-
stjórar í frásögnum af þessum viðburðum:

Hljóðfæraleikarar Sinfóniunnar koma og leika fyrir börnin. Sígidu verkin vöktu
mestan áhuga barnanna. Þetta var í fyrsta sinn sem börnin höfðu upplifað tónleika
með alvöru sinfónihljómsveit. Þau fá slíkt tækifæri ekki oft. Til að mynda komu
aðeins tveir eða þrír tónlistarmenn á vegum Tónlistar fyrir alla.

Stundum vöktu viðmælendur máls á að skipulag hindraði möguleika á að börn
hefðu tækifæri til að upplifa tónleika. Tímasetning tónleika og kostnaður voru
atriði sem nefnt var að vigtuðu þungt:

Sinfónían biður ekki upp á tónleika um helgar sem þýðir að fólk utan af landi getur
illa sótt tónleika. Það tekur a.m.k. sjö tíma að keyra til Reykjavíkur sem er ekki
gerlegt á virkum degi. Til að bæta þetta upp verður fólk hér að vera sjálfu sér nógt.
Tónlistarlífð hér er mjög öflugt. Við reynum að styrkja tónlistarmenn til að ferðast
um byggðirnar. Hér var píanóleikari frá Ítalíu sem hélt tónleika með kennurum
héðan.

Sinfónían kemur árlega í heimsókn, þótt hún hafi að vísu ekki komið undanfarin
tvö ár. Við höfum farið til Reykjavíkur til að sjá viðburði þó ekki í nokkur ár núna.
Það er einfaldlega of dýrt. Við vildum fá leikhóp í heimsókn en það kostaði 40-50
þúsund. Foreldrarnir eru mjög örlátir en sem stendur getum við ekki beðið þá um
svona fjárhæðir.

Þegar hljómsveitin kom síðast hélt hún tvenna 40 mínútna tónleika. Aðgangur
var ókeypis vegna þess að bærinn borgaði. Við höfum líka fengið leikhópa í heim-
sókn, en ekki nýlega. Við reynum að fara með krakkana á safnið. Strætó er ókeypis
innan borgarinnar ef við erum að fara á söfn. Kennarinn sem vinnur á listasafninu
útbýr mjög góða dagskrá fyrir krakkana. Við förum ekki í leikhús; það kostar of
mikið. Leikhúsið er með barnaleikrit en það kostar 1.500 kr. fyrir hvert barn. Eldri
krakkarnir nota tækifærið og skemmta sér í keilu, fara í bíó eða í flúðasiglingu.
Svona ferðir verða þó varla farnar núna. Skólinn hefur þurft að skera niður, um 2%
flaturskurður.

Nokkrum sinnum yfir árið eru viðburðir í bæ sem er um 30 mínútna akstur
héðan. Tónlist fyrir alla kemur einu sinni eða tvisvar yfir árið. Svo er líka leiksýn-
ing en fyrir hana þarf að borga. Ég hef áhyggjur af núverandi ástandi vegna þess að
það er í raun ekki hægt að biðja foreldra um að borga. Það þarf aukið fjármagn til
lítilla skóla.

Það sjónarmið er uppi að efnahagsástandið muni valda því að minna fé verði
varið til að nemendur geti sótt sýningar og tónleika. Kanna ætti hvort hægt
sé að fjölga farandsýningum og tónleikum til að tryggja að nemendur geti
upplifað list atvinnumanna nokkrum sinnum yfir árið. Einnig mætti auka
aðgengi að góðri list með ýmsu öðru móti, t.d. á Netinu. Listasafn Íslands

sendi til að mynda glærur til skóla á landsbyggðinni, þjónusta sem ekki er lengur í boði.¹⁴

Ég myndi virkilega vilja fara með börnin á listasýningar og tónleika. En héðan er langt að fara svo þetta er fjarlægur draumur. Við förum eiginlega aldrei neitt. Hér áður fengum við glærur sendar frá Listasafninu en það hætti fyrir nokkrum árum held ég.

Jafnframt er list nemenda lítt sýnileg í skólum - „Við höfum höfum engar eiginlegar sýningar, aðeins það sem hangir á veggjum á göngum skólans.“ Í mörgum skólum voru verk nemenda annaðhvort alls ekki sýnileg eða þá sýnd með tilviljanakenndum hætti. Ekki var litið á börnin sem listamenn. Margra mánaða gömul verk, jafnvel margra ára verk, voru sums staðar til sýnis.

Almennt er mikilvægt að litið sé á listræna tilburði nemenda sem slíka. Þar sem skólastarf var vel heppnað var augljós virðing borin fyrir uppfærslum og list nemenda með hliðstæðum hætti og gert er við list viðurkenndra listamanna. Tónleikar nemenda fengu þannig æfingátíma, virðingu og umgjörð eins og um alvöru viðburð væri að ræða. Þar sem best var staðið að voru skartgripir, málverk, textíl- og smíðagripir nemenda til sýnis með vönduðum og úthugsuðum hætti. Myndir nemenda voru merktar og dagsettar, sýndar í vönduðum römmum, haganlega fyrir komið á veggjum með viðeigandi merkingum. Skólar með öfluga listfræðslu skiptu ört um verk á veggjum og fjölbreytni, vandvirkni og virðing fyrir verkum nemenda var greinileg. Þar sem starfið er best heppnað voru nemendur í sumum tilfellum hvattir til að kynna verkin sín sjálfir og jafnvel fjalla um verk annarra nemenda.

Með þessu er ekki sagt að áhersla á uppfærslur og sýningar eigi að vera á kostnað vandaðrar og úthugsaðrar, skapandi vinnu og verkferla. Hið skapandi ferli, tilraunastarf og þor til að taka áhættu er á öllum stigum menntunar mikilvægara en aðlaðandi og „söluvænt“ verk. Raunar getur of mikil áhersla á verkið sem lokaniðurstöðu virkað letjandi og hamlað forvitni og viljanum til að taka áhættu í sköpunarferlinu. Eigi að síður eru sýningar og flutningur fyrir áheyrendur mikilvæg atriði í hinu listræna ferli sem veita börnunum ánægju og viðurkenningu og listfræðslunni ákveðna virðingu.

Vöntun á markaðsfærni og þekkingu á að koma sér á framfæri var sérstaklega áberandi á efri stigum menntunar:

Það vantar menntun og þjálfun í að markaðssetja listir og menningu. Upplýsingamiðstöð ferðamanna sinnir þessu aðeins en það er svo mikið meira hægt að gera.

14 Í desember 2008 sagði fulltrúi fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur <www.listasafnreykjavikur.is> frá „ferðasýningu“ sem flytja mætti milli skóla. Þessi slóð sýnir mynd af „sýningunni“ <<http://ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5921>> (sjá bls. 15). Reynt var að afla upplýsinga um meinta erfiðleika kennara við að nálgast listaverk á Netinu. Vandinn í stuttu máli reyndist liggja í höfundarrétti sem e.t.v. er alþjóðlegt vandamál. Ríkið (mennta og menningarmálaráðuneytið), fyrir hönd framhalds- og háskóla, er ásakað um samningatregðu. Hið sama er sagt um Samband sveitarfélaga hvað varðar grunnskóla. Áfram er unnið í málinu en þegar þessi skýrsla er birt hefur litið áunnist.

Við erum með byggðasafn og listagallerí en gestir eru fáir. Ég held að skólakrakkar komi tvisvar yfir árið. Aðgangur að safninu er ókeypis fyrir skóla og væri hægt að nýta það miklu betur með samþættingu við ýmis fög, t.d. samfélagsfræði. Hér var áður gallerí sem seldi listaverk og hélt sýningar.

Það var undarlegt að heyra að námskeið í markaðssetningu hafi verið aflögð sem hluti listnáms af því að námskeiðin reyndust ekki vinsæl meðal nemenda. Einn fulltrúi skapandi starfsgreina sagði: „Grundvallar tjáning og samræður vantar í íslenska skóla - standa upp og tala, tjá sig! Skólarnir letja fremur en hvetja til tjáningar af þessu tagi.“ Skortur á markaðsreynslu og sérþekkingu er greinilegur í lýsingunni hér á eftir sem kemur frá sérgreinakennara í textíl:

Textíldæildin er 20 ára. Áður vorum við hluti húsmæðraskólans. Við höfum þróast frá að bjóða menntun í handverki yfir í hönnunarnám í textíl. Hingað koma alls konar nemendur en meirihlutinn er stúlkur - kannski einn eða tveir drengir árlega. Við tókum inn um 50 nemendur árlega. Við förum í kjólasaum, tískuhönnun, innanhússhönnun, almenna hönnun, textíl (þ.m.t. vefnað og þrjónaskap), hönnunarsögu og nútímahönnun. Á hverri önn er sýning. Nemendur þurfa að kynna verkefnaöppu og að minnsta kosti eina eða tvær flikur. Þeir verða að skrá allan hönnunarferilinn. Við þurfum klárlega meiri reynslu í markaðssetningu. Okkur vantar nemendur sem geta fylgt eigin verkum eftir. Ég myndi vilja fara með nemendur til London svo þeir geti upplifað hve fagið er þróað þar en við höfum ekki efni á slíku. Við hvetjum nemendur til að taka tískunámskeið í útlöndum. Kennararnir hér eru virkir í faginu og í fagfélögum. Við buðum upp á námskeið í markaðssetningu sem hluta af grafískri hönnun en nemendum líkaði ekki námið svo við hættum. Textíl er ekki metið sem skildi. Hægt er að komast af án stærðfræði og vísinda, jafnvel án lista. En á Íslandi er ekki hægt að lifa án fatnaðar!

3.4 Þróun mismunandi listasviða og skapandi námsleiðir

- Listir og menning eru mikilvægar aðferðir til að skilja heiminn.
- Íslenskt menntakerfi byggir upp þekkingu og færni í einstökum listgreinum, sérstaklega í sjónlistum, tónlist, smíðum og textíl og í minna mæli í dansi, leiklist, ljósmyndun og kvikmyndagerð.
- Listfræðsla á Íslandi ræktar meðvitund um gæði sem greinilega sést á því hve auðvelt flestir nemendur eiga með að vinna í hinum ýmsu listgreinum.
- Auka þarf skapandi vinnu í skólum og skapandi aðferðir í námi, þar á meðal í listgreinum.

Með því að læra tjáningarform listanna getur fólk betur talað um listir og tjáð tilfinningar og upplifun af listum. Listir eru öflugt samskiptaform. Þar sem áherslan var á listir virtust nemendur fá þjálfun í að tjá sig frá unga aldri, t.d. í gegnum liti, hreyfingu og látbragð. Sú áhersla sem listum virðist gefin á Íslandi

hefur þau áhrif að jafnvel þótt nemendur kjósi ekki að tjá sig í gegnum listir seinna á lífsleiðinni geta þeir samt rætt um listir og þannig tekið þátt í listalífnum í víðari skilningi.

Tungumálið skiptir miklu máli því það gefur nemendum orð og gefur börnum möguleika á að tjá sig um eigin listframleiðslu, listflutning eða um verk listamanna almennt. Börn þroska þetta orðfæri í gegnum hvetjandi spurningar frá kennaranum eða listamanninum og með samræðum við önnur börn um listræna upplifun. Að tjá sig listrænt og að tala og skrifa um listir og menningu veitir barninu aukið svið tilfinningalegrar tjáningar. Listir eru með þessum hætti öflugt form samskipta. Nemendur höfðu almennt góð tök á að tjá sig listrænt og gátu mjög vel notið lista. Þeir áttu hins vegar ekki eins gott með að tjá sig eða ræða á gagnrýninn hátt um listir.

Listir eru farvegur sem menningararfur samfélagsins flæðir um til ungs fólks. Um leið gefst ungu fólki færi á að skapa eigið listrænt tungumál og auka þannig eigin þroska, tilfinningalegan jafnt sem vitrænan. Með þessum hætti gefst ungu fólki færi á að leggja til og þróa menninguna.

Listir eru táknræn tjáning og drifkraftur sem undirstrikar hlutverk og gildi lista og menningar sem félagslegt afl til breytinga og endursköpunar. Þetta eitt og sér er næg ástæða til að listrænt tungumál sé undirstrikað og þróað. Vel heppnuð listfræðsla sameinar skapandi námsleiðir og þróun hins sérstaka tungumáls listanna.

Þótt listræn færni og þekking í einstökum listgreinum sé mikil hjá íslenskum nemendum vantar aukna meðvitund um listir sem tungumál. Læsi og færni í tungumáli lista er nauðsyn í samtímanum og í náninni framtíð, sérstaklega í ljósi hraðra breytinga í upplýsingatækni. Efla þarf meðvitund um og auka áherslu á sjónlæsi, fagurlæsi, hljóðlæsi o.s.frv., bæði í stefnu og framkvæmd. Samræða og rökræða um sköpun virðist lítið þróuð í íslenskum skólum (sjá kafla hér síðar um samþættingu). Eins og sjá má af eftirfarandi tilvitnunum töldu fulltrúar skapandi starfsgreina áriðandi og mjög mikilvægt að umræða um sköpun og skapandi starf þroskaðist frekar:

Áherslan þarf að vera á sköpun. Ekki að mála bara mynd og hengja hana upp á vegg, heldur þarf meiri áherslu á hvernig börn hugsa í raun og veru, opna upp öll svið listanna. Þetta er mikið undir skólastjóranum komið. Við þurfum einstaklinga með skilning á skapandi hugsun. Þetta fólk þarf að bera skynbragð á viðskipti og vera skapandi. Það að vera skapandi er áriðandi, við þurfum á því að halda. Skólakerfið er eins og það hefur ávallt verið - 20 eða 30 árum á eftir. Við þurfum skipulag fyrir framtíðina. Við höfum aldrei haft ríkisstjórn með framtíðarsýn.

Áherslan ætti að vera á sköpun, að gera fólki mögulegt að gera nýja hluti, stofna ný fyrirtæki... Skólakerfið er ávallt gamalt... Skapandi hugsun í allar greinar, öll fög; það verður að vera hluti umbyltingarinnar...

Síðasta tilvitnunin hér ofan - og þær sem hér koma á eftir - sýnir að þótt mikilvægi sköpunarkraftsins fyrir efnahagslegar umbætur á Íslandi sé viðurkennt þá er skólakerfið ekki nýtt sem skyldi í þessu skyni. Vöntun á skapandi kennslu-háttum og skólabrag er kennt um. Auk þess eru dæmi um að atvinnumenn í listum undirstriki að listirnar sjálfar séu ekki endilega alltaf skapandi.

List og sköpun verður stöðugt mikilvægari fyrir hina skapandi atvinnuvegi og fyrir hagkerfið almennt. Skapandi hugsun er og verður ofarlega á baugi. Ef við viljum gott menntakerfi verðum við að hlúa að sköpunarkraftinum. Sveitarfélög bera mikla og erfða ábyrgð þar sem eru íþróttamál og starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla. Við þurfum meiri breidd í þau listform sem í boði eru.

Ég óttast þetta tal um leikni gegn sköpun. Hvað er sköpun þegar maður er sjö ára? Ég verð óttaslegin þegar listir og skóla ber á göma. Það er skemmandi þegar talað er um að kenna listir.

Aukið skapandi starf þarf ekki að vera svo formlegt... meiri bræðing... ólík listform... Sköpun er vaxandi í menntakerfinu eins og sést í hinni opinberu stefnu hér... Það er heilmikið að gerast nú þegar... vandinn er að atvinnufólk hefur ekki viljað vinna í skólunum...

Eftirfarandi svipmynd færir fram rök fyrir samþættari listfræðslu á Íslandi:

Svipmynd 3.4.1 Fólk er mikið að vakna til meðvitundar

Fólk er mikið að vakna til meðvitundar. Við reynum að örva skapandi hugsun í öllu skipulagi skólakerfisins. Vandinn hefur hins vegar verið að starfandi listamenn, fagmenn, hafa ekki viljað kenna í skólum. Það sem hefur vantað er að kennarar og listamenn vinni hlið við hlið í skólum sem fagmenn. Þetta hefur heppnast betur í litlum skólum úti á landi þar sem þeir verða að vinna saman. Samfélagið byggir á samvinnu en skólar virka ekki á sama hátt. Nemendur vilja komast í tæri við skapandi greinar, skapandi verkefni.

Kostir við íslenska kerfið er að þar er auðvelt að koma af stað verkefnum. Þú getur auðveldlega sett þig í samband við fólk og samtök af ýmsum toga. Það eru kostir við það að vinna á litlum stöðum. Sjónlistir t.d. eiga sér ekki langa sögu en þar hefur orðið hálfgerð sprenging. Við fáum færri gesti á sýningar en gerist og gengur annars staðar; kennslustundir eru fáar og þeim fer fækkandi. Námskránni hefur verið breytt, minni áhersla á listir og minn tími til ráðstöfunar.

Listirnar ættu að sitja á toppnum. Þær eru langmikilvægastar. Ég held þó að stundum þyki þær of dýrar. Svo heyrst sú skoðun að hægt sé að kenna listir eingöngu með því að tala um þær. Það er hins vegar engin afsökun; peningar ættu ekki að vera afsökun.

Þú þarft ekki að hafa kennaramenntun til að kenna listir. Gott væri ef hæfir

listamenn og hæfir kennarar ynnu saman. Í fyrra héldum við sýningu með öðrum skólum. Það gekk mjög vel og skipti miklu máli. Sérstaklega ef skólinn kenndi listir. Við sáum mikinn mun, bæði á því hvernig börnin upplifðu listina og líka á gæðum þess sem þau sköpuðu sjálf. Á Íslandi er fólki ekki kennt að meta listir. Við þurfum að endurhugsa listir í menntakerfinu og gera listkennslu skyldubundna í skólum.

Skólum tekst ekki að miðla mikilvægi listanna. Flestir skólar byggja á að mikilvægustu fögin séu stærðfræði, íslenska og enska. Listirnar verða að vera mikilvægar og ættu að hafa meiri vigt. Við þurfum fleiri menntaða listamenn sem kennara og fleiri menntaða kennara sem listamenn. Maður getur t.d. kennt mörg fög í gegnum listir. Ég kenni ensku í gegnum listir. Við erum ekki bara að tala um söng í skólum heldur raunverulega og djúpa menningarfræðslu.

Við þurfum kennslu sem er skapandi og snýst um menningu. Dans og leiklist er ekki áberandi í skólum og frekar hefðbundin. Danskennslan felst í raun bara í að kenna sporin. Það gæti verið í leiklist eða þá gömlu dansarnir kenndir í íþróttafélaginu. Það er ekkert í grunnskólunum. Það er enginn sem kemur í skólana og kennir þessi fög. Lífsleikninámskeið gætu verið dæmi. Fólki þarf að finna þörf fyrir áskoranir; það þarf að leita eftir sjálföryggi og finna fyrir stuðningi og hvatningu. Þetta vantar í Íslendinga. Foreldrar eru afar ánægðir þegar þeir sjá börnin sín þroskast að þessu leyti. Einn styrkur lítilla bæja á Íslandi eru hinar árstíðabundnu hátíðir. Þar hafa allir hlutverk og fyrir þessu er löng hefð utan hins hefðbundna skólakerfis.

Sumir þeirra sem bjóða börnum verkefni eftir skólatíma eru líka að leita leiða til að auka skapandi starf eins og eftirfarandi tilvitnanir gefa til kynna:

Við reynum að láta börnin semja frá unga aldri. Við hvetjum þau til að vera skapandi og til að spila eftir eyranu.

Börn á að hvetja til að opna hugann. Þau þurfa að átta sig á að þau hafa það sem þarf til að vera skapandi. Þetta snýst um að uppgötva og undrast. Við getum hugsað um menntun án skóla, leitað utan skólastofunnar eins og við leitum innan hennar.

Það eru dæmi um að skólaumbætur og að bygging nýrra skóla hafi leitt til afar skapandi námsumhverfis. Eftirfarandi svipmynd sýnir skapandi skólamódel og hvernig skapandi starf má samtvinna öllu starfi grunnskólans:

Svipmynd 3.4.2 Þetta er skóli 21. aldarinnar

Í nútímalegri byggingu leiðir listmenntaður skólastjóri 450 nemendur og 70 kennara í námskeiðum í frumkvöðlamennt.

Áhersla skólans er frumkvöðlamennt og að kenna á hugmyndaríkan hátt. Börnin læra í gegnum hönnunarferli, þar reynir á ímyndunaraflið, skapandi hugsun og lausn vandamála. Lögð er áhersla á nýsköpun alla daga.

Í skólanum eru ekki skólastofur heldur opin rými sem hópur nemenda og fjórir kennarar deila með sér. Vinna barnanna er skipulögð um þemu sem geta varað í mánuð eða lengur. Hugmyndafræði skólans er að kenna listir og í gegnum listir. Listir eru að lágmarki 30% í öllum þemum. Listirnar eru ekki aðeins viðfang námsins heldur líka aðferð við að læra. Kennarar vinna í hópum og deila þannig skipulaginu.

Um leið og námskránni er fylgt eru þemu það skipulag sem tengir námsefnið og námið. Mat er byggt á frammistöðu nemandans. Notaðar eru hugmyndaríkar matsaðferðir eins og „platpróf“, próf sem leyst eru í samvinnu og munnleg próf. Haldið eru sérstaklega utan um framfarir hvers barns og tekið tillit til náms innan skóla sem utan. Hvert þema er einnig metið í heild.

Vinnuáætlanir mæta þörfum hvers barns. Kennarar taka fram að þeim líki afar vel að vinna við þennan skóla. Þeir segja að starf kennarans auðgist þegar unnið er í teymi. Í fyrstu þótti þeim áskorun að vinna í opnu rými. Segja hins vegar nú: „... get ekki hugsað mér að hverfa aftur inn í skólastofuna.“ Kennarar fullyrða að þessar nýju vinnuáætlaðar hafi gert þá að betri kennurum. Það hefur sýnt sig að þetta opna fyrirkomulag er í senn sveigjanlegt og skipulagt hvað varðar að skipulagningu kennslu.

Skólinn er í fjölbreyttu samstarfi við aðrar stofnanir og, eftir því sem aðstæður leyfa, fara nemendur og kennarar árlega í nokkrar ferðir.

Skólastjórinn segir í lokin: „Þetta er skóli 21. aldarinnar. Kennarar vilja mynda sambönd og nú fáum við heimsóknir alls staðar að úr heiminum; fólk kemur til að sjá hvað við erum að gera hér í skólanum. Við fáum marga gesti frá útlöndum.“

„Ég hef verið heppin með kennara og ég leita eftir skapandi kennurum. Við þurfum skapandi nemendur fyrir framtíðina, nemendur sem eru óhræddir við að glíma við nýja hluti með huga og hönd. Skapandi starf hefur góð áhrif á andann í skólanum og það er mikilvægt fyrir börnin að vera þau sjálf og þroska persónuleika sinn.“

3.5 Svigrúm fyrir skapandi hugsun, lausn vandamála og hvatning til að þora

- Menntun á Íslandi styður könnunarnám og hvetur til að tekin sé áhætta í gegnum opna nálgun á skipulag og námsefni.
- Öll verkefni ættu að hvetja til gagnrýninnar hugsunar bæði hjá nemendum og kennurum.
- Þeir sem kenna listir jafnt og nemendur ættu að fá þjálfun í að spyrja spurninga.
- Fjárstuðningur ætti að hvetja til að tekin sé áhætta og að tilraunum sé breytt.

Sveigjanleg, rannsóknarmiðuð nálgun sem samþætt er verkefnabundnum aðferðum hvetur til námsumhverfis þar sem kennarar, listamenn og nemendur sameinast í að prófa hugmyndir sínar. Ef tekist er á við verkefni í gegnum spurningar geta skapast óvæntar aðstæður sem oft geta leitt til innihaldsriks náms.

Í íslensku menntakerfi virðist rannsóknum og spurningum almennt beitt þegar kemur að menntun og menningu. Nemendur eru hvattir frá unga aldri til ábyrgðar og sjálfstæðis. Sterk áhersla á umhverfismennt, sérstaklega í leik- og grunnskóla, leiðir til þess að íslensk börn eru ákveðin og sjálfstæð. Í framhaldsskólum eru nemendur markvisst hvattir til frumkvæðis og þeim umbunað fyrir það. Viðburðir og uppákomur sprottnar frá nemendum eru þar algengar í listfræðslunni.

Ungir nemendur eru hvattir til að vinna með raunveruleg verkfæri og verkefni. Leikskólinn á Íslandi er sérstaklega öflugur og virkur í að tengja nám við umhverfi og samfélag og í að beita þeirri aðferð að verkefni séu vandamál sem krefjast lausna.

Í smíði og textíl eru verkefni mikið notuð. Þar sem best tekst til rækta þessi verkefni með nemandanum tilfinningu fyrir hönnun, módelgerð og þor til að taka áhættu. Þar sem síður tekst til eru verkefnið kennaramiðuð og undirstrika fremur færni og handverk án þess að hvetja nemendur nægjanlega til skapandi nálgunar eða til að takast á við verkefnið með almennt sértækum hætti. Vegna skorts á menntuðum kennurum í þessum fögum kemur fyrir að fólk með reynslu úr faginu sem ekki hefur kennaramenntun sé fengið til að kenna. Stundum hefur þetta leitt til frumlegra og mjög gagnlegra áhrifa á þessi fög. Ástæða er til að hvetja til aukinna tengsla atvinnufólks og menntageirans sem leið til að auka skapandi starf í stólum.

Almennt eru smíða- og textílkennslustofur vel útbúnar og þær mætti hugsanlega nýta betur, svo sem til námskeiðahalds. Slíkt gæti aukið úrval verkefna sem hugsanlega gæti síðan nýst skólanum, sérstaklega í smærri byggðum.

Þótt gæði handverks- og tæknigreina séu mikil í framhaldsskólum á Íslandi virðist það ekki fara saman með þroskaðri rannsóknarhefð í listum. Margar þeirra háskólastofnana sem heimsóttar voru kvörtuðu yfir ónógum stuðningi við rannsóknir og að það vantaði einstaklinga sem leitt gætu uppbyggingu hagnýtra rannsókna og rannsóknarumhverfis á Íslandi.

Mikilvægi rannsókna kom greinilega fram í þeim mikla og almenna stuðningi sem þessi úttekt fékk og þeir rannsakendur sem hana gerðu. Rannsókninni var ekki aðeins vel tekið vegna hugsanlegar vitneskju sem hún gæti fært um listfræðsluna heldur kunni fólk að meta það tækifæri sem þarna gafst til að skiptast á skoðunum og til að tengjast um leið alþjóðlegri samræðu um listir og menningu. Allt starfsfólk sem rætt var við í háskólageiranum kvartaði yfir skorti á rannsóknum og fagnaði hvernig þessi rannsókn dró fram raddir þeirra sem vinna við listfræðslu. Þetta fólk lýsti áhyggjum yfir því að skortur á tíma og þekkingu kæmi í veg fyrir að það gæti aflað upplýsinga á vettvangi þó að á sama tíma væri almennt viðurkennt að mjög gott starf færi víða fram í skólunum.

Þrátt fyrir yfirlýstan áhuga á rannsóknum og að kennsla sé byggð á rannsóknum hafa margar stofnanir ekkert fjármagn til rannsókna. Að gera rannsóknir er ekki auðvelt og þar sem flestar stofnanir eru smáar í sniðum, og sjá sjálfar um allt skipulag og kennslu, er einfaldlega ekki mögulegt fyrir þær að stundar rannsóknir að auki. Skólar standa fyrir ýmiss konar verkefnum án þess að vitað sé um áhrif þeirra. Sérstaklega virðist þetta vera tilfellið í menningartengdri fræðslu. Þar voru dæmi um að skólar stæðu fyrir áhugaverðum verkefnum án þess að í raun væri hægt að átta sig á eðli eða áhrifum starfsins.

Til viðbótar skorti á rannsóknum var almennur skortur á að þróunarskóla-verkefnum væri miðlað á milli skóla. Ástæða þess virtist bæði landfræðileg (fjarlægð) og skortur á tíma og fjármunum. Skortur á rannsóknum og úttektum var sérstaklega áberandi með t.t. þeirra fjölmörgu og að því er virtist árangursríku grasrótaverkefna.

Til að mynda eru dæmi um staðbundnar hátíðir sem virðast hafa tekist afar vel, mikið hugmyndaflug og margar nýjungar. Samt virtist engum gögnum haldið til haga, engar rannsóknir eða úrvinnsla af neinu tagi framkvæmd í þeim tilgangi að byggja megi áfram á því sem vel tekst til eða miðla því til annarra. Til dæmis var menningarfulltrúi bæjar sem heldur vel heppnaða árlega hátíð spurður að því hvort efnahagslega áhrif viðburðarins hefðu verið könnuð. Svárið var að slíkt hefði borist í tal en ekkert enn orðið úr framkvæmd. Það skortir rannsóknir á áhrifum viðburða af þessu tagi. Enginn virðist vita hvaða tekjur myndast vegna þessa í viðkomandi samfélagi eða hver jákvæð áhrif eru önnur. Mjög erfitt er að ná athygli fjölmiðla og þó að reynt sé að nýta Netið skortir samvinnu og samþættingu í slíku starfi. Starfsfólk háskólasamfélagsins virtist því líklegra til að nýta þekkingu sína erlendis en á Íslandi.

Kennarar eru áhugasamir um að auka rannsóknir í starfi sínu en ef frá eru talin stutt námsleyfi eru fá tækifæri til rannsóknartengds náms í listum. Sérstaklega á þetta við um nám sem stunda má með vinnu. Háskólasamfélagið er meðvitað um að byggja þurfi upp gróskumeira rannsóknarumhverfi í listum, hönnun og menningu og eru þegar uppi áætlanir um slíkt.

Góð listfræðsla hvetur fólk til að taka áhættu og leyfir mistök. Visst hömlu-

leysi og sjálfsöryggi, þó mistök eigi sér stað, eru mikilvæg einkenni hins skapandi ferlis. Góð liststarfsemi einkennist líka af tiltekinni óvissu sem er æskileg.

Á Íslandi sáust dæmi um vönduð og hvetjandi verkefni sem reyndu á nemendum, kennara og listamenn til hins ýtrasta. Verkefni af þessu tagi voru sérstaklega áberandi úti á landi þar sem hugmyndaauðgi hefur leitt til sérlega áhugaverðra verkefna í listum.

Þó að undarlegt megi virðast fylgja margar rótgrónar menningarstofnanir, þar á meðal sumir tónlistarskólar, mjög hefðbundnum viðhorfum í listfræðslu. Í þessum tilfellum er ríkjandi hefðum við haldið og þær styrktar á kostnað nýjunga og áhættu sem er samfara skapandi vinnu. Í sumum tilfellum var hefðin samofin menningu þessara stofnana. Í einum tónlistarskóla var til að mynda krafa um að unnið væri með hefðbundnum hætti, einkatímar sem fylgdu ströngu tímaplani. Þetta hafði leitt til þess að sumir unglinganna höfðu komið af stað annars konar námsleiðum. Viðbrögð skólans voru: „Ef þeim líkar ekki hvernig við vinnum hér, ja, þá eru aðrir tónlistarskólar þar sem hægt er að prófa nýja hluti.“ Opinber stuðningur á Íslandi fer að mestu til hefðbundinna stofnana. Hefja ætti umræðu um gildi hefðbundinna aðferða samanborið við aðra framsækni kennsluhætti. Færa mætti rök fyrir því að tónlistarskólar, sem margir starfa utan skólatíma, væru minna bundnir af námskrá og fastmótuðum tímaramma. Þannig mætti e.t.v. auka svigrúm og auðvelda tilfærslu fjármuna sem aftur gæti liðkað fyrir tilraunastarfi sem ávallt fylgir tiltekin áhætta. Þær vettvangskannanir sem gerðar voru í tengslum við þessa úttekt gefa til kynna að í langflestum tilfellum sé hið gagnstæða raunin.

Svo virðist sem mest áhætta sé tekin hjá sjálfstæðum aðilum þar sem unnið er meira eða minna sjálfboðastarf. Stærri aðilar gáfu til kynna að undanfarið ár hafi þeir tekið minni áhættu og í vaxandi mæli þurft að beina fjármagni til „öruggra“ verkefna en tilraunakenndari verkefna sem eru síður líkleg til að gefa tekjur.

3.6 Sveigjanlegt skipulag, sveigjanleg skil

- Skólar og menningarstofnanir hafa þróað hugmyndaríkar aðferðir sem stuðla að sveigjanleika um þessar stofnanir, jafnt út á við sem inn á við.
- Tónlistarskólar ættu að íhuga meiri sveigjanleika sem viðbragð við félagslegum og efnahagslegum breytingum.

Það viðhorf var almennt viðurkennt að listir væru mikilvæg leið fyrir nemendum til skapandi starfs og til að víkka sjóndeildarhringinn. Í þó nokkrum tilfellum hafði skólinn öðlast viðurkenningu fyrir framsækni, aðallega vegna mikillar þátttöku foreldra og virkni samfélagsins í víðari skilningi.

Skólar sem bjóða þjónustu eftir skólatíma einbeita sér hins vegar oft en ekki að því að þroska færni á kostnað skapandi tjáningar þar sem tekin er meiri

áhætta. Þó mátti sjá dæmi um að nemendur fengju áskoranir umfram það venjubundna. Oft var þó mikið brottfall, sérstaklega þegar mikið reyndi á nemendur. Þetta á sérstaklega við um tónlistarnám þar sem ströng áhersla á tónfræðanám eða skortur á hæfum kennurum olli auknu brottfalli á unglिंगastiginu.

Vönduð listfræðsla þrífst þar sem sveigjanleiki er kerfislægur. Í sumum skólum var greinileg og sterk samheldni sem notuð var til að bæta námsárangur og ná fjölþættum markmiðum í gegn um tiltekin verkefni. Almennt eru íslenskir skólar mjög opnir. Þetta sést vel á því hve þessari rannsókn var vel tekið og hve greiður aðgangur fékkst að skólum, kennurum og kennslustöðum. Foreldrar virðast velkomnir á sama hátt, þó aðallega sem áhorfendur á sérstaka viðburði. Börn fá frelsi og virðingu og virðast sjálförugg og ábyrg.

Sögulega eru skólar á alþjóðavísu ekki þekktir fyrir sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Það sama hefur í raun verið sagt um gallerí, söfn og aðrar menningarstofnanir. Sögulega hefur staða þessara stofnana í samfélaginu enda verið mörkuð forréttindum og úrvalshyggju. Að sumu leyti er því eðlilegt að þeir sem vilja aukinn sveigjanleika í starf þessara stofnana mæti mótspyrnu.

Þessari gagnrýni var sérstaklega beint að tónlistarskólum. Tónlistarskólar eiga langa og virta sögu á Íslandi enda vel metnar stofnanir á öllum stigum samfélagsins. Þessi saga hefur þó almennt og frekar byggst á hefð en aðlögun. Breytt samfélag og menntakerfi setur því pressu á að tónlistarskólar aðlagist með viðeigandi hætti. Eftirtektarverð dæmi eru um mjög vel heppnað starf tónlistarskóla í menntakerfinu. Þar hefur tónlistarskólinn haft frumkvæðið gagnvart öðrum skólum, börnum eða samfélaginu almennt. Þetta hefur leitt til þess að tónlistarskólinn hefur náð miðlægri stöðu í samfélaginu og sem menntastofnun. Í sérstökum tilfellum hefur tónlistarskólinn getað komið til móts við börn með sérþarfir. Þetta atriði verður skoðað nánar í næsta kafla.

3.7 Aðgengi fyrir alla

- Aðgengi fyrir alla er mikils metið á íslensku menntakerfi og á öllum stigum er leitast við að koma til móts við börn sem einstaklinga.
- Menningarstofnanir eiga áfram að leitast við að auka aðgengi, sérstaklega gagnvart þeim sem búa á landsbyggðinni.
- Þeir sem kenna listir utan skólatíma leitast við að þjóna öllum. Í raun eru þó mjög fá dæmi um tónlistarskóla (eða aðra listaskóla) sem sérstaklega leitast við að þjóna börnum með sérþarfir.

List- og menningarfræðsla er skyldunám í grunnskólum samkvæmt námskrá. Í flestum tilfellum fá börn fleiri en tvo tíma á viku en almennt viðhorf er að einn fimmti eða meira af skólatímanum séu listir af einhverju tagi. Í leikskóla getur þetta hlutfall jafnvel verið hærra. Þegar nemendur ná 14 til 15 ára aldri er minna um listnám en á móti koma oft listtengdar valgreinar.

Íslenskir unglingar virðast kjósa listtengd áhugamál og í flestum skólum var virkt félagsstarf af listrænum toga, svo sem hæfileikakeppni, kórastarf, tónlistarhópar, hljómsveitir, leiklist, dans, hátíðir ýmsar eða myndlist. Þessu starfi var oft stýrt af ungu fólki sem aftur leiddi til talsverðrar grósku og frumkvöðlastarfs. Í sumum framhaldsskólum buðust nemendum einingar fyrir þátttöku í starfi af þessum toga.


Vönduð listfræðsla er byggð um það markmið að ná til sem flestra. Allir ættu að eiga kost á breiðu framboði af vandaðri listfræðslu þar sem notaðar eru fjölbreyttar aðferðir. Þetta er sérstaklega mikilvægt í tengslum við verkefni sem reyna að ná til hópa eða einstaklinga sem eiga á hættu að einangrast. Menntun á Íslandi er í reynd aðgengileg öllum. Sérstaklega er hefð fyrir því að list- og menningarfræðsla sé eins aðgengileg öllum og mögulegt er. Börn með sérþarfir og með ólíkan félagslegan bakgrunn eru saman í grunnskóla og fá næga listfræðslu ef tekið er mið af námskrá.

Á hinn bóginn er það sem í boði er utan skóla mun síður aðgengilegt öllum. Börn af erlendum uppruna virðast síður líkleg til að stunda tónlistarnám eins og eftirfarandi gefur til kynna: „Pólverjar koma til Íslands til að vinna. Þeir senda börnin sín ekki í tónlistarskóla. Við reynum því að ná til þessa fólks. Hjá okkur vinna pólskir kennarar og pólskur prestur stýrir pólskum danshópi. Við erum í samvinnu við pólsku samtökin hér. Þrátt fyrir þetta sækja nýbúar tónlistarskólann í minna mæli en Íslendingar.“ Af þessu sést líka hvernig félagasamtök af ýmsum toga virkja fólk. Kirkjan, félagsmiðstöðvar og Rauði krossinn virðast sérstaklega virk í þessu sambandi.

Mjög fáir tónlistarskólar hafa tök á að bjóða nemendum með sérþarfir þjónustu: „Eru nemendur með sérþarfir í skólanum? Nei, en við vildum gjarnan gera það þótt beiðni um skólavist komi sjaldan.“ Sérþekking á þessu sviði listfræðslu fyrir börn með sérþarfir virðist líka lítil. Í könnun kom fram að þótt 72% tónlistarskóla tækju við nemendum með sérþarfir þá hefðu aðeins 46% skóla sérstaka aðstöðu til að taka við þessum nemendum. Í raun virtust mjög fáir tónlistarskólar hafa sérstaka þjónustu eða kennsluáðstæður fyrir börn með sérþarfir.

Þótt mikið sé lagt upp úr að tónlistarnám sé öllum aðgengilegt er hægt að gera betur, sérstaklega er varðar sérfræðiþekkingu svo þjónusta megi betur nemendur með mismunandi þarfir og af ólíkum uppruna. Mynd 3.7.1 sýnir að 86% skólastjórnenda segjast sammál eða mjög sammála því að tónlistarnám eigi að vera öllum aðgengilegt. Hins vegar taka einungis 72% tónlistarskóla við nemendum með sérþarfir og af þeim bjóða aðeins 46% þessum nemendum sérstaka þjónustu.

Mynd 3.7.1 Aðgengi að tónlistarnámi



Þrátt fyrir þennan mun á yfirlýstum vilja og því sem almennt virðist raunin („Ég veit ekki til að fatlaðir séu í listnámi.“) eru nokkrir aðilar sem einbeita sér að því að tryggja börnum með sérþarfir menntun í menningu og listum eins og eftirfarandi svipmyndir sýna. Sú fyrri (svipmynd 3.7.2) lýsir heilu samfélagi sem starfar um þá hugmynd að allir séu virkir. Seinni svipmyndin (3.7.3) segir frá fyrirmyndartónlistarskóla sem einbeitir sér að þjónustu við mjög fötluð börn.

Svipmynd 3.7.2 Fólk sýnir mikinn stuðning

Í þorpinu búa um 100 manns. Af þeim eru rúmlega 40 fatlaðir. Skipulagið virkar ekki þannig að hinir fötluðu samsami sig samfélaginu heldur öfugt, með vissum hætti, við þurfum að aðlaga okkur að þeirra þörfum. Hugmyndafræði Rudofs Steiners er lögð til grundvallar. Við tókum hugmyndafræðina ekki bókstaflega en nýtum okkur úr henni það sem virkar. Flestir hinna fullorðnu búa við andlega fötlun. Þeir búa á sambýli eða í íbúðum út af fyrir sig. Við reukum öflugt leikhús. Fatlaðir og ófatlaðir leikarar vinna hlið við hlið. Við stöndum fyrir meiriháttar menningarviðburðum yfir sumartímamann sem fjöldi gesta sækir. Þeir koma fram með atriði bæði af staðnum og erlendis frá. Við stöndum líka fyrir viðburðum í tengslum við jólin. Fólk sýnir mikinn stuðning og við erum mjög háð velvilja ráðamanna. Við reukum líka námskeið og smíðjur sem gefa tekjur. Þorpið og samfélagið er efnahagsleg heild. Samfélagið má rekja til hugsjónakonu. Íbúarnir koma alls staðar að af Íslandi. Við ræktum skóg og stundum lífræna ræktun. Samfélagið er næstum sjálfbært. Við höfum búðir og kaffihús, hótél og ráðstefnuaðstöðu, kirkju og umhverfismiðstöð.

Svipmynd 3.7.3 Á hverjum degi gerist lítið kraftaverk

Í húsnæði sem í raun er bara eitt herbergi með lítilli skrifstofu og biðsvæði í öðrum endanum er eini tónlistarskólinn á Íslandi sem sérhæfir sig í þjónustu við börn og ungmenni með þroskahömlun. Við skólann er aðeins ein og hálf kennarastaða og dagarnir eru langir, kennt frá 8.30 til 17.30. 73 nemendur sækja skólann og skólagjöld, sem foreldrar borga, eru frá 7.000 til 12.000 kr. á mánuði.

Börnin glíma við margs konar tilfinningalega, andlega og líkamlega fötlun. Heilsa sumra barnanna er það óstöðug að foreldrar borga aðeins mánuð í senn. Þar sem þetta er eini tónlistarskóli landsins sem er með þessa þjónustu er langur biðlisti, sem stendur eru yfir 50 nemendur á honum.

Skólinn var stofnaður 1987 af píanókennara sem hafði lært tónlistarþerapíu í Bandaríkjunum. Hann er ánægður með að hafa fengið tækifæri til að „móta skólann eftir eigin höfði og þróa hugmyndir“. Um þriðjungur nemenda er eldri en sextán ára og dæmi eru um þriggja og fjögurra ára nemendur. Flestir eru þó á aldrinum fjögurra til sextán ára. Auk 30-60 mínútna einkatíma er bjöllukór við skólann. Nemendur hætta ekki í skólanum þegar þeir komast á unglingsaldur sem er algengt í öðrum tónlistarskólum. Raunar vilja nemendur vera í skólanum „of lengi“.

Kennslan er fjölbreytt, söngur, píanó, slagverk og orgel. Einn hæfileikaríkur nemandi hefur fengið starf sem orgelleikari við kirkju. Bjöllukórinn kemur fram við ýmis tækifæri, bæði opinberlega og á vegum einkaaðila. Haldnir eru jóla- og vortónleikar. „Þetta eru yndislegir tónleikar. Nemendurnir fá mikið út úr því að vera raunverulegir tónlistarmenn,“ segir kennarinn.

Skólinn starfar fimm daga vikunnar.

„Við erum að þróa prógramm sem við köllum *tónræna umönnun*“ sem er sérstök aðferð til að vinna í gegnum tónlistariðkun. Mæður koma með ung, fötluð börn. Þær þarfnast aðstoðar og umhyggju. Reynsla þeirra er þungbær og mikil og ég hef trú á að tónræn umönnun geti hjálpað ef byrjað er snemma. „Við vinnum með einstaklinginn, ekki sjúkdómsgreiningu. Við tökum mið af því hvar barnið er statt. Þátttakendurnir móta kennsluna. Við skiljum hvað umhyggja er. Á hverjum degi gerast lítil kraftaverk og sögur sem snerta mann. Foreldri segir kannski: ‚Hún var svo róleg‘ eða ‚Hún veit alltaf þegar er þriðjudagur‘. Það er ótrúlegt en hindranir virðast hverfa þegar músík er annars vegar.“

Listir hafa líka verið notaðar með árangursríkum hætti til að styðja við og endurhæfa ungt fólk í áhættuhópum af ýmsu tagi. Fámennir skólar sem tóku við þessum nemendum nefndu að listir auðvelduðu þeim aðlögun og að venjast nýjum aðstæðum.

Það besta sem hægt er að gera er að börn með sérþarfir fái að glíma við listir. Ég get sýnt þér vandamálabörn sem virkilega blómstra í listum. Þau þurfa að hafa möguleika á að læra listir. En það er erfitt að fá fjármagn í þetta sérstaklega.

Erfiðu börnin eru bestu nemendurnir. Þau blómstra í listum. Þau þurfa fleiri tækifæri á því sviði.


Allar þær menningarstofnanir sem tóku þátt í rýnihópum höfðu sérstök úrræði fyrir fötluð börn. Sinfóníuhljómsveitin býður fötluðum börnum á æfingu tvisvar yfir starfsárið. Hitthúsið, í samvinnu við *List án landamæra*, heldur listahátíð fatlaðra. Listasafn Íslands er með dagskrá sem sett er saman með hliðsjón af skólastarfi nemenda. Allir bekkir koma á safnið annað hvert ár. Aðgangur er ókeypis og árlega koma um 13.000 börn á safnið. Þetta hefur breyst í áranna rás og nú koma nemendur mun oftar en áður. Safnið hefur skipulagða dagskrá fyrir nemendur frá leikskóla upp í gegnum framhaldsskóla. Eins og þau útskýra, á safnið að þjónusta alla Íslendinga: „Við bjóðum dagskrá og verkefni á Netinu, ókeypis fyrir nemendur og kennara. Við erum byrjuð að höfða sérstaklega til barna með sérþarfir. Til að mynda „snertisýningu“ þar sem blind börn geta komið og þreifað á hlutum.“ Safnið er líka með dagskrá fyrir félagsmiðstöðvar, sérstaklega yfir sumarið. Þjóðleikhúsið lýsti sinni dagskrá svona: „Við viljum stofna til samvinnu við heyrnarlausu, erum raunar þegar byrjuð. Við höfum tvisvar haft kynningar fyrir þá fyrir sýningu - nægjanlega ítarlegar til að þeir skilji síðan það sem fram fer. Okkur langar líka til að gera verkefni fyrir börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.“

Þótt Ísland sé ekki stórt land eru ferðalög á milli landshluta ekki endilega auðveld. Listir og menning er í mestum mæli á höfuðborgarsvæðinu sem aftur tengist aðgengi að listum og menningu fyrir þá sem búa annars staðar á landinu. Eins og áður er nefnt er hér átt við möguleika nemenda til að ferðast til að sækja menningu og menntun sem og þau verkefni sem færa listir og menningu til fólks vítt og breitt um landið.

Næstum allir dansskólar, utan eins, eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þýðir almennt mun erfiðara aðgengi að dansi fyrir þá sem búa annars staðar á landinu.

Hvað tónlistarnám varðar er ástandið mun betra þar sem nær öll byggðarlög hafa a.m.k. einn tónlistarskóla.

Mynd 3.7.4 Staðsetning tónlistarskóla



Þótt tónlistarskólar séu um allt land eru biðlistar í 63% þeirra sem gefur til kynna meiri eftirspurn en hægt er að mæta. Skólarnir eru þar með ekki færir um að þjóna öllum sem sækjast eftir tónlistarnámi.

Þrátt fyrir þá erfiðleika sem dreifð byggð orsakaði voru mörg dæmi um úrvalslistfræðslu þar sem fámennir skólar í afskekktum byggðum höfðu með hugmyndaríkum hætti fundið leiðir til að þjóna listfræðslu. Eftirfarandi svipmynd er dæmi um þetta:

Svipmynd 3.7.5 Þetta er lítill skóli

Þetta er lítill skóli, aðeins 40 nemendur alls.

Prisvar í viku byrjum við daginn með söng. Nú erum við að æfa lög fyrir hátíð á föstudaginn. Börnin læra öll á hljóðfæri - gítar, flautu, rafmagnsbassa, píanó. Við erum með skólahljómsveit og börnin semja lög og hljóðmyndir. Tónlistarkennari kemur í skólann. Skólagjöld eru um 50.000 kr. á ári.

Allir nemendur fá tónmennt frá leikskóla og upp í 7. bekk. Þar er söngur og hlustun en ekki er lögð áhersla á að kenna nótalestur. Tónlistarkennarar koma í skólann til að kenna á hljóðfæri, t.d. harmóniku.

Við höfum danstíma fyrir leikskólann og upp í 5. bekk og dans og leiklist fyrir 6., 7. og 8. bekk. Eldri börnin gerðu dansverk um kalda stríðið. Við sameinum

slagverk og dans. Við borgum danskennaranum af rekstrarfé skólans. Við höfum myndmenntakennara í fullri stöðu sem hefur kennsluréttindi.

Hver bekkur fær 80 mín. á viku í myndmennt. Þau eru líka í 80 mín. vikulega í saumum og textíl. Hún er líka sérgreinakennari. Börnin eiga að fá 40 mín. á viku en við gefum þeim 80 mín. á viku í hálfra önn. Það er æðislegt. Myndlist er ekki kennd í 8. bekk en við höfum kennslustund vikulega þar sem þar sem eldri nemendur geta valið og mörg þeirra velja smíði, hárgreiðslu eða förðun.

Sum börn eru hér vegna þess að þau hafa átt erfitt uppdráttar þar sem þau gengu í skóla áður. Þau koma hingað og búa hjá fjölskyldu á staðnum. Ég var áhyggjufull í fyrstu en í raun virkar þetta ágætlega. Þau passa í hópinn og virðast ánægð.

Við höldum margar hátíðir og viðburði yfir árið. Allir leggja eitthvað til þótt þeir stjórni sem reynslu og þekkingu hafa. Við tökum þátt í nemendaskiptaverkefni með litlum skóla í Færeyjum. 9. og 10. bekkingar safna fyrir ferð til Reykjavíkur. Við reynum að heimsækja söfn og fara í leikhús. Eldri krakkarnir skipuleggja diskó fyrir þá yngri. Þeir sjá um allt, tónlistina, ljósinn, sjoppu og þrifa jafnvel á eftir.

3.8 Nákvæm úttekt og mat

- Í öllum skólum sem heimsóttir voru var listfræðslan metin með formlegum hætti.
- Listir voru metnar með sama hætti og önnur fög.
- Yngri nemendur frá frekar umsagnir en eldri nemendur frá einkunnir samhliða umsögn.
- Þjóða mætti frekari menntun og þjálfun í nýjum og skapandi matsaðferðum þannig að listgreinakennarar geti betur fylgst með framförum nemenda og mælt gæði kennslunnar.

Formleg jafnt og óformleg umræða, umhugsun og mat hvetur fólk til að meta og skoða verkin sín með gagnrýnum hætti.

Umhugsun og umræða er ekki hluti menntunar, hvorki í stefnu né framkvæmd. Við þurfum að bera ábyrgð á að taka frumkvæði og standa fyrir því sem gert er. Hugmyndafræðilega er íslenskt menntakerfi mjög opið. Fólk getur bara komið og látið vaða.

Listgreinakennarinn sagði okkur að hann hvetti börnin til að tala um það sem þau gerðu, hvað þeim fyndist vel gert og hvað ekki eins gott.

Mat er fastur liður í listfræðslu á Íslandi. Ungir nemendur fá frekar umsagnir sem byggja á því sem þeim finnst gaman eða vekur áhuga þeirra. Eldri nem-

endur fá einkunnir og/eða umsagnir sem byggja á því hve vel þeim tekst til Verkefnaöppur og ferilskrár sáust víða þar sem listfræðslan var vönduð.

Annars staðar var matið óformlegra; notast var við samræður, myndir og fleira slíkt eins og eftirfarandi tilvitnanir vitna um:

Allar listgreinar eru metnar. Eldri bekkirnir fá einkunnir en þeir yngri umsögn. Við erum yfirleitt jákvæðari í umsögn um verk þeirra yngri.

Það er erfitt að meta listirnar. 1. til 4. bekkur fær umsögn en allir aðrir fá einkunn.

Yfirleitt eru ekki próf í listgreinum þótt þessi fög séu alltaf tilgreind á einkunna-spjöldum nemenda. Þá er yfirleitt um að ræða umsagnir þó eldri nemendur fái líka í sumum tilfellum einkunnir, tölur eða bókstafi.

Listgreinar eru metnar hjá öllum nemendum. Yngri nemendur fá umsagnir og einkunnir (frá 1 til 10) að auki þegar þeir koma í 5. bekk. Námsmat er mikið rætt sem stendur, í öllum skólum. Við höldum kennarafundi um námsmat. Svo héldum við líka sameiginlegan fund, sex skólar, og fengum einhvern frá háskólanum til að ræða við okkur - ekki var þó sérstaklega rætt um mat í listgreinum.

Sumir þeirra sem rætt var við sögðu að þótt nemendur væru metnir þá vantaði frekari og ítarlegri upplýsingar til að þeir gætu metið framfarir nemenda með upplýstum hætti:

Sú vinna sem fram fer í skólum er ekki nema að hluta sýnileg á einkunna-spjöldum nemenda. Barnið gæti til að mynda hafa setið í nemendaráði. Þetta er ekki gott því hvaða mynd gefa framhaldsskólar af nemandanum? Það sem gerist í skólunum utan hefðbundinna námsgreina er ekki nægjanlega metið.

Skortur á matsviðmiðum í námsgögnum var líka gagnrýndur:

Opinber námskrá krefst þess að mat fari fram en gefur ekki leiðbeiningar um hvernig eigi að framkvæma það. List- og verkgreinakennarar héldu fundi á síðasta ári. Sumir þar álitu að samræmd próf myndu auka gæðin. Flestir voru þó efins um að prófa sjónlistir.

Þessi síðasta tilvitnun vísar til þess hve mikilvægt er að kennarar fái næga þjálfun í að meta listgreinar og skapandi starf. Kennarar áttu ekki alltaf gott með að meta listirnar eins og viðurkennt var í háskólanum þar sem ýmsar matsaðferðir eru kenndar eins og eftirfarandi gefur til kynna:

Kennaranemar fá kynningu á ýmsum aðferðum við að meta listgreinar. Við vitum af ákveðnu óryggi varðandi leiklist. Fáir kennarar eiga auðvelt með að kenna leiklist. Algengt svar er: „Ég kenni ekki leiklist“ eða „ég kann það ekki“.

Í tónlist hvetjum við kennaranema til að gera kennsluáætlanir. Þeir verða að setja niður markmið sem ríma við námskrána. Aðalnámskráin er nokkuð almenn. Við

látum kennaranema semja mat út frá markmiðunum. Við reynum að sýna þeim að hægt sé að gera mat án þess að nota þurfi blað og blýant.

Í sjónlistum metum við aðallega út frá áhuga og framförum nemandans. Kennarar þurfa að fá fræðslu um áhugaverðari og meira skapandi matsaðferðir. Nú hafa tekið gildi ný lög um námsmat sem vonandi þýðir að matið öðlist meiri þýðingu.

Almennt fer mat í íslenskum skólum fram innan skólans sem sjálfsmat. Ferlið virðist almennt vera nákvæmt og formlegt og ná til allra skólastiga sem og til náms í tónlistar- og listaskólum. Foreldrar og nemendur eru yfirleitt þátttakendur í ferlinu og viðtöl og skoðanakannanir algengustu aðferðirnar. Kerfislegar úrbætur gætu falið í sér auknið jafningjamat (t.d. með því að fá kennara úr öðrum skólum í matsteymið) og með því að gera matsskýrslur aðgengilegri almenningi.

Dansskólar sögðust flestir stunda sjálfmat eða hafa verið metnir af ytri aðilum en þegar leitað var eftir því hvort opinber lýsing á innra mati skólans væri aðgengileg almenningi svöruðu 75% dansskóla að svo væri ekki. Almennt áttu þó foreldrar þess kost að taka þátt í matsferlinu og þriðjungur þeirra hafði einhvers konar kannanir meðal foreldra. Foreldrar tónlistarskólanema voru með hliðstæðum hætti þátttakendur í matsferlinu, oftast nær með viðtölum en aðeins 13% þeirra sögðust hafa látið fara fram könnun meðal foreldra.

3.9 Framhaldsmenntun

- Almennir grunnskólakennarar eru óöruggir með að kenna listir eða skapandi greinar.
- Framhaldsnám getur verið dýrt og varir oft í stuttan tíma.
- Framhaldsmenntun er ekki nógu aðgengileg kennurum í fullri vinnu nema þeir taki sér námsleyfi.
- Fjarnám hefur gagnast kennurum sem búa úti á landi (sérstaklega leikskólakennurum) en er ekki talið henta listgreinakennurum.
- Réttindalausir kennarar stunda listgreinakennslu.
- Tengja þarf betur þá sem bjóða framhaldsmenntun.
- Þótt framhaldsmenntun kennara sé mikilvæg þurfa listamenn ekki síður framhaldsmenntun.
- Kennaramenntun þarf að þróa sem og sérþekkingu í rannsóknum í listfræðslu.
- Skólastjórar þurfa framhaldsmenntun varðandi gildi list- og menningarfræðslu.

Á meðan rannsóknin fór fram varð vart mikils óöryggis í listfræðslunni. Kvartað var yfir skorti á kunnáttu, reynslu og sérþekkingu. Listmenntun kennara virðist fara þverrandi og mögulegt er fyrir kennara að ljúka námi án þess að fá nokkra

þjálfun í listum eða skapandi kennslu. Þótt sérgreinakennarar í listum og tónlistarkennarar hafi sérþekkingu á sínu sviði virðist þessa kennara hins vegar oft skorta þekkingu á því hvernig börn læri og þroskist í listnámi. Sums staðar í hinum dreifðu byggðum getur verið mjög erfitt að fá réttindakennara til starfa, t.d. í tónlistarkennslu eða í smíði. Erlendir kennarar bæta víða úr þessum skorti. Erlendu kennararnir eru oft vel menntaðir og virðast aðlagast vel aðstæðum á Íslandi.

Við reynum að bjóða framhaldsnám. Sveitarfélagið borgar laun kennarans en ekki námsgjöld. 75% kennara hjá okkur eru réttindakennarar. Aðeins helmingur tónlistarkennaranna hefur réttindi. Þetta er vandamál fyrir okkur sem erum talsvert einangruð og háskólinn býður ekki fjarnám í listum. Ég stundaði fjarnám 1992. Þá voru 100 kennaranemar í fjarnámi. Ég held að fjarnám sé aflagt núna. Fólk verður að að sækja staðbundið nám sem er mjög erfitt héðan.

Almennt er mikill styrkur að fjarnámi en slíkt nám virkar ekki vel í listum. Við þurfum samfellda verklega kennslu. (háskólakennari).

Mjög algengt var að kennarar, eða kennaranemar kvörtuðu yfir takmörkunum á eigin listkunnáttu og samskiptafærni. Því var einnig haldið fram að nemendur sem lykju kennaranámi vantaði skilning á hinu skapandi listræna ferli og meðvitund um markmið og ávinning af listnámi og skapandi vinnu. Jafnframt vantaði alla fræðilega undirstöðu og heimspekilega sýn á listfræðslu. Þótt þessar umsagnir séu ekki alltaf réttar er greinileg þörf fyrir aukna menntun þeirra sem kenna listir í skólum. „Þörfin fyrir sérmenntun er mjög mikil. Okkur dreymir um að geta menntað skapandi kennara. Hér vantar eins konar „opinn háskóla“ í listum.“

Af 122 námskeiðum sem buðust starfandi leikskólakennurum í Hafnarfirði skólaárið 2008-2009 voru aðeins tvö sem á einhvern hátt tengdust listum - tveggja tíma fyrirlestur/umræður um tónlist í leikskóla miðað við aðalnámskrá og innangsnámskeið og umræður um kennslu lista í leikskólum. Annað áhugavert í þessu námsframboði voru þau u.þ.b. 30 námskeið sem buðust starfsfólki leikskóla sem ekki talaði íslensku - sem gefur til kynna að margir nýbúar starfi í leikskólum. Í inngangi námskeiðsbæklingsins er vísað til annarra námsmöguleika og athygli vakin á að stéttarfélög bjóði kennurum og starfsfólki námsstuðning.

Framhaldsmenntun kennara á Íslandi er almennt vel sinnt og listgreinakennarar eiga kost á framhaldsmenntun þótt takmörkuð sé að sumu leyti. Samkvæmt kjarasamningum eiga framhaldsskólakennarar að nota 80 tíma til framhaldsmenntunar yfir sumartímann. Hægt er að sækja í sjóði og styrkir er mögulegir. Einnig er til sjóður sem gerir eins árs námsleyfi mögulegt fyrir um 30 kennara. Í grunnskólum greiðir sveitarfélagið 1,72% mánaðarlauna í sjóð sem kennarar geta sótt námsstyrki í. Þannig eru ýmis úrræði tiltæk sem styðja við framhaldsnám. Kjarasamningur grunnskólakennara mælir fyrir um að kennarar skuli árlega nota 150 tíma í endurmenntun o.fl. Þetta er þó breytilegt miðað við t.d. starfsaldur.

Nýútskrifaðir kennarar hafa mun minni tíma til endurmenntunar en taka gjarnan námskeið í eigin frítíma. Þó að á blaði geti kennarar valið þau námskeið sem þeir sækja eru það oft skólastjórarnir sem í raun ákveða framboðið. Framboð námskeiða er líka oft háð því hvað mögulegt er að bjóða. Sumir skólar taka frá tíma fyrir kennara til að sækja námskeið en almennara er að skólarnir borgi námsgjöldin en kennarar sæki síðan námskeiðin í eigin frítíma, yfir sumarið eða um helgar. Almennt greiða skólar líka ferðakostnað.

Kennarar voru almennt gagnrýnir á gæði þeirra námskeiða sem í boði voru. Námskeið eru yfirleitt hálfur eða heill dagur og framhaldsnámskeið eru sjaldnast í boði. Kennarar kvörtuðu yfir að hafa ekki nægjanlegt val um námskeið og að fá námskeið í listum væru í boði. Algeng gagnrýni var líka að námskeiðin væru ekki nógu hagnýt eða að námskeiðshaldarar væru ekki í nægjanlegum tengslum við veruleika skólastofunnar. Mikill breytileiki virtist líka í námskostnaði. Þannig gátu mjög góð námskeið boðist ókeypis en það þurfti að borga þurfti fyrir mun veigaminni námskeið.

Erfitt er að alhæfa um framhaldsmenntun og aðgengi að henni þar sem fjármagni er ekki úthlutað miðlægt og það getur auk þess komið frá mörgum aðilum. Sú skoðun heyrðist að þessi dreifða fjárveiting og það að skólarnir veldu námskeið ylli því að minni áhersla væri á endurmenntunarnámskeið fyrir listgreinakennara.

Kjarasamningur kennara mælir fyrir um 90 stundir í endurmenntun. Áhersla í námskeiðsframboði er hins vegar oft ákveðin af sveitarfélögunum. Nefndin sem velur námskeið getur t.d. sagt að nú verði einungis í boði námskeið í stærðfræði. Þá þurfum við öll að sækja það námskeið. Maður getur haft samband við stéttarfélagið og fengið styrk. Námskeiðin sem í boði eru eru drasl. Þegar upp er staðið borgar skólinn fyrir að eitthvað sé gert innan skólans. Þessi námskeið kosta um 13.000 kr. á hvern kennara. Það eiga að vera 8 dagar án nemenda yfir árið sem kennurum er ætlað að nota til endurmenntunar.

Allir kennarar taka þátt í endurmenntun tvisvar yfir árið eins og kjarasamningur mælir fyrir um. Ýmist fara kennarar eitthvað eða einhver er fenginn til að koma í skólann. Skólastjórinn sendir tölvupóst um það sem í boði er. Ef ég bið um að fá að fara á eitthvert námskeið fæ ég nánast undantekningarlaust leyfi til þess. Það er þó ekki margt í boði sem tengist listgreinum. Oftast ekki nema eitt eða tvö námskeið og það á öllu landinu. Yfir sumartímann hef ég möguleika á að fara. Við þurfum heildstæðara framboð framhaldsmenntunar. Námskeiðin eru líka dýr. Mér finnst að endurskoða þurfi fyrirkomulagið í heild.

Mikill kostnaður og skortur á námskeiðum í listum var almennt kvörtunarefni í samtölum við kennara og skólastjóra. Þessi meinti skortur á námsframboði í listgreinum hefur leitt til þess að sumir skólar eða svæði hafa þróað eigið námsframboð.

Við erum byrjuð að þróa okkar eigið námsframboð. Einn kennari þróaði mjög gott námskeið um víkinga. Þau gerðu skinnveski og skartgrip. Það sýndi hvernig nota mætti listirnar. Við tengdum námskeiðið ljóðagerð og tónlistarkennarinn vann með bekkjarkennaranum. Börnin plöntuðu litlum skógi og bjuggu til „trjábók“. Þetta var svo tengt námi í raungreinum. Í „vinavikunni“ var áherslan á teikningu. Jafnvel kennararnir tóku þátt. Þetta þroskaði færni verulega. Söfn eru of langt í burtu frá mér hér en ég nota mikið myndir og sýni þeim íslenska nútímalist. Það þarf að kynna handverkið fyrir börnum og byggja þannig leikni en gæta þess jafnframt að þau njóti lista. Við kennum jú börnum að skrifa þótt þau verði ekki öll rithöfundar.

Það þarf að stórauka framhaldsmenntun í listum. Það er lítið framboð. Ég reyni að bjóða eitthvað í skólanum en við þurfum meira en hægt er að bjóða á staðnum.

Þar sem kennarar höfðu haft aðgang að réttindanámi og framhaldsmenntun létu þeir vel af því. Sérstaklega átti þetta við um leikskólakennara:

Að fara í háskóla opnaði algerlega nýjan heim og gerbreytti því hvernig ég vinn. (Hér tóku starfsfélagar undir: „Já, það opnaðist fyrir henni nýr heimur.“) Það er afskaplega vont að framhaldsmenntun skuli skorin niður. Það er allt orðið mun dýrara.

Í háskólanum og hjá öðrum sem buðu framhaldsnám var því haldið fram að námskeið væru boðin í listfræðslunni en þau gengju hins vegar ekki af ýmsum ástæðum:

Við erum með leikskólabraut þar sem við skoðum hugmyndir Reggio Emilio. Við skoðum tengsl leiks, lista og náms. Við álitum rannsóknir vera miðlægur í öllu námi. Mér finnst sorglegt hvernig komið er fyrir kennaranáminu. Hægt er að klára kennaranám án þess að fá nokkra kynningu á listfræðslu. Allir kennarar þurfa að læra um listir. Í upphafi allrar kennaramenntunar verðum við að tryggja að kennarar skilji gildi sköpunarkrafts og menningar.

Í námsframboði háskólans er svo til ekkert tengt listum.

Við reyndum að bjóða píanónám um helgar. Margir kennarar fara utan. Stéttarfélagið styrkir slíkt. Hægt er að fá allt að 200.000 kr. þriðja hvert ár. Þessa fjármuni má nota til framhaldsmenntunar, annaðhvort sem einstaklingur eða sem hluti af hópi. En merkilegt nokk, margir kennarar nýta sér ekki þennan möguleika.

Eftirfarandi svipmynd frá háskólakennara gefur innsýn í þann vanda sem oft er samfara því að bjóða framhaldsmenntun:

Svipmynd 3.9.1 Hér áður var endurmenntun kennara í fastari skorðum

Hér áður var endurmenntun kennara í fastari skorðum en nú geta skólar valið. Sveitarfélögin tóku við endurmenntuninni 1996. Mér finnst framboð í listum hafa minnkað síðan þá. Það er lítið framboð sem kennarar í listum þá og fáir

kennarar komast að frá hverjum skóla. Mér finnst allir óánægðir með þetta. Ég held meira að segja að stundum velji skólastjórinn þau námskeið sem boðin eru. Þeir verða að velja eitthvað sem passar. Framboðið hefur minnkað mikið. Nú eru í boði námskeið á vegum háskólans en þau þarf að greiða að fullu sem gerir þau dýr. Við höfum reynt að bjóða námskeið eins og „Tónlist og hreyfingu fyrir allan skólann“ en fengið lítil viðbrögð. Fella þurfti námskeiðið niður vegna slægrar aðsóknar. Stéttarfélagið og ýmis samtök bjóða líka námskeið. Almennt held ég samt að framboðið sé ósamstætt.

Ég held við þurfum að endurhugsa frá grunni framhaldsmenntun kennara. Við buðum t.d. námskeið í myndlist fyrir leikskólakennara og þá sóttu fleiri um en komust að. Heils árs námskeið er í boði fyrir kennara, eins konar námsleyfisnámskeið. En þeir verða að koma hingað í námið. 20-30 kennarar nýta sér þetta nám árlega. Kennaramenntun þarf að skipuleggja sem nám allt lífið. Það er áhugi á námskeiðum sem tengjast listum og tækni - eins og t.d. í notkun GarageBand-forritsins [hljóðvinnsluforrit, staðalbúnaður á Apple tölvum]. Þessi námskeið eru hins vegar að mestu boðin af stéttarfélögunum og ég held að oft ráði peningar miklu. Við höfum þurft að lifa við 10% niðurskurð í fjárveitingum þannig að námskeið sem skila hagnaði eru því enn frekar boðin. Við höfum miklar áhyggjur því háskólinn hefur gefið það út að námskeið með færri en 15 nemendum verði felld niður. Mörg námskeið í listum hafa færri en 10 þátttakendur. Almennt séð fækkar þeim sem sækja í kennaranám. Fram undan eru erfið ár.

Sú hugmynd að starfsfólk menntakerfisins, listamenn eða þeir sem starfa í skapandi greinum geti sótt fullgilt nám með starfi er rétt að verða til á Íslandi. Flestar framhaldsnámsbrautir en alfarið byggðar á staðbundnu námi eða fara fram á skólatíma og eru þannig ekki mögulegar fyrir kennara í fullu starfi. Það sjónarmið kom fram að fjarnám hentaði ekki fyrir framhaldsnám í listum vegna þess hve listnám væri í eðli sínu verklegt.

Þó að í svipmynd 3.9.1 sé að finna efasemdir um að rétt væri að framhaldsmenntuninni væri stjórnað í héraði töluðu aðrir um að víða væri margt vel gert:


Hingað kom kona og hélt námskeið sem borgin skipulagði. Menntaráð borgarinnar stendur sig mjög vel. Hvert sveitarfélag sér um sitt námsframboð. Konan kom frá miðstöð um rannsóknir í menntun barna. Námskeið á vegum borgarinnar eru ókeypis. Hún talaði um Penn Green aðferðina á Englandi og ég féll algerlega fyrir þessu viðhorfi. Námskeiðið var samvinna 80 skóla. Eftir námskeiðið erum við upptendraðar. Þarna lærðum við að hægt væri að vinna með listir út frá engu. Nú reynum við að koma listum að á hverjum degi. Í stað þess að kennarinn búi til alla hluti lærðum við að börnin yrðu að gera hlutina sjálf til að þeir yrðu þeirra. Þetta er aðferð sem virkar fyrir alla. Ég hef verið bekkjarkennari í 45 ár en það er alltaf

hægt að læra nýja hluti. Ég lærði t.d. hvernig hægt væri að þróa og byggja upp út frá einni lítilli hugmynd. Við gerðum kort af háum og lágum stöðum sem síðan leiddi til þess að við gerðum líkön. Allt kom frá börnunum og allt sem við þurftum var við höndina. Börn læra með því að hugsa og framkvæma svo sjálf. Maður verður að gefa af sér.

Sérstakt fyrirkomulag er á framhaldsmenntun tónlistarskólakennara sem rekja má til kjarasamninga 2001 þegar 0,5% var bætt við laun til endur- og símenntunar. Félag tónlistarkennara hefur líka sjóði sem kennarar geta sótt í eins og eftirfarandi dæmi sýnir: „Við reynum að fara allir kennarnir til útlanda þriðja hvert ár. Til að mynda fórum við öll til útlanda og tókum námskeið í Sibelius-nótnaskriftarforritinu. Við höfum líka farið til að sjá tónleika í Berlín og til Ítalíu. Á næsta starfsdegi verðum við með námskeið í hvernig tónlist gagnist í vinnu með fötluðu fólki. Sveitarfélagið er eiginlega bara með almenn námskeið varðandi öryggis- og heilsuverndarmál sem eru ekki eins fagleg. Það stendur eiginlega upp á okkur að taka frumkvæðið og búa til eitthvað sem gagnast okkur faglega.“ Tónlistarkennarar geta sótt til Félags tónlistarskólakennara, allt að 200.000 kr. þriðja hvert ár. Að auki eiga tónlistarkennarar rétt á 60.000 kr. þriðja hvert ár til hópferða.

En, jafnvel í tónlistarskólum, þar sem framboð endurmenntunar er tiltölulega mikið, er þörf á meira framboði. Eins og mynd 3.9.2 sýnir töldu velflestir skólastjórnenda að auka mætti framboðið.

Mynd 3.9.2 Framboð endurmenntunar fyrir tónlistarkennara (tónlistarskólar)



Listaskóli eykur framboðið með því að sækja sérþekkingu til útlanda: „Við sækjum um styrk árlega og fáum kennara frá útlöndum, t.d. frá New York. Hægt er að vinna í textíl á safninu og við biðjum þá að halda fyrirlestur. Við reynum líka að sækja ráðstefnur á Norðurlöndunum. Svo erum við líka með almenn námskeið tvisvar yfir árið. Í fyrra var t.d. námskeið í Photoshop.“

Fag- og stéttarfélög eru mikilvæg í íslensku menntakerfi og í menntun kennara. Þjónusta þessara samtaka er mikil og fjölgun félaga undirstrikar gildi þeirra. Þjónustan nær allt frá hagnýtum stuðningi (svo sem námskeiðahaldi, sérfræðiþjónustu og stuðningi af ýmsu tagi) til afþreyingar (sumarhús eða afsláttarmiða í hótलगistingu). Sum fagfélögin bjóða vönduð námskeið þar sem atvinnumenn halda fyrirlestra og bjóða verkstæði. Námskeiðin voru ódýr og fagfélögin leituðust við að staðsetja námskeiðin þannig að þau nýttust afskekktari svæðum.

Aldur meðlima er lágur á alþjóðlegan mælikvarða, aðeins um 45 ár. Mörg félög hafa fleiri en 2.000 meðlimi og félagsgjöldin eru notuð í að styðja meðlimi sem einstaklinga eða á félagslegum grunni. Að auki eru samtök sem þessi gjarnan í samstarfi við hliðstæð samtök annars staðar á Norðurlöndum og með öflugum alþjóðlega tengingu.

Norræn samvinna þessara félaga eykur fjölbreytni og þann stuðning sem kennurum og listamönnum stendur til boða. Norræn og alþjóðleg samvinna opnar aðgang að vönduðum ráðstefnum, námskeiðum og hliðstæðum viðburðum. Þess ber þó að geta að þetta á aðallega við starfandi listamenn en nær síður til kennara. Margt af þessu væri þó æskilegt sem hluti af endurmenntunarnámskeiðum kennara. Sérstaklega mætti nefna listranssóknir, skipulag og uppbyggingu sýninga af ýmsum toga og ýmis hagnýt námskeið.

Flest stéttarfélög bjóða fjölbreytt tækifæri til endur- og símenntunar. Á Íslandi er löng hefð fyrir virkri þátttöku stéttarfélaga í fullorðinsfræðslu. Fjöldi annarra samtaka býður að auki námskeið sem allir geta nýtt sér.

Á Íslandi hefur fullorðinsfræðsla af ýmsum toga, innan og utan kerfisins, verið talsverð í gegnum tíðina. Hingað til hefur þessi fræðsla þó ekki mikið verið í menntaumræðunni. Á Íslandi eru um 40 stofnanir sem veita framhaldsmenntun. Þar af eru níu sérhæfdir skólar (svo sem fyrir ballett, sjónlistir og hússtjórnarfræði). Á Íslandi eru átta háskólar. Flestir þeirra hafa deildir sem veita endur- og símenntunarþjónustu. Það sem þar er í boði má gróflega skipta í tvo flokka: Annars vegar almenn námskeið, svo sem í tölvlæsi, tungumálum, bókmenntum og listum og hins vegar eru lengri eða styttri diplómabrautir, t.d. í markaðsfræðum eða í verkefna- eða starfsmannastjórnun. Þessi rannsókn skoðaði ekki fullorðinsfræðslu sérstaklega.

4. kafli:

ÖNNUR ATRIÐI

4.1 Menntun í listum og í gegnum listir

- Það er munur á kennslu listgreina, svo sem fagurlista, tónlistar, leiklistar eða handverks og kennslu í gegnum listir þar sem listir eða listrænar aðferðir eru notaðar í kennslu annarra greina, svo sem við að kenna læsi, stærðfræði eða tæknigreinar.
- Skólar þurfa öfluga listfræðslu en að auki listrænar og skapandi aðferðir í kennslu þar sem stuðlað er að námi með samþættum hætti í öllum greinum.
- Kennarar gera sér ekki skýra grein fyrir markmiðum og sérstöðu náms sem listfræðsla felur í sér.
- Samfella er nauðsynleg ef listfræðsla á að skila árangri, sérstaklega á milli mismunandi námsstiga.
- Skapandi starfsgreinar á Íslandi kalla eftir meira skapandi nálgun í menntakerfinu.

Mjög góð dæmi voru um skóla sem tekið höfðu upp sveigjanlegar aðferðir í kennslu. Kennslan í þessum tilfellum var byggð á samfelli á milli námsgreina. Með því að vinna með viðeigandi verkefni og þemu voru mynduð tengsl á milli námssviða. Þessi nálgun var sérstaklega sterk í leikskólum.

Umfangsmikil rannsókn frá 2004 hvatti mjög til þess að listfræðsla hæfist snemma í lífi barna.¹⁵ Nauðsynlegt væri að tryggja samfellda þróun í skapandi og menningarlegri færni upp í gegnum alla skólagönguna. Þung áhersla er lögð á að „...listfræðsla verði að vera miðlæg í öllu námsferlinu“. Í sumum íslenskum skólum hefur námið verið skipulagt með hagkvæmum hætti yfir skólaárið og yfir skólann í heild. Reglubundnin og áreiðanleg upplifun er nauðsynleg ef listrænar hæfileikar barnsins eiga að þroskast til fulls. Hér er menntun í gegnum listir mikilvæg eins og eftirfarandi tilvitnanir gefa til kynna:

Við notum hvert tækifæri sem gefst til að nota listir eða kenna í gegnum listir.

Það þarf að samþætta listirnar öðru námi - af hverju teiknum við ekki stærðfræði?

Þetta er afskekktur heimavistar skóli. Nálægt 200 nemendur frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Fullorðnir geta líka stundað nám í skólanum.

Listirnar eru notaðar til að tengja fólk. Kenndur er dans, tónlist, myndlist, textil og smíði og kennarar eru hvattir til að vinna þvert á námsgreinar, a.m.k. nokkra tíma í viku.

Við reynum að bjóða þessi fög þó að í raun séu þau aðeins í boði þegar sérstaklega stendur á, t.d. þegar árshátíð er í undirbúningi, þá eru öll fög samþætt.

Nýi skólastjórinn hvetur mjög til samþættingar. Til að mynda vinnur íslenskukennarinn nú með ljóðskáldi. Okkur vantar endurmenntunarnámskeið í svona kennsluháttum.

15 Devos, 2004. bls. 2

Ekki aðeins var lýst áhuga á frekari kennslu í gegnum listir heldur líka færð rök fyrir því að hindrunum á milli listgreina yrði rutt úr vegi:

Ég myndi segja að listgreinakennslan hjá okkur væri góð. Okkur vantar hins vegar menntun í gegnum listir. Slíkt vantar - samþætt nám, nám í gegnum kvikmyndir o.s.frv. Þannig gætu nemendur, kennarar og listamenn veitt hverjir öðrum innblástur. Við viljum hamingjusöm börn sem eru opin fyrir heiminum. Við gætum kennt meira í kringum þemu sem ganga þvert á námsgreinar. Brjóta þarf niður vegg. Okkur vantar sveigjanleika í kerfið. Skólinn er eins og sérstakur heimur. Við erum að missa sjónar á því af hverju við menntum börnin. Við þurfum að gera meiri kröfur til skóla og kennara (að sögn viðmælanda sem starfar innan skapandi atvinnugreina). 40 mínútna kennslustundir eyðileggja menntakerfið. Listirnar takmarkast við vikulegar kennslustundir, ótengdar öllu öðru. Hindranirnar eru stórar og miklar og þær er ekki auðvelt að brjóta niður - hvorki í skólum né menningarstofnunum. Samt verðum við að breyta skólunum. Við stöndum við upphaf skapandi tíma. Við verðum að breyta skólunum - 40 mínútur eru hugarástand, ekki regla. Skólar eru allt of bundnir við reglur og tímamma. Við þurfum endurmenntun. Hvað er ætlast til að barnið viti?

Margir þeirra sem rætt var við vildu meina að kerfislegir þættir eins og námskrá og stundaskrár kæmu í veg fyrir samþættingu. Samkeppni á milli listgreina var líka nefnd sem ástæða fyrir minni samþættingu listgreina:

Við (sem störfum við textílgreinar) viljum tengjast myndmenntinni meira en þar er alltaf einhver samkeppni. Þetta eru hvort tveggja valgreinar og góðu nemendurnir vilja taka myndmennt. En, við sjáum líka að þeir gætu orðið góðir í hönnun. Sumir halda að textíll sé auðveld grein en það er ekki auðvelt að verða góður í hönnun. Til þess þarf mikla vinnu og mjög skapandi hugsun.

Við þurfum nýja sýn á grunnskólann. Námsgreinar eru einangraðar og námskráin er byggð á námsgreinum.

Námskráin er of ferköntuð. Við þurfum meira flæði á milli greina. Við þurfum að virkja nemendurna betur í öllum greinum. Okkur vantar meiri skapandi hugsun.

Samþætting? Við höfum rætt samþættingu og þá hugmyndafræði en ekki gert mikið. Ég mun þó áreiðanlega gera meira af þessu í framtíðinni, t.d. listasögu í bland við hefðbundna sögu.

Það er lítil sem engin samþætting námsgreina. Ástæðan er sennilega sú að námskráin er svo námsgreinamiðuð.


Skortur á samþættingu var nefndur sem takmarkandi þáttur hvað varðar almennan afrakstur af listum (sérstaklega í hagkerfinu).

Einangrun einstakra námsgreina leiðir til þess að við njótum ekki til fulls þess gagns sem hafa má af listum. Við þurfum að nota listirnar meira í öllum námsgreinum.


Vankunnátta í að samþætta er stór galli á menntakerfinu.

Myndir 4.1.1 til 4.1.6 sýna hvernig námsgreinar dreifast á milli bekkja og, til samanburðar, hvernig samþætt nám minnkar.


Mynd 4.1.1 Listgreinar sem eru skyldugreinar í 1. til 4. bekk.




Mynd 4.1.2 Listgreinar sem eru skyldugreinar í 5. til 7. bekk.




Mynd 4.1.3 Listgreinar sem eru valgreinar í 5. til 7. bekk




Mynd 4.1.4 Listgreinar sem eru skyldugreinar í 8. til 10. bekk



Mynd 4.1.5 Listgreinar sem eru valgreinar í 8. til 10. bekk



Mynd 4.1.6 Listgreinar eru sambættar öðrum námsgreinum



Sú skoðun heyrðist að listir þættu e.t.v. ekki jafn mikilvægar í skólum og önnur fög. Jafnframt var því sérstaklega haldið fram að nauðsynlegt væri að hlúa betur að skapandi greinum til að ná fram meiri fjölbreytni í íslenskt efnahagslíf.

Listfræðslan ætti að standa jafnfætis öðrum námsgreinum. Það er mjög mikilvægt fyrir efnahagslega framtíð landsins að listir séu metnar til jafns við önnur fög í námskránni. Það er líka mjög mikilvægt að kenna frumkvæði og rækta hæfileika hvers nemanda. Undanfarnir mánuðir hafa sýnt okkur hve þungt listir og menning munu veða í efnahag þjóðarinnar. Við ættum að koma á fót námsstyrkjasjóði fyrir hæfileikarík börn sem ekki hafa efni á einkakennslu.

[Skólustjóri] Við erum með aðgerðir sem bæta stöðu listgreina. Við erum með aðgerðir en þær veða ekki þungt. Ég er að reyna að koma listunum upp úr kjallar-
anum.

Nokkrir skólar hafa ráðist í kennslu úrbætur sem miða að samþættari kennslu, eins og gefið er til kynna í eftirfarandi svipmynd sem tekin er úr fréttatilkynningu.¹⁶

Svipmynd 4.1.7 Úlfarsárdalur – Framtíðarsýn

Grunnskólarnir fjórir í Úlfarsárdal, nýju hverfi í Reykjavík, munu vinna náið saman. Almennt munu þessir skólar leggja sérstaka áherslu á skapandi starf. Nálægð skólanna við tiltölulega ósnortið land hentar vel til að uppfylla kröfur um áherslur á umhverfismál. 21. öldin er öld fjölbreyttra og skapandi atvinnuhátta. Mannréttindi, mannauður og virðing munu þess vegna verða grundvallaráherslur allra skólanna fjögurra. Enn fremur verður sérstaklega reynt að draga fram og styrkja einstaklingsbundinn styrkleika hvers nemanda. Hver skóli verður hvattur til að halda sínum áherslum á lofti með frumlegum og skapandi hætti. Nám og kennsla er í eðli sínu skapandi ferli. Íslenskir grunnskólar hafa langa hefð í kennslu list- og verkgreina. Hér verður skapandi vinna hins vegar í fyrsta sinn ráðandi stefna í kennslu og starfi fjögurra grunnskóla. „Góð menntun veitir námsfólki viðeigandi færni og gerir því þannig kleift að standa sig og ná árangri í samfélaginu. Góð menntun er viðeigandi að því er varðar áhugamál, drauma, líf og starf nemendanna, foreldra þeirra og samfélagsins. Góð menntun á einnig að ná til allra í takt við réttinn til menntunar.“ [Vegvísir fyrir listfræðslu, UNESCO, Lissabon 2006. Skýrslan er aðgengileg á vef Félags tónlistarskólakennara, FT <www.ki.is> undir Skýrslur/greinar/kannanir]. Vegvísir UNESCO verður hafður til hliðsjónar við gerð námskrár fyrir alla skólana fjóra og skapandi vinna verður undirliggjandi þema í allri vinnu nemenda. Hver nemandi mun sérhæfa sig með áherslu á tiltekin svið. Til að mynda heilsu og hreyfingu, náttúru og umhverfismennt, lestur, lesskilning og bókmenntir.

Skólustjórar bentu á mikilvægi kennarans sem þess aðila sem skapað gæti skólaumhverfi hagfellt skapandi hugsun.

Það veltur allt á kennaranum. Nemendur segja að skapandi kennarar leyfi meira fjálsræði og að skemmtilegra sé í tímum hjá þeim. Það fer allt eftir því hvað kennarinn hefur fram að færa.

Ég er ekki að kenna list, ég er kennari í listum.

¹⁶ Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi og fyrrverandi formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar. Fréttatilkynning frá 2008

Rektor Listaháskóla Íslands útlistaði ávinning og tækifæri sem skapast myndu ef listmenntaskóli yrði stofnaður þar sem komið yrði á fót samþættu listnámi.¹⁷

Helstu kostirnir við menntaskóla listanna eru að í slíkum skóla ættu nemendur sér samfélag þar sem listirnar hefðu forgang og þar sem þeir gætu unnið saman þvert yfir mörkin sem sérhæfingin setur. Þeir tækju allt sitt nám í einum og sama skólanum og þyrftu ekki að hendast á milli fjarlæggra staða í leit að kennslu eins og reyndin er nú.

Menntaskóli listanna yrði eftirsóttur vinnustaður og hefði á að skipa sérhæfðum kennurum og starfandi listafólki. Þá má ætla að með samstilltu átaki gætu nemendur sameinast um flutning stærri verka og sett upp viðamiklar sýningar sem krefjast sérhæfðrar aðstöðu og mikils tæknibúnaðar.

Umfram allt yrði menntaskóli listanna uppeldis- og þroskastöð fyrir skapandi fólk, vettvangur þar sem í samfélagi ólíkra lista yrði tekist á við verkefni sem krefðust útsjónarsemi, frumleika og tæknilegrar færni. Menntaskóli listanna yrði eftirsóttur skóli, sá skóli í landinu þar sem ungt fólk sér á við það gæti skapað sinn eigin kultúr og undirbúið sig fyrir áhugaverð störf.

4.2 Greining á skólanum og mikilvægi skólastjórnunar

- List- og menningarfræðsla í skólum þarf stuðning, dugnað og ástríðu innblásins leiðtoga.

Hugmyndaríkir, skapandi og gefandi skólaleiðtogar hvetja og styðja við listirnar. Á meðan á rannsókninni stóð var rætt við marga slíka leiðtoga. Ákveðni og ósérhlífni þessa fólks var ekki bara hvetjandi fyrir starfsfólkið heldur hafði jákvæð áhrif á ímynd skólans og smitaði áhuga, samheldni og fagmennsku til kennaranna.

Þessir mjög svo hæfu leiðtogar eru kjarkaðir og þrautseigir. Þeir eru skynsamir og meta einstaklingsbundna hæfileika einstakra kennara sem og sameiginlega visku kennarahópsins. Allir þeir skólastjórar sem rætt var við voru mjög meðvitaðir um gildi lista í menntun. Í flestum tilfellum vildu þeir ekki bara halda þeirri listfræðslu sem fyrir var heldur sögðust vilja bæta um betur; samanber þessi tilvitnun: „Ég myndi vilja auka listir í skólanum. Nemendur þurfa ríkulegar og fjölbreytta upplifun. Listirnar þroska sjálfsöryggi, veita gleði og gefa einstaklingnum tækifæri til að láta ljós sitt skína. Það þarf að auka listfræðslu í kennaramenntuninni en hún er ekki mikil. Listirnar verða að vera með. Kennara skortir sjálfsöryggi til að kenna listir. Hinn almenni kennari veit ekki hvernig á að koma listunum að.“ Stuðningur skólastjórans er mikilvægur fyrir börnin en sérstaklega fyrir „vinnuumhverfi og vellíðan kennarans,“ eins og einn viðmælenda orðaði það.

17 Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands. *Menntaskóli listanna - Um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi*. Morgunblaðið, 31. október 2005. Bls. 4

Skólar þar sem listirnar voru sterkar voru vinsælir meðal kennarar og foreldra og höfðu jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag. Eftirfarandi svipmynd sýnir dæmigert mynstur í skóla þar sem listir standa vel:

Svipmynd 4.2.1 Við höfum góðan stuðning frá foreldrum

Við erum í heimsókn í stórum grunnskóla í Reykjavík (520 nemendur). Þetta er skóli með mikla áherslu á listir. Skólinn vann Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík, þar sem nemendur hvers skóla sjá alfarið sjálfir um framlag skólans. Eftirfarandi er dæmigert fyrir listfræðsluna í skólanum:

Bekkir

- 60 mínútur á viku í tónmennt .
- Tveir tímar á viku í tónlist og skiptur bekkur í myndmennt / textíl.
- Tvær klst. í tónlist.
- Tvær klst. í tónlist og skiptur bekkur í myndmennt / leiklist og smíði / textíl.
- Tvær klst. í tónlist og skiptur bekkur í smíði / textíl, myndmennt / leiklist, og heimilisfræði / tölvum.
- Þrír bekkir - skipt í 6 hópa: smíði / textíl, myndmennt / leiklist, heimilisfræði / tónlist.
- Sama fyrirkomulag og í 6. bekk sem jafnvel er blandaður með 7. bekk.
- Tveir stórir bekkir - skipt í 6 hópa: tölvur / myndmennt, heimilisfræði / leiklist.
- Listir eru valgreinar og vinsælar sem slíkar: heimilisfræði, smíði, textíl, tónlist, kvikmyndagerð, ljósmyndun (kennarinn er atvinnuljósmyndari).
- Sama fyrirkomulag og í 9. bekk.

Viðhorf skólans, og skólastjórans, er að allir séu góðir í einhverju. Skólinn skorar hátt í stærðfræði - ekki alveg jafn hátt í eðlisfræði og tæknigreinum. Þegar spurt var um PISA niðurstöður fyrir Ísland var svarið: „Ég held það sé í lagi. Við höfum góðan stuðning frá foreldrum. Ef þeir eru ánægðir hljótum við að vera á réttri braut.“

Svipmynd 4.2.1 undirstrikar hve listir eru mikils metnar í námsskipulaginu. Eins og næsti hluti (4.3) útlistar nánar eru foreldrar hlyntir sterkri stöðu lista í námskipulaginu.

4.3 Hlutverk foreldra

- Foreldrar eru mjög hlyntir listum í menntakerfinu.

Foreldrar leika lykilhlutverk sem stuðningsaðilar barna í listnámi þeirra og líka sem pólitískir talsmenn fyrir listum. Þó halda megi því fram að íslenskir foreldrar séu ekki mjög virkir þátttakendur í formlegu starfi skólans (fyrir utan að sækja uppákomur og hátíðir sem áheyrendur) þá eru þeir mjög virkir stuðningsaðilar þeirrar starfsemi sem fram fer utan skólatíma. Foreldra keyra börn í tónlistarskóla eða í leiklistar- og dansnám. Þeir styðja íþróttir líka en álíta listir og íþróttir þjóna mismunandi hlutverkum fyrir börnin. Eins og eftirfarandi tilvitnun í rýnihóp foreldra gefur til kynna eru foreldrar áhugasamir um að markvissar verði stuðlað að skapandi starfi á öllum stigum námskrárinna:

Það er aldrei nóg af list í skólum.

Í þeim skóla sem mitt barn er í er myndmennt í tvo mánuði, síðan er skipt yfir í textíl eða tölvuvinnu. Þetta er mjög slæmt.

Börn þurfa lengri kennslustundir í listum svo hægt sé að kafa dýpra í þær.

Við þurfum betri listfræðslu í leikskólann.

Listir eru ekki teknar nógu alvarlega á Íslandi. Þær eru álitnar næstum eins og tómstundagaman. Það er ekki byrjað á alvörulistsköpun fyrr en um 15 ára aldur.

Skólinn er ekki nándar nærri nógu skapandi. Ég efast um að kennarar hafi nógu góðan bakgrunn til að breyta þessu. Þeir eru einfaldlega ekki nógu menningarlega meðvitaðir. Kennarar þurfa betri menntun í skapandi menningarsinnuðum kennsluáttum.

Það er mjög mikið nám samfara listum.

Eftirfarandi minnisblað frá rýnihópi foreldra í Reykjavík vitnar um hve mikið foreldrar leggja upp úr listum.

Svipmynd 4.3.1 Rýnihópur foreldra

Í rýnihópnum eru sjö manns, fimm konur og tveir karlar. Fundurinn var haldinn síðdegis, við þægilegar aðstæður þar sem boðið var upp á kaffi og te. Andrúmsloftið var óþvingað og fólk tjáði sig opinskátt. Þátttakendur voru:

- Ásdís: móðir 8 ára einhverfrar stúlku sem ekki er í skóla
- Helga: móðir tveggja barna, 9 og 17 ára
- Jóhanna: móðir tveggja barna sem læra ballett og tónlist
- Kjartan: tveggja barna faðir; börnin stunda íþróttir
- Lára: fjögurra barna móðir; eitt barnið er með Downs-heilkenni og annað er í tónlistarnámi
- Rannveig: þriggja barna móðir; börnin læra tónlist og dans
- Þorlákur: tveggja barna faðir

Eftirfarandi er úr samræðum við borðið: „Það er aldrei of mikil list í skólum! Myndlistartíminn er eini tíminn sem mitt 9 ára barn talar um. Það er slæmt að eldri bekkirnir skuli ekki fá neina listfræðslu.“

Foreldrar vilja listir sem fastan og stöðugan lið í skólastarfinu eins og eftirfarandi gefur til kynna: „Það er vont þegar stöðugt er skipt á milli listgreina; myndlist í tvo mánuði, söngur í tvö mánuði... stöðugar breytingar, það er ekki gott.“

Spurt var eftirfarandi spurninga: „Eru íslenskir skólar nógu skapandi?“

- NEI ! (Heyrðist hringinn í kringum borðið)
- Við þurfum breiðari, almennari menntun...

„Fara skólarnir batnandi?“

- Þeir eru betri en fyrir 10-15 árum, fyrst við erum að tala um það hljóta þeir að hafa batnað...
- Þeir eru ósköp svipaðir...
- Það fer eftir skólum...
- Þegar skóli vill hampa skólastarfinu þá sýnir hann listir...
- Einn grunnskóli í Reykjavík er sterkur í listum. Haldið er bekkjarkvöld fyrir foreldra þar sem krakkarnir sýna það sem þeir eru að gera. Slíkt styrkir sjálfsmýnd þeirra...
- Í mínum skóla er falleg hefð. Þar er sungið á hverjum morgni...

„Myndi það hjálpa krökkunum að fá vinnu seinna ef skólinn væri meira skapandi?“

- Að koma upp með nýjar lausnir...
- Að breyta eigin hugsun, hafa drauma, það hefur áhrif...

Hvað viljið þig segja um listnám utan skóla?

- Námið er of dýrt. Það kostar mig 500.000 kr. fyrir tvö börn yfir árið...
- Skólar verða að gera betur ef krakkar eiga að sækja námið áfram eftir fjármálahrúnið...
- Breytt umhverfi er af hinu góða, það er ekki gott að vera í skóla allan daginn... Þetta tvennt þarf hins vegar að tengja betur, ekki endilega þannig að allt sé á sama stað en samt einhvern veginn...
- Það væri þægilegt að vera búin að öllu um kl. 16 eða 17 síðdegis...

„Mynduð þið vilja sjá breiðara námsframboð? Er nóg í boði?“

- Ég vildi að framboðið væri meira, leiklist, kvikmyndagerð, o.s.frv...
- Við þurfum meira framboð; það þarf að vera eitthvað fyrir þau að prófa...
- Það er mun auðveldara að komast í íþróttir en listnám... Íþróttaiðkun er ódýrari...

„Framboð á listum fyrir börn með sérþarfir?“

- Ef þú átt fatlað barn ertu orðin uppgefin þegar barnið er 6 ára, sérstaklega ef þú ert á sama tíma að reyna að afla þér starfsframa...

- Ég hef reynt fótbolta og fimleika en það hentar honum ekki... nýlega opnaðist möguleiki á leiklistarnámi...
- Almenn menntun fyrir fötluð börn á Íslandi er góð...

„Eitthvað sérstakt í lokin?“

- Það er tómarúm eftir að grunnskóla lýkur...
- Maður verður að leita vandlega eftir skólum sem eru sterkir í listum... Það eru engar listir í framhaldsskólanum...
- Verknámsskólum ætti að breyta...

Þótt þeir foreldrar sem voru valdir til að taka þátt í rýnihópnum væru meðlimir í foreldrafélögum (ekki vegna sérstaks áhuga á listum), þá mætti halda því fram að þeir væru hópur „áhugasamra“ foreldra sem endurspegluðu þar af leiðandi ekki viðhorf foreldra almennt.¹⁸ Þetta virðist þó ekki hafa verið raunin því vísbendingar um almennan áhuga foreldra kom úr ýmsum áttum. Eftirfarandi ummæli skólustjóra lýsa til að mynda einlægum áhuga á listnámi:

Við notum vef skólans til samskipta við foreldra um listnámið. Við birtum myndir með skýringum. Þetta eykur áhuga og meðvitund foreldra.

Foreldrar bera mikla virðingu fyrir tónlistarskólanum. Þetta birtist í almennri þátttöku og stuðningi við starfið og sést líka á reglulegum tónleikum. Í einum skóla voru til að mynda fleiri en 10 tónleikar fyrir foreldra.

Tilfinningin var að listirnar stuðluðu að breiðari þátttöku foreldra í skólastarfinu, jafnvel þar sem slík þátttaka var almennt lítil. Eftirfarandi tilvitnanir eru dæmi um þetta:

Foreldrar þurfa að taka virkari þátt í skólastarfinu. Þeir þurfa að hafa skilning á skólastarfi barnsins. Skólar þurfa að virkja foreldra með kerfisbundnum hætti. Kennarar ættu til að mynda að heimsækja hvert heimili og ná virkilega að kynnst börnunum. Menntun þarf í meira mæli að tengjast listum og náttúrunni. Skólinn er að þróast í átt til meiri opunar og tengsla við foreldra og samfélag.

Foreldrar koma á viðburði eins og tónleika en eru annars ekki þátttakendur í skólastarfinu.

Hve mikið foreldrar meta listfræðsluna er vel lýst í þessum ummælum unglings sem rætt var við: „Foreldrum mínum finnst ég læra af því að stunda listir. Foreldrar mínir borga með glöðu geði [fyrir hvað eina sem varðar listir og menningu].“

¹⁸ Leitað var til landssamtaka foreldrafélaga í grunnskólum, Heimilis og skóla, um að tilnefna fulltrúa í rýnihópinn.

4.4 Ungmennahús og viðhorf barna og unglinga

- Íslensk ungmenni hafa alþjóðleg viðhorf.
- Íslensk ungmenni sýna mikið frumkvæði og leiðtogaþæfileika við að koma á fót og reka alls kyns starf í kringum listir.

Ungt fólk á Íslandi er mjög framsækið hvað varðar að koma á fót og reka listræn verkefni og starfsemi ýmiss konar. Algengasta dæmið um þetta eru staðbundin ungmennahús. Þar er mikilvæg aðstaða og grundvöllur fyrir listrænt starf og skapandi verkefni af ýmsum toga. Algengt er að börn og unglingar hafi þar aðstöðu til að koma saman og syngja, leika á gítar, dansa, horfa á kvikmyndir eða til að nota Netið. Sum þessara „húsa“ hafa fest sig í sessi og þróast yfir í að vera mikilvægur hluti lista- og menningarlífsins eins og eftirfarandi svipmynd lýsir:

Svipmynd 4.4.1 Hitthúsið

Hitthúsið, sem rekið er af Reykjavíkurborg var opnað 1991 sem félagsmiðstöð fólks á aldrinum 16-25 ára. Mörg vel heppnuð verkefni hafa verið framkvæmd sem auðgað hafa menninguna mikið. Markmið starfsins er að aðstoða unglinga og ungt fólk við að skipuleggja sjálft viðburði og verkefni. Ef tekið er tillit til þeirrar aðstöðu sem listgreinakennarar búa við í skólum eiga þeir almennt hrós skilið. Hitthúsið er starfsemi sem byggist á verkefnum. Krakkar geta t.d. sótt um sumarvinnu; við greiðum laun, þau fjármagna verkefnin. Alþjóðleg samvinna hefur verið reglulegur þáttur í starfseminni en fyrsta sinn í ár eru engin alþjóðleg verkefni í gangi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki stutt nógu vel við starfsemina. Viðhorfið þar er að borgin eigi að borga.

Í framhaldsskólum geta nemendur fengið einingar fyrir að skipuleggja og taka þátt í listtengdum verkefnum. Þetta hefur leitt til ýmissa verkefna sem unnin eru utan skólatíma, svo sem leikrita, kóra, hljómsveita og danshópa svo eitthvað sé nefnt. Þetta gefur til kynna að jafnvel í framhaldsskólum þar sem krakkarnir taka ekki listgreinaval geta þeir verið þátttakendur í talsvert gróskumiklu umhverfi hvað varðar listir og menningu:

Listir í framhaldsskóla eru alveg til hliðar við skólastarfið, stundaðar eftir skóla. Kvikmyndir og leiklist er líka kennd - námskeiðin standa eina önn (14 vikur). Nemendur fá einingar fyrir að taka þátt í uppfærslu leikrits. Undanfarin 12-13 ár (frá 1996) hafa leikrit verið færð upp í samvinnu við ungmennasamtökin. Skólarnir tóku allir þátt í þessu og börnin gerðu skreytingar. Síðast færðu þau upp *Fiðlarann á þakinu*.

Þrátt fyrir augljósa getu ungs fólks til að skipuleggja lista- og menningarviðburði er þessi færni þeirra sjaldnast metin að verðleikum hjá þeim sem almennt sjá um eða skipuleggja listir og menningu. Sem dæmi þá var rýnihópur fulltrúa frá lista- og menningarstofnunum spurður hvort ungt fólk sæti í stjórnnum þessara stofnana. Svo var ekki. Þessi hugmynd hafði ekki komið fram áður og þeim fannst hún góð. Hitthúsið var undantekning en þar var ungt fólk mjög virkt í öllu skipulagi og stjórnun og áhersla lögð á að hugmyndirnar kæmu frá unga fólkinu. Þrátt fyrir að ungt fólk vanti fulltrúa í stjórnir og hafi litla aðkomu að rekstri hefðbundinna menningarstofnana voru þátttakendur rýnihópsins einróma um að listfræðsla ungs fólks hefði tekið miklum framförum undanfarin ár.

Ungir Íslendingar eru mjög alþjóðlegir í hugsun og líklegri til að hrífast af alþjóðlegum straumum og stefnum en séríslenskum eins og eftirfarandi gefur til kynna:

Íslensk tónlist er slæm, skrýtin, leiðinleg.

Íslendingar vilja vera eins og Bandaríkjamenn. Þeir eru ekkert öðruvísi.

Hvað vill ungt fólk gera?

- Mér finnst gaman að fara í bíó, spila fótbolta, vera á Fésbókinni og almennt á Netinu.

- Ég hef gaman af teknói og hiphoppi. Ég er líka farinn að hlusta á tribal-tónlist og gamalt rokk, eins og Cold Play.

Flestir unglínganna sem rætt var við tóku alþjóðlega tónlist fram yfir íslenska og gáfu fyrir því ástæður eins og eftirfarandi:

Íslensk tónlist er skrýtin.

Íslensk tónlist er eiginlega of skapandi og öðruvísi.

Hún hljómar einhvern veginn undarlega.

Unglingarnir töldu flestir að þeir myndu fara til útlanda í framtíðinni til að mennta sig eða til að vinna. 60% þeirra sem rætt var við efuðust um að koma aftur til Íslands eftir að hafa stundað nám erlendis:

Ég myndi vilja vinna við fasteignir í Bandaríkjunum.

Mig langar til að verða læknir og til að ferðast í Kanada.

Ég ætla að læra flug í Þýskalandi.

Unga fólkíð lýsti skoðunum sínum á listfræðslunni svona:

Svolítið barnaleg og leiðinleg.

Mikil vinna.

Gerir mig óruggan, stressaðan.

Mikið af mismunandi námi.

Ólíkt ungu fólkí í Evrópu hafa íslenskir unglíngar ekki áhyggjur af prófum og

eru almennt ánægðir með sínar heimstöðvar: „Við búum á mátulega stórum stað. Skólinn er virkilega góður. Við erum stundum samt svolítið einangruð.“

Þrátt fyrir almennt dálæti á erlendri menningu nefndu sumir að þeir hefðu prófað sumt sem teldist til þjóðlegrar, íslenskrar menningar og líkað það ágætlega.

Við erum með diskótek einu sinni í mánuði. Krakkarnir skiptast á um að snúa plötum. Við reynum öll að líkjast stjörnum frá Ameríku eða Evrópu. Mér fannst mjög gaman þegar við dönsuðum gömlu dansana í skólanum. Það var eiginlega svolítið svalt. Mig myndi langa til að gera meira af þessu. Við búum til atriði fyrir hæfileikakeppnina og hópurinn sem vinnur fær að fara til Reykjavíkur.

Ég er ekki sammála [að öll íslensk tónlist sé leiðinleg]. Mugison, Múgsefjun, Emiliana Torrini, Reykjavík eru flott...

Í fyrri umfjöllun um tónlistarskóla var rætt um frekar hefðbundin viðfangsefni hvað varðar val á tónlist. Sumir framsæknari skólar bjóða þó í vaxandi mæli poppmúsík og heimstónlist, sérstaklega fyrir unglinga sem kunna að hafa flosnað upp úr hefðbundnara tónlistarnámi. Í þessum tilfellum er um að ræða sjálfsprottinn áhuga sem veldur því að unga fólkið sækir aftur í tónlistarnám eins og eftirfarandi ummæli tónlistarskólustjóra vitna um: „Popptónlist verður stöðugt vinsælli. Krakkar vilja spila í hljómsveit. Þeir læra auðvitað líka að lesa nótur. Þessir krakkar byrja hins vegar tónlistarnámið tiltölulega seint, kannski við 12-15 ára aldur.“

4.5 Skapandi starfsgreinar

- Þótt skapandi starfsgreinar leiki mikilvægt og vaxandi hlutverk í íslenskum efnahag hefur þessi staðreynd ekki haft eins mikil áhrif í menntakerfinu og ætla mætti.

Almennt nær menningargeirinn yfir alla þá sem starfa við listir og skapandi atvinnugreinar.

Sameinuðu þjóðirnar álíta að menning og skapandi störf eigi þátt í um 7% vergrar landsframleiðslu í flestum þróuðum hagkerfum og að þessi geiri vaxi um 10% árlega. Þetta er meira en tvöfalt meira en almennur hagvöxtur. Enn fremur mun lýðræðisþróun á borð við hátt menntastig, langlíf og vöxt í einkaneyslu mun líklega styðja við áframbaldandi vöxt í menningar- og afþreyingargeiranum. Skapandi starfsgreinar á Íslandi hafa víða alþjóðlega skírskotun. Þessi tenging er hins vegar ekki að fullu nýtt. Sem dæmi má nefna að Sif Jakobs sem lærði í Svíþjóð og vann síðar á Ítalíu hefur hannað skartgrip fyrir Dorrit Moussaieff forsetafrú. Sif markaðssetur sína hönnun sem íslenska þrátt fyrir alþjóðlega menntun og frama.¹⁹

¹⁹ <http://www.sifjakobs.com>

Erfitt er að meta framlegð skapandi starfsgreina til íslenska hagkerfisins. Hagstofan birtir aðallega tölur varðandi útflutning og þjónustu sem tengist hefðbundnum starfsgreinum. Undantekning, sem kann að gefa vísbendingu um verslun tengda skapandi starfsgreinum, eru tölur um fata- og skóiðnað þar sem þriggja mánaða verslun var 66,6 milljónir. Til samanburðar er þetta um það bil helmingur tekna af mjólkurvörum.²⁰ Tölur fyrir ferðaiðnað á fyrsta ársfjórðungi sýna sterka stöðu þessarar greinar í hagkerfinu. Þótt þetta sé jákvætt er í raun um halla að ræða þar sem tölur fyrir innflutning sem tengist ferðamennsku eru hærri. Ferðamenska tók aðeins til um 4% vergrar landsframleiðslu árið 2000.²¹ Möguleikar skapandi iðnaðar í tæknigeiranum eru hins vegar miklir. Gríðarlegir möguleikar felast í vel menntuðu vinnuafli og háhraða nettengingum sem ná til 97% landsmanna.²² Þessi tiltekni geiri skapandi starfsgreina er hins vegar lítið áberandi í skólum þar sem myndmennt, textíl, smíði, hönnun og tónlist styðst við hefðbundnari aðferðir.

Störf í menningargeiranum á Íslandi, sem hlutfall af öllu vinnuafli, voru 3,8% árið 2005. Þetta er svipað og var í Hollandi og sambærilegt við meðaltal í Evrópu árið 2005, sem var 2,4%. Nærri 20% vinnufærra undir 24 ára aldri vinna í skapandi starfsgreinum. Þetta er hæsta hlutfall í Evrópu.²³ Í Evrópusambandinu vinna 29% þeirra sem vinna í menningargeiranum oftast eða stundum heima. Þetta er umtalsvert herra en almennt gerist þar sem að hámarki 13% vinnuafli vinna heima. Hlutfallið nær frá 3% á Kýpur til 41% í Austurríki og Bretlandi (upp undir 46% á Íslandi). Þessar tölur gefa til kynna að á Íslandi sé hæst hlutfall heimavinnandi fólks í hinum skapandi geira.

Leikárið 2007-2008 voru sett á svið 78 atvinnuleiksyningar á Íslandi. Áhorfendur voru alls 275.207 sem jafngildir því að yfir 80% þjóðarinnar hafi farið í leikhús. Þótt 457 áhugaleiksyningar hafi líka farið fram á þessum sama tíma þá virðast áherslan þar vera meira á þátttöku en áhorfendur sem aðeins voru 29.669. Áhugavert er að af sýningunum áhugaleikhópa var 81 uppfærsla fyrir börn. Á sama tíma voru 10 danssýningar atvinnufólks en aðsóknartölur þar liggja ekki fyrir. Aðeins þrjú leikhópar fóru utan á þessu tímabili og sögðust hafa leikið fyrir nærri 25.000 áhorfendur.²⁴

2002 héldu íslenskir listamenn rétt tæplega 200 listsýningar. Um þriðjungur sýninganna var erlendis. Tíu árum fyrr voru sýningarnar hins vegar 320 og tæplega helmingurinn erlendis. Þessar tölur gefa til kynna að þáttur myndlistarmanna fari minnkandi.²⁵

Tíu mest seldu DVD diskarnir á Íslandi 2006 voru frá Bandaríkjunum.

20 <http://www.statice.is/pages/2269>

21 <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Ferdamal-samgongur-upplysingatae/Ferdathjonusta>

22 <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Ferdamal-samgongur-upplysingatae/Upplysingataekni>

23 Eurostat cultural statistics 2007.

24 <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Menningarmal/Listir>

25 <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Menningarmal/Listir>

Myndir eru aðeins hagfelldari hvað varðar kvikmyndir því ein af 10 vinsælustu kvikmyndunum var íslensk, átta voru bandarískar.²⁶

Þótt dæmi séu um listræna sigra hafa tengsl vandaðrar listfræðslu og efnahagslegrar og viðskiptalegrar þróunarvinnu ekki verið nægjanlega útskýrð eða haldið á lofti, hvorki af atvinnulífínu, menntakerfinu né menningargeiranum. Á Íslandi er hlutfall listnema í framhaldsnámi hvað lægst í Evrópu (aðeins 2.6%) - listnemar í útlöndum eru ekki taldir með.²⁷ Þetta er aðeins um þriðjungur samþærilegra nemenda í Bretlandi. Hér er virkilegur flöskuháls. Erfitt er að komast í framhaldsnám í listum á Íslandi og margir þurfa að sækja slíka menntun til útlanda. Sérstaklega er þetta erfitt fyrir fólk úti á landi: „Margir af okkar góðu nemendum enda með því að far í nám til útlanda og koma ekki endilega aftur til Íslands. Flestir koma til baka en bara þegar börnin þeirra ná skólaaldri.“

Þrátt fyrir að skapandi starfsgreinar fái ekki mikið pláss í æðri menntun á Íslandi er fólk í þessum geira mjög hæft. Til að mynd hefur 54% fólks sem starfar í þessum geira háskólamenntun, saman borið við 28% vinnuafis almennt. Hins vegar þurfa 18.2% starfsfólks í menningargeiranum á Íslandi að vinna tvöfalda vinnu saman borið við 6.7% að meðaltali í Evrópu.²⁸

Árið 1999 voru sett lög um að framhaldsskólar skyldu hafa lista- og hönnunar-eild. Þetta hefur bætt aðstöðuna hvað varðar menntun fyrir þá sem seinna starfa í skapandi starfsgreinum. Hönnun hefur t.d. mikið til orðið til vegna þessara laga - til viðbótar textíl og handverki sem var ríkjandi áður. Það er þess vegna ekki tilviljun að fólk í rýnihópi skapandi starfsgreina segi hve mikill upp-gangur sé nú í íslensk hönnun. Þó mörgum úr þessum geira finnist að listfræðslu í skólum hafi farið fram undangengin ár þá voru sumir efins á kennsluna:

Það sem mín börn læra í grunnskólanum er að mínu áliti ekki list.

Ástandið er ekki gott... textíl og smíði (e.t.v. keramik) er í boði... Það sem er kennt er skyldara handverki en hönnun... Almennt fara gæðin eftir kennaranum...

Aðrir vildu meina að skilin á milli skapandi starfsgreina annars vegar og lista- og menningargeirans hins vegar væru óskýr. Það er heldur enginn meðvitaður skilningur á að menntun og þjálfun hafi hlutverki að gegna í að útvíkka og auðga skapandi starfsgreinar. Markvissar samræður hafa heldur ekki verið á milli þeirra sem starfa í skapandi starfsgreinum og þeirra sem starfa í mennta- og menningargeiranum.

Vísbendingar eru um að svokölluð Florida-áhrif á Íslandi sem lýsi sér í jákvæðum áhrifum fjárfestinga í byggingum og aðstöðu fyrir listir og menningu.²⁹ Eftirfarandi tilvitnun lýsir hvernig tiltölulegar litlar breytingar höfðu miklar afleiðingar:

26 <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Menningarmal/Kvikmyndir>

27 Eurostat cultural statistics 2007.

28 Sama heimild.

29 Richard Florida er best þekktur fyrir hugtak sitt hin skapandi stétt (the creative class) og áhrifa þess á endurnýjun borga. Rannsóknir hans komu fyrst fram í bókinni *The Rise of the Creative Class* (2002).

Að mínu áliti hefur það hvetjandi áhrif á viðskiptalífið að listaakademía skuli vera starfrækt á Akureyri. Til að mynda hefur tölvufyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun tekið hér til starfa. Við höfum svo sannarlega haft áhrif á götuna hér. Nú eru hér mikil listræn tækifæri. Þegar við komum var hér ekki neitt. Nú eru starfrækt hér gallerí, listasafn og vinnustofur listamanna. Jafnvel búðir og veitingahús hafa listrænna yfirbragð. Að mínu mati breyttum við menningarlífinu hér. Skapandi starfsemi af ýmsum toga hefur safnast um listaskólann. Hér er orðið til eins konar menningarhverfi - nú er meira að segja kominn tónlistarskóli og menningarmiðstöð. Fjármagn til skólans kemur frá ríki (23 milljónir) og bæ (20 milljónir); 16 milljónir koma í formi skólagjalda. Kvöldnámskeiðin okkar eru vinsælust.

Þessi ummæli eru lík mörgum öðrum sem undirstrikuðu jákvæð efnahagsleg áhrif atvinnulífs þar sem skapandi starfsgreinar eru öflugar. Gefið var í skyn að þessar breytingar hefðu orðið vegna minnkandi vægis hefðbundinna atvinnugreina eins og fiskveiða: „Að mínu áliti er vægi lista að aukast.“ Það viðhorf var ríkjandi að á Íslandi væri góður jarðvegur fyrir skapandi atvinnugreinar. Hjá rýnihópi skapandi starfsgreina kom þó fram fjöldi atriða sem færa mætti til betri vegar til að þessar greinar næðu að blómstra til fulls.

Ýmis gagnrýni kom fram á þá endurmenntun sem í boði er fyrir fólk í skapandi greinum. Ónógt framboð var mikið nefnt, einnig skortur á markaðssetningu og lítill stuðningur hins opinbera:

Fá tækifæri biða ungs listafólks þegar það kemur úr skóla. Í raun er bara um að ræða Reykjavík eða að fara úr landi. Að vissu leyti er þetta heilbriggt, fólk fær nýjar hugmyndir og sumir koma aftur til Íslands, sérstaklega þegar þeir verða foreldrar. Ég held að mjög erfitt sé að lifa af listinni hér [á Íslandi] þó að hér sé margt gott að öðru leyti. Maður getur fengið brjáláðar hugmyndir og látið þær ræstast.

Hér vantar eitthvert apparat sem vinnur að markaðsfærslu og stuðningi við útrás listamanna.

Margir atvinnulistamenn vilja vinna að list sinni. Ég vona að skýrslan sem þú vinnur að breyti viðhorfi hins opinbera. Hið opinbera ætti að gera meira í að hjálpa listamönnum að koma undir sig fótunum sem atvinnumenn. Við þurfum á hæfileikum fólks að halda og passa okkur á því að loka ekki listirnar inni í flabeinsturni.

Þótt mikill stuðningur hafi verið við aukna markaðsfærslu og faglega auglýsingu var ákveðinn minnihluti þeirrar skoðunar að slík áhersla á markaðssetningu myndi skaða það sem væri einstakt við íslenska list: „Við erum öll að tala um markaðssetningu listarinnar, það hræðir mig. Mér finnst við eiga að hafa lært að góð list lifi og markaðsfæri sig sjálf.“

Þörf fyrir skapandi vinnuafli er mikil og vaxandi. Samt er vafasamt að þeir sem útskrifast sem listamenn, sem sérfræðingar, muni mæta þessari þörf. Gagnrýnt var að æðri menntastofnanir í listum væru ekki að þroska þá færni sem fyrir væri í listageiranum:

Listaháskólinn er of stífur. Þar er bara ein lína í gangi. Þetta var konseptlistaskóli. Ekki var lögð rækt við raunverulega hæfileika og færni.

Eftirfarandi svipmynd frá listaverkasala útlistar þær breytingar sem orðið hafa á listageiranum undanfarna áratugi.

Svipmynd 4.6.1 Gæðin eru bæði verri og betri

Ég hef verið í bransanum í 50 ár (listaverkasali). Gæðin eru bæði verri og betri. Magnið er hins vegar miklu meira.

Í gamla daga þegar ég lærði málun útskrifuðust við 15 úr skólanum. Í dag starfa 8-9 enn sem listamenn. Þetta var erfiðara þá. Ef þú ætlaðir að lifa á listinni þurftirðu að leggja mjög mikið á þig. Sumir bestu listamenn landsins eru nú á sextugsaldri. Þeir hafa þróast með árunum og haldið sér ferskum.

Sumt af því unga fólki sem nú útskrifast er of fastheldið á sínar hugmyndir. „Þetta er minn stíll“ segir það og heldur fast við það. Það er eins og þau vanti það opna viðhorf sem einkenndi þá eldri. En þetta kanna að vera alþjóðlegt vandamál, ekki bundið við Ísland sérstaklega.

Listalífið á Íslandi er lítið. Klíkur eru allsráðandi. Í klíkunum eru allir á sama aldri, hafa farið í gegnum sömu menntunina, í sömu listaskólunum. Þetta fólk vantar víðsýni. Mér finnst þetta óþolandi ástand.

Okkur vantar gagnrýnendur sem kunna sitt fag. Hér þekkja allir alla og enginn segir það sem hann raunverulega hugsar. Við höfum því ekki kritíska dýpt á borð við staði eins og London. Við þurfum mjög á að halda fólki sem skrifar um listir af einhverju viti.

Akademían hér er á villigötum. Allt snýst um hugmyndir. En listamenn þurfa færni. Þegar ég var í skóla varð maður að teikna og teikna. Sá sem ekki er læs getur ekki skrifað bók! Kunnáttuleysi skemmir fyrir listinni. Ungir listamenn sem útskrifast í Reykjavík eru fullir af hugmyndum og sköpunarkrafti.

Listin er eins og loftvog á heiminn. Örfáir listamenn skilja sinn samtíma, aðrir fylgja þeim. Íslendingar kaupa mest af þeirri list sem selst hjá mér. Það er áhugavert því þegar kemur að listaverki á vegg, þá vill Íslendingurinn hafa það ekta. Jafnvel almúgafólk er með ekta listaverk uppi á vegg. Við höfum alþjóðlega viðskiptavinum og þeir eru gjarnan mjög fróðir um íslenska list. Um 10-15% seldra verka fara úr landi; restin selst hér innanlands. Að mínu mati er sérstaða íslenskrar listar áhugi listamanna á landslaginu og tengslum þess við náttúru og menningu. Verk frumkvöðlanna eru vinsæl. Íslenskir listamenn lyfta umhverfinu á stall. Umhverfið er tákn þjóðarinnar og anda landsins. Samt eru fáir ungir listamenn að vinna með landslagið. Flestir listamannanna okkar sem náð hafa langt eru eldri en 50 ára. Ástæðan er e.t.v. sú að það tekur 10 ár fyrir menn að hrista af sér kennarana frá námsárunum.

Ég fór á útskriftarsýningu í leit að listamönnum til að sýna en verkin voru slæm. Aðeins einn listamaður virtist efnilegur. Við höfum viljað fara í Listaháskólann til að tala um viðskiptahlið listabransans en okkur hefur aldrei verið boðið. Hér áður fyrir tókum við þátt í listsýningum erlendis og gekk mjög vel. En við rekum sjálfstætt gallerí og fáum ekki styrki í svona verkefni. Íslensk list selst almennt vel. Meðalverð er um 400.000-600.000 kr. Af því tókum við þóknun, svo er skattur þannig að listamaðurinn fær um 57% söluverðsins.

Námskeið í skapandi starfsgreinum eru vinsæl þar sem þau eru í boði, sérstaklega ef þau tengjast séríslenskri menningu með einhverjum hætti, t.d. sérhönnuðum ævintýraferðum, tísku eða textíl:

Háskólinn á Hólum heldur úti deild í ferðamálafræðum þar sem boðið er úrval námskeiða í grunnnámi og á meistarastigi sem tengjast menningarferðamennsku - dæmi eru hestaferðamennska og þjóðleg menning og handverk.

Svipmynd 4.6.2 Námskeiðin okkar eru mjög eftirsótt

Við settum saman okkar eigin námskrá með málun, vefnaði og textílhönnun. Nú eru hjá okkur 76 nemendur. Það er erfitt fyrir nemendur okkar að finna sér starf á Íslandi. Aðeins um 15 nemendur koma til með að starfa hér, hinir finna sér starf annars staðar. Sumir hafa gerst textílkennarar í Danmörku eða á Spáni. Nokkrir nemenda okkar hafa náð að skapa sér sitt eigið vörumerki. Einn hannar skartgripi fyrir Hennes & Mauritz. Aðrir vinna í London eða New York. Það eru verksmiðjur í Kína sem framleiða íslenska skartgripi. Textílnámskeiðin okkar innihalda mikið af listsköpun og teikningu. Þetta er grunnurinn. Við erum líka með textílmálun, vefnað, litun, mynsturgerð, útsaum og blandaða tækni. Haldnar eru útskriftarsýningar sem eru opnar fyrir almenning. Nemendur mega þó ekki selja verkin sín. Við heimsækjum vinnustofur eins oft og hægt er, nemendur vinna þó ekki á verkstæðum. Við reynum líka að fá góða fyrirlesara og fólk úr bransanum til að heimsækja námskeiðin okkar. Gert er ráð fyrir að nemendur heimsæki gallerí og skrifi um heimsóknina a.m.k. einu sinni á ári. Við höfum tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum með skólum um alla Evrópu með stuðningi Norðurlandaráðs. Nemendur koma í skólann með mjög mismunandi reynslu og færni. Gæði þeirrar kennslu sem þeir fengu í framhaldsskóla skipta miklu máli. Námskeiðin okkar eru mjög eftirsótt. Árlega þurfum við að vísa frá 80-100 umsækjendum. Það besta við okkar fyrirkomulag er að kennararnir eru allir starfandi listamenn sem styrkir námskeiðin mjög. Flestir kennara okkar hafa meistaraþráðu. Við nýtum okkur upplýsingatækni til hins ýtrasta (eins og sést þegar gengið er um skólann).

Hugmyndir í ferðamennsku sem sameina menningu og einstaka náttúru Íslands virðast líka sérlega vel heppnaðar:

Hvalaskoðunarferðir byrjuðu ekki fyrr en 1995. Nú þjónustum við yfir 40.000 gesti árlega. Við lítum svo á að við séum að mennta og rannsaka ekki síður en að þjónusta ferðamenn. Hér, eins og víðar, skortir markaðstengdar upplýsingar. Við höfum kannað þetta lítilliga, m.a. fundið út að þeir sem koma til okkar eru mest ferðamenn á eigin vegum. Það vantar aðstöðu og þjónustu við þá og það er vandamál. Við ætlum að koma upp verslun fyrir ferðamenn. Við byrjuðum á síðasta ári og seldum vörur frá handverksfólki. Þessu var vel tekið en við urðum uppiskroppa með vörur. Við erum með sýningu þegar Hvalahátíðin stendur yfir en þar er ekki aðstaða til að selja neitt. Listamenn af svæðinu troða upp á veitingahúsum þegar hvalaskoðunarvertíðin stendur yfir.

Opinberu fjármagni er m.a. miðlað svæðisbundið í gegnum menningarsamninga eins og hér kemur fram:

Svipmynd 4.6.3 Um menningarsamninga

Menningarsamningar hafa verið undirritaðir á milli 7 svæða sem ná yfir allt landið. Samningarnir eru á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og sveitarfélaga þessara 7 svæða. Samningarnir ganga út á að hvert svæði skuldbindi sig til að styðja menningu og menningartengda ferðamennsku um tiltekna fjárhæð til móts við ráðuneytin. Til að mynda var samningur undirritaður við Vestfirði sem gildi frá 10. júní 2007 til 31. desember 2009. Í samningnum er kveðið á um að framlög ríkisins til menningar og menningartengdrar ferðaþjónustu yrðu ekki lægri en sem hér segir:

2007: 30 milljónir
2008: 32 milljónir
2009: 33 milljónir

Sveitarfélögin samþykkja á móti að heildarfjárveitingar þeirra til menningar og menningartengdrar ferðaþjónustu verði ekki lægri en sem hér segir:

2007: 85 milljónir
2008: 85 milljónir
2009: 85 milljónir

Á fyrri hluta ársins 2007 voru hliðstæðir samningar undirritaðir við Norðausturland, Norðvesturland og Suður- og Suðvesturland. Áður höfðu samningar verið undirritaðir við sveitarfélög á Austurlandi upp á 30 milljónir. Af 140 umsóknum sem bárust fengu 100 styrk. Hæst 1.000.000 kr. og lægst 100.000 kr.

Hér er á ferðinni lofsvert framtak sem lýsir staðföstum stuðningi hins opinberra við skapandi starfsemi. Hins vegar vantar freakri rannsóknir á áhrifum listræns starfs og þeirrar stefnu sem uppi er varðandi skapandi starfsgreinar. Einnig vantar heildstæð gögn og alþjóðleg viðmið. Sumir viðmælenda bentu á þá þýðingu sem fólk sem starfar í skapandi greinum gæti haft fyrir önnur svið samfélagsins:

Skapandi einstaklingur ætti að vera í stjórn hvers einasta fyrirtækis. Fólk óttast hinn skapandi geira; skapandi fólk er svo skrýtið. Þessum ótta bregður líka fyrir frá hinni hliðinni.

Ég vil að á Íslandi verði sköpunarbylting...

Áhugastarf í listum er mjög mikilvægt í íslensku menningarumhverfi: „Áhugastarf í listum er mjög vaxandi á Íslandi. Geirinn er mjög virkur og oft mikill listrænn drifkraftur í fámennum byggðarlögum.“ Þetta á sérstaklega við um áhugaleikhópa en slíkir hópar starfa víða með miklum blóma. Eins og eftirfarandi tilvitnun gefur til kynna eru þessir hópar ekki aðeins farvegur fyrir ungt fólk sem áhuga hefur á leiklist heldur eru líka settar á svið sýningar fyrir börn og unglinga.

Áhugaleikhúsið er um 100 ára með eina til tvær sýningar á ári og allir aldurshópar taka þátt í þeim. Leikhópur í framhaldsskóla er með eina uppfærslu á ári. Sem stendur er leikritahöfundur að skrifa fyrir þau verk. Hér er sterk leikhefð. Ein uppfærsla í framhaldsskólanum og líka í grunnskólanum.

Á tímabilinu 2007-2008 voru 6,9 tónleikar á hverja 1000 íbúa í Reykjavík, 3,6 á hverja 1000 íbúa á Vestfjörðum, 7,1 á Norðurlandi, 4,1 á Austurlandi og 4,4 á Suðurlandi. Þótt mest sé um að vera í Reykjavík og á Akureyri virðast tónleikar þó dreifast nokkuð jafnt yfir landið.³⁰ Þátttakendur í rýnihópi skapandi starfsgreina voru beðnir um álit á því hvort gæði listfræðslunnar væru almennt betri eða verri nú en fyrir 10 árum. Eftirfarandi er samantekt á svörum:

Ástandið er óbreytt.

Námskráin er í lagi en við þurfum að einbeita okkur að því að fylgjast með gæðunum.

Ástandið fer versnandi.

Listgreinakennslunni fer aftur.

Leikhús og dans er á niðurlæði.

Við óttumst að þegar efnahagsástandið versnar muni skólar aðeins gera það sem lögbundið er og menningarlíf barnanna muni líða mjög fyrir - þau munu ekki heimsækja söfn, leikhús eða listsýningar.

Hvað tónlist varðar hefur ástandið batnað.

Listalífið blómstrar, sérstaklega grasrót- og jaðarlist.

30 <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Menningarmal/Listir>

Bankarnir hafa að mínu viti haft of mikil áhrif á listalífíð. Það er því bara gott að þeir skuli nú draga sig út.

Ástríða, líf og fjör er fyrir hendi og fer vaxandi.

Það er mjög margt í gangi og það fer batnandi.

Kreppan hefur í raun haft góð áhrif, sérstaklega hvað varðar hátíðir.

Við munum í vaxandi mæli notast við það sem er okkar; þar sem styrkur okkar er og það er góð áhersla sem mun bera okkur áfram.

Við höfum fengið mikinn stuðning frá útlöndum. Þýsk barónessa ætlar að ánafna listalífínu fé, ætlar að bjóða upp listaverk sem hún á og gefa féð sem fæst til íslenskrar listar.

Við vonum að allt grasrótastarfið muni vaxa og dafna á þessum erfiðu tímum.

Af þessu má sjá að meirihluti þátttakenda var jákvæður, áleit ástandið betra en fyrir 10 árum og var bjartsýnn á framtíðina. Lítil minnihluti hafði áhyggjur af framtíðinni og gæðum menntunar í menningu og listum.

5. kafli:

OG SVO? HORFT TIL FRAMTÍÐAR

5.1 Inngangur

Almennt eru íslenskir skólar mjög góðir. Menntun er mikils metin og mörg dæmi um kennslu og verkefni á heimsmælikvarða. Þó má ávalt gera betur. Þessi kafli tiltekur lykilþætti þar sem svigrúm er til úrbóta og fjallar um þær tilraunir sem hafa verið gerðar til að bæta gæði skólastarfs.

5.2 Kennaramenntun

- Hugmyndaríkir, áhugasamir og staðfastir kennarar eru forsenda góðrar listfræðslu.
- Þó borið hafi á áhyggjum vegna þess að gæði listfræðslu í menntun kennara hafi rýrnað mátti sjá fjölmörg dæmi um úrvalskennsluhætti á Íslandi.
- Markmið og sýn kennaramenntunar er óskýr og misvísandi.
- Listir og menning fær ónógan tíma í kennaramenntun.
- Margir kennarar útskrifast án nægrar þekkingar og færni til að ná árangri sem listgreinakennarar.
- Þekking og færni í námsmati, rannsóknum og greiningu vantar í kennaranámi.
- Kennaramenntun ætti að fá meira vægi sem ævilangt ferli. Þar gætu þeir sem nú mennta kennara gegnt lykilhlutverki.
- Fram kemur að frekar hafi dregið úr frumkvæði og nýjungum í kennaramenntun.

Góðir, áhugasamir og vel menntaðir kennarar eru kjarni góðrar listfræðslu umfram allt. Margir þessara kennara hafa lagt umtalsvert til þessarar rannsóknar. Meirihluti þeirra skóla sem heimsóttir voru höfðu sérmenntaða listgreinakennara.

Þrátt fyrir þetta komu fram miklar áhyggjur yfir því að kennarar væru ekki nógu góðir og þá helst vísað til menntunar þeirra. Beint samband væri á milli kennaramenntunar og þess sem gerðist í kennslunni og það sjónarmið var útbreitt að gæði kennaramenntunar færu minnkandi. Minni tíma væri varið til lista og menningar í upphafi kennaranáms og kennarar vantaði færni til að geta náð árangri, sértaklega í grunnskólum. Ummæli eins og þau sem tilgreind eru hér neðar heyrðust oft á meðan á rannsókninni stóð:

Fæstir kennarar geta kennt listir. Þeir treysta sér einfaldlega ekki til þess. Þekking þeirra og menntun í listum er takmörkuð.

Við þurfum að auka grunnmenntun kennara í skapandi kennsluháttum [Þessu voru allir mjög sammála].

Kennarar þurfa breiðari menntun sem opnar huga þeirra og þjálfar samvinnu.

Við þurfum kennara sem eru opnir fyrir listum; kennara sem trúa á og virða listir.

Okkur vantar listamenn sem menntafrömuði. Þegar þetta gerist mun allur skólinn breytast.

Kennarar þurfa að læra samskipti við foreldra.

Kennarar þurfa greiðan aðgang að nýjustu rannsóknum og fá leiðbeiningar um hvernig þær geta nýst til að bæta menntun.

Kennaramenntun þarf að ganga í gegnum alvarlega sjálfs gagnrýni.

Markmið almenns kennaranáms eru óljós hvað varðar listir. Hagnýt atriði varðandi listfræðslu eru ráðandi í kennaranáminu og kennaranemar fá litla inn-sýn í fræðin eða aðferðir í list- og menningarfræðslu. Hið gagnstæða á við um menntun þeirra sem kenna á framhaldsskólastiginu. Þar er mikil áhersla á fræðin en of lítil hagnýt kennsluþjálfun.

Niðurskurður á tíma og umfangi í list- og menningarfræðslu í almennu kennaranámi hefur leitt til þess að þrengja hefur þurft þau námskeið sem í boði eru. Sá tími sem kennaranemar fá í listum og menningu hefur jafnt og þétt verið skorinn niður. Leikskólakennarar fengu til að mynda alls 27 einingar í listum skólaárið 2000-2001. Skólaárið 2009-2010 voru þessar einingar komnar niður í 23. Ástandið er enn alvarlegra í menntun grunnskólakennara. Þar voru 8 einingar í kjarna fyrir alla kennara sem allar hafa verið skornar burt sem skyldufög skólaárið 2009-2010. Þótt færa megi rök fyrir því að valeiningar hafi komið í stað þessara skyldueininga, a.m.k. að hluta til (allt að 20 einingar fyrir almenna kennara og 80 einingar fyrir sérgreinakennara), þá vantar hér mikið upp á að kennarar fái næga undirstöðu hvað varðar listir og menningu (eins og í vaxandi mæli er gerð krafa um í Evrópusambandinu).³¹ Sumir álitu niðurskurðinn stafa af því hve dýrt væri að mennta listgreinakennara, eins og í eftirfarandi dæmi:

Svarið er betri menntun fyrir kennarana... en þetta er að breytast hratt. Það kostar peninga að fá listamenn inn í skólana... Við þurfum að ræða hvernig hægt er að gera þetta með ódýrari hætti... Fólk veit ekki hvað við erum að gera - heldur kannski að við séum bara að föndra... Þetta eru ekki bara spurning um aðstæður heldur hugarfar... Þeir [Háskólinn á Akureyri] lögðu niður tónmenntakennaranámið árið 2006 vegna þess hvað það var dýrt. Aðeins þremur var leyft að útskrifast úr deildinni og af þeim voru tveir tónmenntakennarar með almennt kennaranám að baki.

Oft var nefnt að skortur væri á hæfum listgreinakennurum, sérstaklega smíða- og tónmenntakennurum. Eða eins og fulltrúi Tónmenntakennarafélags Íslands orðaði það: „Það vantar hæfa kennara. Kennarar þurfa að hafa réttindi.“ Og frá Listaháskólanum: „Mikilvægasta verkefnið nú er að bæta menntun tónmenntakennara.“ Kennarar frá útlöndum bæta úr þessum kennaraskorti:

31 Byggt á upplýsingum frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur, deildarforseta kennaradeildar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Febrúar 2009.

Tónlistarskólakennarar koma víða að. Til að mynda koma þrír frá Póllandi, þrír frá Eistlandi og einn frá Ungverjalandi. Það er erfiðara að fá kennara víða út á land, þar er því meira um útlendinga. Íslenskt tónlistarlíf var í raun byggt upp af útlendingum, tónlistarmönnum frá Austurríki, Tékkland, Ungverjalandi og Finnlandi. Sérstaklega virtist vanta fólk til að kenna popp- og rokkmúsík. Allir krakkar vilja verða poppstjörnur.

Það vantar meiri tónlist í grunnskólann. Enginn virðist vilja sinna því erfiða verkefni að kenna tónlist í grunnskóla. Tónlistarkennarar í tónlistarskólum vilja það ekki; enginn virðist vilja það. Það er líka skortur á dans- og leiklistarkennurum og þetta er vandamál. Söngur virðist líka vandi þótt það fari talsvert eftir skólum. Skylda ætti tónlistarskóla til að sjá um kennslu í grunnskólum.


Við myndum vilja hafa meiri dans en við fáum ekki kennara...

70% kennaranna eru útlendingar – frá Skotlandi, Finnlandi, Spáni og Lettlandi. Þetta er þó að breytast núna. Fimm Íslendingar hafa sótt um vinnu nú í haust og það hefur ekki gerst fyrr.

Popp og djass verður stöðugt vinsælli en það er erfitt að fá kennara í þessum greinum. Tveir danskennarar búa á Ísafirði, annar frá Boston í Bandaríkjunum, hinn frá Finnlandi. Bandaríkjamaðurinn er ekki eins fjölhæfur og Finninn eða íslenskir kennarar sem kenna hvaða stíl sem er.


Mynd 5.2.1 sýnir að 68% skólastjórnenda álíta að það skorti framboð á framhaldsmenntun fyrir kennara. 25% eiga erfitt með að fá hæfa kennara og 25% álíta að kennaramenntun undirbyggi kennara ekki nógu vel.

Mynd 5.2.1 Viðhorf til kennaramenntunar og til framboðs á menntuðum sérgreinakennurum í tónlistarskólum




Þessi svörun speglast líka í því að almennt þurfa skólar að hafa fyrir því að ráða kennara; 24% skólastjórnenda segja það erfitt eða mjög erfitt (mynd 5.2.2).

Mynd 5.2.2 Erfiðleikar við að ráða kennara til tónlistarskóla



72% tónlistarskólastjórnenda sögðu lítið eða mjög lítið framboð af tónlistarkennurum (mynd 5.2.3).

Mynd 5.2.3 Framboð á tónlistarkennurum



Hluti skýringarinnar á þessum tölum kanna að liggja í því hve fáir komast í háskólanám og hvernig Listaháskólinn velur nemendur:

Svipmynd 5.2.4 Val okkar kann að vera strangt

Þetta er sjálfstæð stofnun með samning við ríkið. Umsóknarferlið er strangt. Aðeins ein af hverjum fimm umsóknum kemst í gegn. Svo eru opinberar fjöldatakmarkanir. Til að mynda eru einungis 10 teknir í leiklist árlega. Rök Listaháskólans eru að „...árlega séu vart fleiri sem eigi erindi í námið“. Og þeir bæta við: „Val okkar kanna að vera strangt en 97% nemenda ljúka námi á innan við fjórum árum.“

Listaháskólinn er í samvinnu við tvo háskóla á Íslandi í tengslum við listasögu, listfræði, viðskipta- og markaðsfræði. Ekki er samvinna um kennslufræði eða listfræðslu. Stofnunin vinnur að eflingu rannsókna en sem stendur eru engir nemendur við skólann í rannsóknartengdu námi. Hvað varðar listfræðslu segjast þeir leggja áherslu á kennsluáferðir einstakra greina og vonast til að útkoman verði „hryðjuverkamenn í skólakerfinu“.

Þeir viðurkenna að vaxandi krafa sé um breiðari sýn á listfræðslu. Meistaránám er svarið við þörfinni um aukin gæði: „Hæfari kennarar og endurmenntun er það sem er mest áriðandi. Kennarar þurfa meiri færni í listunum sjálfum áður en þeir geta kennt. Almenn hafa listgreinakennarar í grunnskóla ekki fengið næga þjálfun í þeirri listgrein sem þeir kenna. Við erum að móta námskeið á meistarastigi fyrir leiðtoga og frumkvöðla sem starfa við listir og menningu. Við þurfum hæfa leiðtoga á sviði lista og fyrirmyndir um góða kennsluhætti. Það má segja að við viljum þjálfa ofurkennara. Við erum ákveðin í að styrkja forystuhæfni.“

Þessi skortur á hæfum kennurum kemur verr við suma hópa en aðra, t.d. fatlaða: „Það er mikill skortur á hæfum kennurum til að kenna fötluðum nemendum. Fæstir tónlistarskólar taka við fötluðum nemendum. Við gætum auðveldlega tekið við 150 börnum árlega, bara á þessu svæði.“ Einnig er viðvarandi vandi að fá kennara í afskekktari byggðarlög: „Listgreinakennarar eru yfirleitt vel menntaðir fagmenn. Undantekning er skortur á menntuðum kennurum á einangruðum, fámennum svæðum. Þetta á sérstaklega við um smíða- og tónmenntakennara í grunnskólum.“

Kennaramenntun virðist umdeild á Íslandi. Flestir sem rætt var við höfðu ákveðnar skoðanir á málinu og tóku fegins hendi það færi sem þessi rannsókn gaf til að ræða stöðu kennaramenntunar. Þetta átti líka við um þá sem vinna við kennaramenntun eins og eftirfarandi svipmynd sýnir:

Svipmynd 5.2.5 Þetta er umdeilt viðfangsefni

Þetta er umdeilt viðfangsefni á Íslandi. Til að kenna í grunnskóla þarf tiltekin réttindi. Námið er í endurskoðun en er nú samsett í jöfnum hlutföllum af æfingakennslu og kennslufræðinámskeiðum. Námskeið í listum eða menningarfræðslu eru ekki hluti þeirra kjarnagreina sem grunnskólakennarar taka í sínu námi. Ef marka má viðtöl við starfsfólk Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er sú menntun í listum og menningu sem grunnskólakennarar afla sér alfarið byggð á valnámskeiðum og þar með áhuga kennaranemanna. Námskeið leikskólakennarans innifelur hins vegar einhver kjarnanámskeið í listum.

Sem dæmi um algengt mynstur væru tvö námskeið í sjónlistum, fjórar einingar í tónlist og tvær í textíl og leiklist fyrir alla nemendur. Hins vegar velur aðeins lítil hluti nema í almennu kennaranámi þessi valnámskeið í listum - venjulega minna en 10%. Til dæmis útskrifast aðeins 8-10 namar með áherslu á tré- og járnsmíði þrátt fyrir kennaraskort í þessum greinum. Sem dæmi sagði einn grunnskólastjóri: „Smíðakennarinn okkar hefur ekki kennsluréttindi. Okkur hefur ekki tekist að fá réttindakennara undanfarin tvö ár. Sá sem kennir er laghentur maður hér úr sveitinni.“ Þessi skóli er í raun betur staddur en sumir aðrir: „Þeir réttindalaus kennarar sem við höfum hafa allir verið hér í mörg ár og þeir eru góðir“.

Í helstu kennaramenntastofnun landsins er einna minnst ásókn í sérhæfingu í listgreinum, heimilisfræði er t.d. vinsælli en listirnar. Samt getur upp undir þriðjungur námsins verið listgreinar ef nemendur veldu þessi námskeið eða ef listgreinar væru valdar sem sérsvið í náminu. Hins vegar er hér nær alfarið um að ræða sérgreinabundna þjálfun. Almenn fræðsla í skapandi menntun og menningarfræðsla er ekki fyrir hendi eða fræðsla um hvernig listbundin kennslufræði getur almennt bætt skólastarfið.

Sum svið, svo sem tónmenntakennsla, eru að breytast. Flestir tónmenntakennarar í grunnskólum eru menntaðir sem tónlistarmenn (ekki kennaramenntaðir). Tónmenntakennaranámið er hins vegar í endurskoðun þannig að það innifeli dans, leiklist og mögulega önnur listform. Hins vegar útskrifast aðeins sjö nemendur úr þessu námi annað hvert ár, því miður, sem mun ekki eyða skorti á menntuðum tónmenntakennurum í kerfinu.

Tilfinning fólks er að kennaramenntun hafi farið aftur hin síðari ár. Hins vegar virðast sumir framámenn í háskólaumhverfinu hafa einlægán vilja til að breyta stöðunni til hins betra. Einn þeirra sagði: „Við væntum þess að skýrslan veiti okkur innblástur til að bæta ástandið. Ég er vel meðvitaður um að styðja þurfi betur við listir, menningu og handverk og við erum staðráðin í að gera það.“

Áhyggjur komu einnig fram um gæði þeirrar menntunar sem kennarar fengju. Það var almenn skoðun að kennaranámið hafi þrengst um of og að það yrði almennt til bóta fyrir menntakerfið ef góð listfræðsla yrði hluti af þjálfun allra kennara. Eftirfarandi ummæli skólastjóra eru dæmigerð:

Ég álit að bæta þurfi kennaramenntun. Sumir kennarar vinna mjög vel með listir, aðra skortir alveg sjálfstraust. Hér í þessum skóla reynum við að velja skapandi kennara og leitum sérstaklega eftir kennaranemum í æfingakennslu sem áhuga hafa á listum. Við nálgumst skapandi vinnu ekki nógu kerfisbundið í þjálfun kennara. Í raun ættum við að breyta nöfnum allra námsgreina. Góð listfræðsla getur opnað fyrir skapandi kennsluhætti. Þetta snýst ekki um listir heldur að hjálpa börnunum að læra í gegnum eigin skynjanir. Í staðinn þjálfum við kennara þannig að þeir verða blindir á ákveðna þætti menntunar. Kennaramenntun vanrækir listfræðslu.

Kennaramenntun er orðin of þröng og byggist of mikið á fyrirlestrum. Það er ekki nægur tími til að prófa hluti og vinna með börnum. Námið er of fræðilegt og bóklegt. Háskólinn gleymir börnunum þar sem allt ætti að byrja. Það er ekki lengur neitt tilraunastarf í gangi; ekkert nema fræði. Þróunin er í átt til sérhæfingar í stað þess að þjálfu alla kennara í skapandi starfsháttum: vinna með listir, vinna með samfélaginu og ræða við börnin. Mér finnst ég þurfa að kenna sumum kennaranemum að tala. Þeir hafa unnið svo mikið með tölvur að þeir geta ekki lengur haft samskipti. Þeir vildu heldur kenna í fjarkennslu.

Nei! Nei! Nei! Það er áreiðanlega ekki nógu mikil kennaramenntun. Það þarf að gera miklu meira (leikskólakennari).

Hliðstæð viðhorf mátti líka heyra úr háskólanum:

Ég hef miklar áhyggjur af kennaramenntuninni. Kennaranámið vantar meiri kjarnaþjálfun í skapandi kennsluháttum og menningu... og meiri þjálfun í skapandi hugsun. Framhaldsskólakennarar þurfa sérhæfðari þjálfun. Vandinn er að kennarar fá ekki nægan undirbúning... þeir eru einangraðir... Það er ekki næg þjálfun veitt í að blanda listum við önnur fög... Breikka þarf kennaramenntunina og leggja meiri áherslu á samvinnu. Kennarar þurfa ekki að vita alla skapaða hluti... Okkur vantar breiðari menntun og meiri virðingu fyrir listum. Kennarar skipta máli... góðir kennarar geta skipt sköpum...

Of mikil sérhæfing listgreinakennara var mjög gagnrýnd af skólastjórum:

Sem skólastjóri er það mitt sjónarmið að þeir sem hér vinna séu kennarar fyrst en tónlistarmenn næst. Ég er ekki ánægður með kennaramenntunina. Listaháskólinn þjálfar tónlistarmenn, ekki kennara. Við þurfum fólk sem á auðvelt með að vinna með 8-14 ára krökkum; fólk sem vill kenna í grunnskólum og vinna með hóp af börnum. Kennarar verða að hafa þjálfun í að leiða samspil. Ég veit að þetta er umdeilt. Ég þarf meira

að segja að tala varlega um þetta á kennarafundum hér. Mjög fáir kennarar hér hafa kennaramenntun. Flestir hafa konservatori-menntun eða eru menntaðir sem spilarar. 75% kennaranna hér eru útlendingar og 20% til viðbótar hafa menntað sig í útlöndum. Aðeins 5% eru því Íslendingar sem fengið hafa alla sína menntun hér. Kennarar eru mjög ihaldssamir og kenna gjarnan eins og þeim sjálfum var kennt.

Öndverð sjónarmið komu fram í rýnihóp fulltrúa listastofnana, þ.á.m. gallería, leikhúsa og safna. Þar var tilfinningin að ástandið hefði batnað undanfarin ár og að kennarar væru betur menntaðir en áður en leiklistarmenntaðir kennarar væru þó tiltölulega nýtilkomnir.

Önóg tenging er á milli kennaramenntunar í Háskóla Íslands og Listaháskólunum. Í litlu kerfi eins og á Íslandi gæti náin samvinna á milli menntunar listamanna og menntunar kennara leitt til hagkvæmni og tækifæra. Hér er þó greinilega óleyst togstreita á milli tveggja sjónarmiða um tvær mismunandi leiðir. Fáum við betri kennara með því að mennta sérfræðinga á sviði lista með svolitla kennaramenntun eða með því að mennta kennara í listgreinum? Svipmynd 5.2.6 gefur innsýn í þetta flókna mál:

Svipmynd 5.2.6 Tvær ólíkar ímyndir, tónlistarmaður/kennari³²

Á Íslandi hefur orðið bylting í menntun tónlistarkennara undanfarna áratugi. Tónlistarskólinn í Reykjavík menntaði tónlistarkennara fram til 2001 en það ár tók Listaháskóli Íslands til starfa. Sem háskólastofnun tók Listaháskólinn yfir menntun tónmenntakennara. Öll kennaramenntun á Íslandi er á háskólastigi. Tónmenntakennaranám Listaháskólans er nú eins árs nám til viðbótar B.Mus.-gráðu í hljóðfæraleik og er enn í þróun hvað varðar inntak og framkvæmd.

Á sama tíma hefur tónmenntakennaranám Menntavísindasviðs Háskóla Íslands breyst mikið í þá veru að minnka áherslu á hljóðfæraleik, til að mynda píanóleik, en auka vægi hópkennslu og kennsluaðferða. Þetta fyrirkomulag er í lagi ef nemendur hafa góðan bakgrunn í tónlist þegar þeir hefja námið. Það er hins vegar ekki alltaf raunin sem leiðir til þess að almenn tónlistarleg þekking þeirra og færni er ábótavant þegar þeir ljúka námi. Afleiðingin er að þessir nemendur standast ekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem tónmenntakennara í grunnskólum.

Þessar tvær stofnanir (Listaháskólinn og Háskóli Íslands) spegla þannig hver um sig tvenns konar ímynd: tónlistarmaður/kennari. Annars vegar er áhersla Listaháskólans á tónlistarmanninn og þroska hans, hins vegar sjá margir Menntavísindasvið Háskólans vanrækja tónlistarlegan þroska kennaranemans á kostnað mikillar áherslu á kennslufræði og að þroska nemandann sem kennara.

32 Þessi svipmynd er byggð á óútgefinni ritgerð eftir Kristínu Valsdóttur. Febrúar 2009, bls. 7.

Það er e.t.v. einföldun að álíta vandann alfarið liggja í þeirri menntun sem kennarar fá áður en þeir hefja starf sem kennarar. Þá er horft fram hjá því að framhaldsmenntun starfandi kennara, sérstaklega þeirra sem starfað hafa í nokkur ár, sé e.t.v. lykillinn að því að þróa og þroska möguleika skólakerfisins. UNESCO-skýrslan (*The Wow Factor*) gefur til kynna að þótt kennaranám sé mikilvægt sé frekar hægt að breyta viðhorfum og venjum í skólum með því að hafa áhrif á kennara sem starfað hafa í nokkur ár.³³ Eins og eftirfarandi tilvitnun gefur til kynna þarf að hugsa kennaramenntun sem menntun allt lífið fremur en eitthvað sem fæst með nokkurra ára þjálfun: „Í mínum huga er mikilvægt hvernig nám er skipulagt sem viðfangsefni allt lífið... maður lærir, kennir um hríð, fer síðan aftur í skóla...“

Eins og greint er frá í fyrri köflum er endur- og símenntun kennara grundvallarþáttur í góðri list- og menningarfræðslu. Eins og áður segir er núverandi framboð á Íslandi oft dýrt, takmarkað, óhagkvæmt og ekki útfært þannig að það nýtist sem uppbyggjandi nám fyrir allt lífið. Til að breyta þessu gæti kennaramenntun leikið mikilvægt hlutverk í endur- og símenntun kennara. Í stað þess að auka og útvíkka framboðið virðist hins vegar hafa orðið samdráttur. Það viðhorf heyrðist líka að í raun hefði bæði eftirspurn og aðsókn minnkað: „Við höfum reynt að bjóða grunnskólakennurum námskeið og textílkennarafélagið er áhugasamt en enginn kemur, allir bera við tímaskorti.“

Ýmsir smærri aðilar bjóða verðandi kennurum námskeið. Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) rekur til að mynda kennaradeild þótt námið sé ekki opinberlega viðurkennt sem kennaranám³⁴ Námið, sem tekur tvö ár, er viðbótarnám við almennt hljóðfæranám skólans og nær til vinnu með samspilshópum, byrjendakennslu, kennslufræði og æfingakennslu. Fyrstu nemendurnir útskrifuðust 1999 en annað til þriðja hver ár síðan hafa að meðaltali 6-8 nemendur útskrifast. Vanalega var deildin ekki starfrækt nema a.m.k. 6 umsóknir lægju fyrir en af fjárhagslegum ástæðum var þetta lágmark hækkað í 10 árið 2009.

Í viðtölum kom fram að skortur á fjarnámi takmarkaði möguleika starfandi kennara til framhaldsnáms.

Til að stunda kennaranám þarf fólk að ferðast til Reykjavíkur. Af hverju er ekki í boði nám án þess að stunda þurfi dagskóla í Reykjavík? Þetta er mjög mikilvægt og hefur verið valkostur í almennu kennaranámi lengi, af hverju ekki í tónlist?

Á hinn bóginn er því líka haldið fram að fjarkennsla henti ekki í listfræðslu:

Við bjóðum ekki fjarnám. Mér finnst það ekki henta svona námi [listfræðslu]. Fjarnám sem slíkt er auðvitað í góðu lagi en það hentar ekki listfræðslunni. Við prófuðum það en nemendum líkaði það ekki. Við höfum aflagt það í tónlistinni.

33 Bamford (2006), bls. 74.

34 *Tömmenntakennari í grunnskóla* er eina lögverndaða starfsheiti tónlistarkennara á Íslandi. Menntun tónlistarkennara hefur þó áhrif á röðun í launaflokka samkvæmt kjarasamningi

Fjarnám sem slíkt er í góðu lagi en erfitt í framkvæmd í listgreinum. Við verðum að sjá nemendur 2-3 vikur yfir árið, annars eru einu samskiptin í gegnum tölvuna.

Þótt stefnumótun geri ráð fyrir rannsóknum þá er lítið um rannsóknir hjá þeim sem sinna kennaramenntun. Þær stofnanir sem sinna menntun grunnskólakennara virðast leggja litla áherslu á rannsóknir.

5.3 Gæðaeftirlit

- Þeir sem sinna listfræðslu á Íslandi þurfa að skoða betur viðeigandi aðferðir við mat á gæðum skólastarfs.

Á Íslandi er því bæði haldið fram að gæðin séu góð og að það dragi úr þeim. Þessi rannsókn gefur til kynna að í alþjóðlegu samhengi séu listir vel studdar og gæðin séu almennt mikil.

Til að tryggja að þetta ástand haldist og það sem þarf að bæta verði bætt þarf að koma á virku gæðaeftirliti. Jafningjamat og alþjóðleg viðmið ætti að taka upp sem fastan þátt í list- og menningarfræðslu á Íslandi.

Samkvæmt námskrá eiga allir skólar að kenna listgreinar. Miðstýring er hins vegar mjög lítil svo að í raun er ekki er vitað hvort fullkomlega farið sé eftir námskrá að þessu leyti. Eftirlit er ekki fyrir hendi og þarf að auka til muna. Við biðum eftir nýrri námskrá.

Alla listfræðslu ætti að meta, þar með talið þá sem veitt er utan skólatíma. Auk þess ættu nemendur að vera þátttakendur í þessu gæðamati og niðurstöður ættu að vera aðgengilegar þeim sem nota þjónustuna og foreldrum. Óformlegt mat á sér auðvitað stað, sérstaklega í smærri samfélögum, og nemendur og foreldrar taka afstöðu sem byggist á þessu mati, eins og eftir farandi sýnir:

Foreldrar spyrjast fyrir. Stefnan er að skólar geri sjálfir gæðamat til viðbótar því ytra mati sem framkvæmt er. Í raun getum við aðeins metið fáa skóla, tekið slembiúrtak 4-5 leikskóla og 3-4 grunnskóla. Opinberlega er skólum ekki með neinum hætti raðað eftir gæðum. Nemendur eru þó frekar metnir í grunnskólum [hér er vísað til samræmdra prófa sem síðan hafa verið aflögð].

Að mati foreldra eru gæði í skólastarfi mikilvæg og þátttakendur í rýnihópi foreldra sögðust gjarnan vilja meiri upplýsingar um gæðamál:


Við þurfum að einbeita okkur að aðalatriðunum og sjá til þess að nemendur fái góða kennslu.

Ég vil að mín börn hafi val og að þau fái góða kennslu. Í rannsókninni voru fulltrúar margra skólagæða spurðir um þau atriði sem þyrfti

að bæta. Aukin samvinna á milli skóla, sérstaklega við grunn- og framhaldsskóla, var það sem helst kom fram hjá dansskólum. Aðeins um 60% dansskóla höfðu samvinnu af einhverju tagi við aðra skóla. Samvinna af öðru tagi var líka lítil. Betri kennslugögn og aukinn kennslutími kom líka fram sem mikilvæg úrbótaatriði. Minni áhersla kom fram um nauðsyn betur menntaðra kennara, þótt vissulega hafi slíkt verið nefnt.

Þörf fyrir aukinn kennslutíma var mikið nefnt úrbótaatriði í tónlistarskólum (sjá mynd 5.3.1).

Mynd 5.3.1 Hvað gæti bætt í listfræðslu í tónlistarskólum?



Margar fullyrðingar komu fram um íslenska tónlistarskóla, flestar án þess vísað væri til sjálfstæðra rannsókna. Eitt dæmi: „Tónlistarskólakerfið hjá okkur er mjög gott og hefur skilað mörgum góðum atvinnutónlistarmönnum. Við stöndum okkur vel samanborið við önnur Norðurlönd.“ Kennari í FÍH fullyrta að fjárveitingar til tónlistarskóla á Íslandi skiluðu miklu. Til samanburðar nefndi hann: „Gæðin í Finnlandi eru mikil en þeir leggja líka mikið fjármagn í þessi mál. Norðmenn leggja líka til mikið fjármagn.“ Þar sem samanburðartölfræði var ekki aðgengileg þegar þessi rannsókn var unnin er ekki hægt að leggja mat á fullyrðingar sem þessar.

Ýmsar mótsagnir koma líka fram varðandi gæði:

Tónlistarskólakerfið er ekki að breytast. Skólarnir eru í blindgötu. Kerfið er umtalað og virt en í raun eru tónlistarskólarnir eins og hópur smárikja sem ekki tala saman.

Sumir þeirra erlendu nemenda sem við synjum um skólavist eru betri en ís-

lensku nemendurnir sem við tökum inn. Við þurfum að upplýsa betur um inntöku-skilyrði.

Við þurfum að byggja margar brýr. Framhaldsskólar leggja áherslu á að leikhús sé skemmtilegt en undirstrika ekki um leið þann aga sem leikhús krefst. Það vantar mikið upp á þekkinguna. Framhaldsskólinn veitir ekki nóga fræðilega þekkingu... Hann þjálfar ekki tæknilega færni.

Hliðstæðar aðfinnslur komu fram varðandi önnur listform:


Umsóknir frá útlöndum eru betri [sjónlistir]. Nemendur þurfa að einbeita sér betur að því hvernig eigi að útbúa vandaða verkefnaöppu. Við leitum að nemendum með sterka sýn. Við horfum ekki á þau gögn sem nemendur leggja með umsókn sinni þar sem slíkt er oftast tilbúningur. Sá undirbúningur sem umsækjendur hafa áður fengið í skólum er oftast gagnslaus. Vanalega er það einhver innan skólans sem metur gæðin.

Í grunnskóla hafa nemendur stundað textíl í sex ár en kunna ekki einu sinni að þræða nál. Að mínu mati ættu öll börn að fá að kynnast handverki af ýmsum toga. Nemendur verða síðan að velja og hafna. Við þurfum líka sterkari tengingu við hönnun. Á vissan hátt er það vandi hvað mikil áhersla er á að allt sé skemmtilegt. Okkur fer aftur. Kennaramenntun fer hrakandi og margir verkgreinakennarar hafa ekki einu sinni kennararéttindi. Þetta fer algerlega eftir því hver kennarinn er. Það er líka mikill munur á nemendum frá einum skóla til annars.

Þessari rannsókn var ekki ætlað að prófa nemendur í listum. Ekki var heldur tilgangurinn að leggja mat á útkomu listfræðslunnar hvað gæði varðar. Þetta eru hins vegar mikilvæg atriði og þeir sem stunda listfræðslu á Íslandi þurfa að sinna gæðamálum og matsaðferðum sem hæfa íslenskum veruleika.


Þeir stjórnendur í grunnskóla sem svöruðu könnun rannsóknarinnar álíta gæðin mikil eða mjög mikil (73% samkvæmt mynd 5.3.2).

Mynd 5.3.2 Mat skólastjórnenda í grunnskólum á gæði listfræðslu í eigin skóla



Eftirfarandi úrbætur voru lagðar til í grunnskólanum (mynd 5.3.3):

Mynd 5.3.3 Hvað gæti bætt listfræðslu við skólann?



5.4 Önnur atriði

Eftirfarandi hluti tekur til atriða í íslenskri listfræðslu sem í ljós kom á meðan á rannsókninni stóð. Þessi atriði hafa ekki verið skoðuð nákvæmlega en gefa vísbendingar um hvar frekari rannsókna eða skoðunar er þörf.

5.4.1 Kynjaskipting

Vísbendingar eru um að stúlkur séu fjölmennari en drengir í listfræðslunni, sérstaklega í tónlist og textíl.

Í sumum tónlistartímum eru aðeins stúlkur. Almennt er hlutfallið 60-70% stúlkur.

Í okkar tónlistarskóla er meira en 2/3 nemenda stúlkur. Drengir sækja mest í tvær greinar: gítar og slagverk.

Þetta má e.t.v. skýra í sögulegu ljósi eins og eftirfarandi svipmynd gefur til kynna:

Svipmynd 5.4.1.1 Þetta er flókið mál á Íslandi

Þetta er flókið mál á Íslandi. Hér áður fóru stúlkur í matreiðslu og sauma en drengir í smíði. En á 8. áratug 20. aldar náði kvennahreyfingin til Íslands. Drengjum og stúlkum var blandað í þessi fög og nú höfum við í 30 ár reynt að finna út úr þessu. Textíl- og smíðakennarar hafa þurft að draga úr kröfunum til að gera öllum til hæfis. Strákar hafa ekki áhuga á textíl svo kennarinn þarf að finna upp á einhverju til að höfða til þeirra, eins og t.d. fluguhnýtingum. Afleiðingin er sú að þegar þessir nemendur koma í háskóla er viðhorf þeirra að textíl sé bara afþreying.

Þótt stúlkur kunnir að vera meirihlutaþátttakendur í listum og menningu á hið gagnstæða við þegar kemur að skólastjórnendum sem sjá má á því að 65% tónlistarskólastjóra eru karlar.

5.4.2 Að hlúa að hæfileikum

Menning og listir eru vanalega ekki kenndar í hópum sem flokkaðir eru eftir getu. Undantekningin eru tónlistarskólar þar sem einkatímar eru ríkjandi kennsluform. Samspil er gjarnan flokkað eftir getu og ýmis tækifæri eru í boði fyrir hæfileikaríka nemendur, samspil, masterklassar og ýmsir aukatímar (svo sem tónheym og tónfræði). Tiltölulega fáir nemendur læra á fleiri en eitt hljóðfæri. Þeim hefur enn fækkað eftir að efnahagskreppan skall á. Í einum 300 nemenda skóla eru aðeins 12 sem læra á fleiri ein eitt hljóðfæri. Mögulega ætti að koma á stuðningi við hæfileikaríka nemendur í listum.

Sérskóli fyrir hæfileikarík ungmenni 14-16 ára hefur verið í umræðunni. Ekki blasir við að þetta sé besta lausnin þar sem næg tækifæri eru fyrir hæfileikaríka einstaklinga til að þroska gáfur sínar. Einn viðmælandi tók svona til orða: „Sérstakur elítuskóli er röng nálgun. Maður byrjar ekki á húsi. Skólar þurfa að vera í félagslegu sambandi við það samfélag sem þeir eru í.“

Almennt eru fjölbreytt tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í listrænu starfi í skólum. Í framhaldsskólum eru algengir klúbbar af ýmsu tagi og hæfileika-keppnir. Hæfileikaríkir og áhugasamir nemendur geta þannig unnið stuttmyndir eða sett á svið leikrit. Vinsælar keppnir eru haldnar á landsvisu sem ýta undir starfsemi af þessum toga. Margir skólar styrkja þessa starfsemi með því að ráða atvinnumenn til að leikstýra eða aðstoða á annan hátt. Stuðningur við hæfileika sem þannig birtist í íslenskum skólum er af hinu góða og ætti styrkja.

5.4.3 Hinar dreifðu byggðir

Eins og nefnt var þegar fjallað var um aðgengi töluðu margir um þær áskoranir, og stundum þau tækifæri, sem felast í dreifbýli. Það sem þarna kom fram var oft hliðstætt eftirfarandi tilvitnun: „Það er síður borin virðing fyrir því listræna starfi sem fram fer úti á landi. Ráðandi öfl telja gjarnan að ekkert merkilegt gerist annars staðar en í Reykjavík. Það er mjög erfitt að byggja upp. Fjármagni er ávallt úthlutað til skamms tíma. Maður fær kannski úthlutun einu sinni og síðan ekki meir. Svona er allt á Íslandi.“ Þótt spurningakönnunin og heimsóknir í skóla úti á landi gefi til kynna að svæði utan Reykjavíkur séu oft vel sett hvað varðar listfræðslu kom oft fram það sjónarmið að landsbyggðin teldi sig afskipta. Þó skal endurtekið að nákvæm greining á þessu sjónarmiði var ekki hluti rannsóknarinnar. En til þess að sleppa ekki þessum sjónarmiðum eru þau sett hér fram í nokkrum svipmyndum. Þarna birtast líka ýmis hagnýt vandamál, jákvæð atriði og kostir þess að búa í fámenni sem getur komið að gagni þeim sem fást við að framkvæma stefnu. Svipmyndirnar eru heildstæðar frásagnir og sem taka til fjölda atriða eru settar hér fram í heild án sérstakrar greiningar.

Svipmynd 5.4.3.1 Bæði opinber stefna sem og önnur öfl í samfélaginu hafa leitt til aukinnar áherslu á Reykjavík

Það er alltaf togstreita á milli þess sem gerist í höfuðborginni og þess sem gerist annars staðar á landinu. Bæði opinber stefna sem og önnur öfl í samfélaginu hafa leitt til aukinnar áherslu á Reykjavík, t.d. fjárveitingar og stuðningskerfi. Trúverðugleiki skiptir líka máli. Sá sem er í höfuðborginni er álitinn trúverðugri, þrátt fyrir að það sem gerist úti um allt land sé að mörgu leyti áhugaverðara. Þar er fagmennsku listamannsins haldið á lofti. Þar er því eftirsóknarvert fyrir listamenn að búa og starfa. Þar má þróa hugmyndir og oft eru listamenn hlutfallslega stór hluti samfélagsins.

Þetta er tiltölulega nýr skóli. Hann er í bæ þar sem fiskiðnaður er meginatvinnuvegurinn. Meðalaldur er lágur. Skólinn er smekklega hannaður og vel útbúinn. Vinnuherbergi fyrir listgreinar eru vel staðsett, vel útbúin og verk nemenda prýða veggina. Skólinn leggur áherslu á listir.

Í skólanum eru þrjár kórar og blásarasveit. Tónleikar eru haldnir reglulega og stórir tónleikar fyrir jóla. Tónlistarskólinn er í nýrri viðbyggingu framan við skólann. Meira en þriðjungur nemenda stundar nám í tónlistarskólanum. Allir nemendur 1.-7. bekk syngja í kór. Tónlistarnám er skylda upp í 8. bekk en eftir það er ýmiss konar val í boði sem er vinsælt hjá nemendum.

Allir nemendur frá 1.-10. bekk læra dans. Dans er kenndur af menntuðum danskennara.

Skólinn hefur ekki sal til umráða en haganlega útbúið, opið rými virkar vel fyrir danskennsluna. Skólinn heldur þrjár stórar uppákomur árlega í nálægu íþróttahúsi sem foreldrar og aðrir þorpsbúar sækja.

Til viðbótar tónlist og dansi fá nemendur 2 x 40 mín. kennslustundir á viku, m.a. í grafískri hönnun, textíl og málmsmíði. Smíðakennari hefur ekki fengist til skólans undanfarin tvö ár. Með orðum skólastjórans: „Við höfum reynt mikið. E.t.v. gætum við fengið lærðan smíð. Kannski mun kreppan líka hafa þau áhrif að réttindakennarar muni snúa aftur í kennarastarfið.“

Eldri nemendur geta valið ljósmyndun og kvikmyndagerð. Nemendur skólans unnu litla ljósmynda- og stuttmyndakeppni sem haldin var af 66°Norður. Kvikmynda valið er vinsælla hjá drengjum en annað val er vinsælla hjá stúlkum.

Námsmat í listgreinum er gert með sama hætti og mat í öðrum greinum. Nemendur fá einkunnir tvisvar á ári og listgreinakennarinn gefur ummæli og einkunn. Listgreinakennarinn tekur líka þátt í foreldraviðtölum. Nemendur setja upp leikrit tvisvar á ári þótt leiklist sé ekki kennd sérstaklega í skólanum. Skólastjórinn er áhugaleikari, mjög áhugasamur, og stýrir þremur elstu bekkjunum í uppfærslu leikrits. Hann segir: „Þetta er heilmikil uppfærsla og nemendunum þykir mjög gaman.“

Bekkjakennarar eru hvattir til að nota skapandi kennsluaðferðir. *Tónlist fyrir alla* heimsækir skólann tvisvar yfir árið og skólinn greiðir líka fyrir heimsókn frá litlum leikhópi einu sinni til tvisvar á ári. Skólastjórinn segir: „Síðast þegar þau komu var viðfangsefnið félagslegt. Það var mjög vel heppnað hjá þeim og við allra hæfi; jafnvel kennararnir lærðu af uppfærslunni.“

Heimsókn leikhópsins kostar skólann á bilinu 40-60.000 kr. Annað hvert ár fer skólinn með nemendur til Reykjavíkur þar sem við heimsækjum Listasafn Íslands, listagallerí og söfn. Foreldrafélagið kostar eina leikhúsferð meðan á heimsókninni stendur.

Nemendurnir kjósa yfirleitt að sjá söngleik. Skólinn er líka virkur í hæfileikakeppni grunnskóla á landsvísu og heldur nokkrar viðburði til undirbúnings landskeppninni.

Skólustjórinn segir: „Ég verð eiginlega undrandi þegar ég lýsi öllu því sem við gerum í listum. Við erum með þó nokkra nemendur sem eru af erlendu bergi, frá Filippseyjum og Póllandi, og við reynum að höfða til þeirra í gegnum listnámið. Listirnar virka í raun sem tengiafl á milli fólks. Þær eru sameiginlegur og alþjóðlegur samskiptamáti. Allir nemendur hafa gaman af dansi og tónlist. Við reynum að samþætta skapandi nálgun við allt sem við gerum þótt það heppnist ekki alltaf. Foreldrar segjast mjög ánægðir með skólann,“ segir skólustjórinn að lokum.

Svipmynd 5.4.3.2 Allir syngja með í skólanum

Lítill grunnskóli stendur á bakka ísilagðrar ár. 36 nemendur á aldrinum 6-16 ára og 7 nemendur yngri en 5 ára. Flestir eru frá svæði þar sem áður voru þrjár bæir, u.þ.b. 40 km í burtu. Rúta keyrir börnin til og frá skólanum.

Myndmennt er kennd í öllum bekkjum. Skólanum er skipt í fjóra hópa sem ná til alls skólans. Í fyrsta hópnum eru nemendur úr 1.-3. bekk, næsti samanstendur af 4.-6. bekk, sá þriðji af 7. og 8. bekk og sá fjórði af 9. og 10. bekk. Fyrsti hópurinn fær fjórar 40 mínútur stundir í myndmennt og eina í tónmennt. Hópurinn fær líka tvær kennslustundir í smíði og textíl - hálf tónmennt. Hópurinn fær líka tvær kennslustundir í smíði og textíl. Nemendurnir fá líka matreiðslu en skólustjórinn var ekki viss um hvort sá tími væri hluti myndmenntakennslunnar eða ekki. Hópur tvö fær tvær kennslustundir í myndmennt, eina í tónmennt og eina í textíl og smíði sem skipt er eins og hjá hópnum. Hópurinn fær tvær stundir í matreiðslu. Í 5. bekk fá þau tvær stundir aukalega og geta þá valið á milli þess að byggja úr Legokubbum og öðrum greinum. Þriðji hópurinn fær tónmennt vikulega en auk þess fjórar stundir í vali. Flest skipta um grein eftir hverja önn en skólaárinu er skipt í þrjár annir. Vinsælustu valfögin eru smíði, textíl, stafræn ljósmyndun, íþróttir og matreiðsla.

[Skólustjórinn:] Nemendurnir læra mikið með samþættum hætti. Það er mikil samvinna á milli myndmenntakennarans og bekkjarkennarans. Nú erum við t.d. að læra um vindinn og þá samþættum við þetta sögukennslunni og myndmennt; vinnum þar skyld verkefni.

Við höfum sérgreinakennara í smíði, textíl og tónmennt og myndmenntakennarinn okkar er frá Ameríku. Tónmenntakennarinn er með 30 ára starfsreynslu þótt hann hafi ekki formleg réttindi. Margir af kennurum eru leiðbeinendur þar sem erfitt er að fá kennara á svona afskekktan stað.

Tónlistarskóli er líka rekinn í kjallara skólans. 80-90% nemenda okkar stunda tónlistarnám aukalega. Kennarar eru tveir og foreldrar þurfa að greiða fyrir hljóðfærin.

Við höldum samsöng vikulega þar sem kennarar og nemendur koma saman

og syngja. Skólinn á söngbók þar sem m.a. eru vinsæl, íslensk þjóðlög. Þetta er tiltölulega ný venja í skólanum sem öllum líkar vel. Allir syngja með - meira að segja elstu börnin.

Við höfum líka byrjað með danshóp. Við fengum kennara frá byggðasafninu til að kenna dans. Ástæðan var að við vorum að vinna með söguna, mataræði í gamla daga og þjóðdansa. Allir dönsuðu og það var mjög gaman. Ég vildi mjög gjarnan bjóða áfram upp á dans því ég held að dans sé mikilvægur. Við erum að leita að danskennara. Ég myndi vilja að allir nemendur væru í dansi á vorönn.

Ég nota hvert færi sem gefst til að fá sviðslistamenn í heimsókn - það er sérstaklega mikilvægt vegna þess hve einangruð við erum. Allir þekkja taka þátt í uppfærslu á leikriti eða jólaleikriti. Allir fara á svið eða taka þátt í uppfærslunni. Þetta er frábær fjölskyldustund. Við dönsuðum í kringum jólatréð, drekkum kakó og borðum saman. Við höldum líka árshátíð í mars eða nálægt páska. Við leggjum mikla vinnu í þetta og færum líka upp leikrit sem allir taka þátt í, allir verða að segja eitthvað. Kennararnir hjálpa líka, sauma búninga og svoleiðis. Í aðdraganda hátíðarinnar eru eiginlega ekki venjulegar kennslustundir; allt snýst um listir. Þetta er mjög vinsælt og allir vilja vera með. Foreldrar borga aðgangseyri sem kemur sér vel því það styður ferðasjóðinn okkar. Í fyrra fórum við til Danmerkur.

Við höfum reynt að fara í svona skólaferðalag þriðja hvert ár en ég veit ekki hvort við getum það í framtíðinni. Foreldrar styðja ferðasjóðinn með því að safna peningum. Við reynum líka að heimsækja nálæga bæi og notum þá tækifærið til að heimsækja söfn og listasýningar. Við reynum að fara á fimmtudegi og komum aftur á föstudegi. En, eins og ég sagði, þessar ferðir eru styrktar af foreldrum og nú er ákveðin óvissa hvað það varðar. Við förum þessar ferðir oftast á vorin þegar veðrið er betra og við verðum að leigja rútu og borga fæði og gistingu. Við reynum að niðurgreiða kostnaðinn en við þurfum að borga fyrir kennara sem fara með og foreldra yngri krakkanna. Við eigum gott samstarf við foreldrasamtökin og kostnaðurinn hefur haldist nokkuð óbreyttur hingað til.

Það hefur alltaf verið mikið um listir í skólanum. Menningin er mikil hér og foreldrarnir vel upplýstir og þeir styðja listirnar. Við reynum að þroska hæfileika barnanna vegna þess að við álítum listirnar mjög mikilvægar. Kennarinn sem kennir 10. bekk kennir sögu og íslensku en er í raun menntaður myndmenntakennari. Þannig samþættum við námið. Við vinnum mikið með listir í öllum fögum. Þótt sumir kennarar séu leiknari í að vinna með listir en aðrir þá nota allir kennarar listir að einhverju marki í kennslu. Foreldrar styðja skólann mjög vel og ég reyni að styðja kennarana.

Ég reyni að leysa suma kennarana af svo þeir geti klárað sitt réttindanám. Við vinnum nú að námsmati, skrifum hjá okkur athugasemdir og metum

frammistöðu barnanna. Við kynnum foreldrum matið á foreldrafundum í nóvember og í febrúar. Allir nemendur fá einkunnir í listum auk ummæla. Foreldrar styðja starfið vel og í nýlegri skoðanakönnun komum við vel út; mjög fáir krakkar hafa hætt í skólanum. Það eru jafnvel dæmi um að fólk komi hingað vegna þess hve skólinn er góður.

Svipmynd 5.4.3.3 Tónlistarskóli á landsbyggðinni

Skólinn er fastur í sessi og á sér 35 ára sögu; 150 nemendur í hljóðfæraleik og söng. Við vinnum með grunnskólanum þannig að 1. og 2. bekk fær tónlistarkennslu í skólanum. Sveitarfélagið borgar þessa kennslu. Frá 7 ára aldri geta nemendur svo komið til okkar í einkatíma.

85% nemenda í tónlistarskólanum er yngri en 18 ára. Þeir geta valið um hljóðfæri og valið að stunda klassíska tónlist eða dægurtónlist. Hjá okkur starfa 12 kennarar en fjórir vinna aðeins hlutastarf, mestan part í grunnskólanum.

Það er erfitt að fá íslenska tónlistarkennara til starfa; 70% kennara okkar eru útlendingar. Við vonumst til að efnahagsástandið muni leiða til þess að auðveldara verði að ráða íslenska kennara. Sem stendur eru hér kennarar frá öllum heimshornum: Skotlandi, Finnlandi, Litháen, Spáni og Þýskalandi. Þeir eru ekki menntaðir sem kennarar heldur sem tónlistarmenn og hafa sem slíkir fljótlega orðið virkir í tónlistarlífinu hér. Lengra komnir nemendur kenna líka hjá okkur og fá einingar fyrir.

Við höldum ferna tónleika yfir skólaárið auk kammertónleika einu sinni í mánuði. Svo eru líka tilfallandi tónleikar þar sem við spilum fyrir leikskólabörnin eða á elliheimilinu. Við reynum að koma til móts við þarfir allra nemenda en sumir kennarar hafa ekki hlotið þjálfun í að sinna nemendum með sérþarfir. Síðasta ár var hér einn ofvirkur nemandi og áður var einn með Downes-heilkenni. Í ár er þó enginn nemandi með sérþarfir.

Við erum ekki með biðlista og allir sem vilja geta komist að. Um þriðjungur barna í bænum eru í tónlistarskólanum. Tónlistarskólinn er í nýrri byggingu þar sem snjóflóð féll á húsið þar sem skólinn var áður.

Skólagjöld eru um 45.000 kr. yfir árið fyrir fullt nám á hljóðfæri, 60 mínútna einkatíma sem oftast er kenndur sem 2 x 30 mínútur á viku. Nemendur þurfa líka að læra tónfræði og tónheyrn. Að auki taka sumir þátt í strengja- eða bláasarasveit sem ekki þarf að greiða aukalega fyrir.

Áður en ég kom hingað var ekki kennd tónfræði en nú er það skylda. Ef nemendi er eldri en 10 ára þarf hann að vera í tónfræði. Sumir nemendur eru ekki sáttir að vara í tónfræði og vilja því ekki taka próf. Ég held að þetta sé raunverulega spurning um jafnvægið á milli fræðilegs náms og þjálfunar. Nemendur verða að taka próf og fá skírteini; sumir fá bara skírteini með

einkunnum og ummælum. Einkunnir fara heim til foreldranna. Próf eru dæmd af utanaðkomandi prófdómurum.

Við viljum meiri samvinnu við grunnskólann og við myndum vilja kenna á skólatíma. Ég held að slíkt fyrirkomulag væri betra vegna þess að börnin eru þreytt þegar þau koma hingað í hljóðfæranám eftir fullan skóladag. En við þyrftum að skipuleggja tónlistarnámið upp á nýtt til að það gengi upp samhliða grunnskólanum. Margir nemendur hafa farið utan í framhaldsnám eftir að hafa lokið tónlistarskólanum hér. Það er erfitt að komast inn í Listaháskólann í Reykjavík.

Tónlistarkennsla í grunnskólanum hefur gengið vel. Þó er erfitt að fá kennara sem geta kennt í grunnskólum. Tónmenntakennsla í grunnskóla er mjög krefjandi, 26 stundir á viku og nýr bekkur í hvert sinn. Fleiri hafa orðið kennarar við grunnskóla en að fara að kenna í tónlistarskóla. Tónmenntakennarar hafa ekki réttindi sem almennir kennarar og það er vandamál. Grunnskólinn gerir margt gott í listum en tónlistin er afskipt. „Viðhorfið er að þetta sé verk okkar tónlistarkennaranna og það er auðvelt að sleppa tónlistinni þegar ekki fást hæfir kennarar.“

5.5 Markaðsrannsóknir

Við framkvæmd þessarar rannsóknar kom í ljós að ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um sum svið lista og menningar til að hægt væri að draga af þeim traustar ályktanir. Eins og áður hefur komið fram á þetta sérstaklega við list- og menningarviðburði víða um landið. Hátíðir af ýmsum toga eru margar og áberandi hluti íslenskrar menningar. Fjöldi þessara viðburða sem og aðsókn að þeim virðist hafa vaxið mjög á undanförmum árum. Upp úr páskum eru hátíðir um allt land. Oft er aðgangur ókeypis og breiddin mikil. Áhrif þessarar grósku hafa ekki verið könnuð, hvorki á efnahagslífið, á ferðamennsku eða á skapandi starf. Eins og einn menningarfulltrúinn orðaði það: „Maður veit aldrei alveg hvað er í gangi. Ég held að haldið sé utan um þetta á vef einhvers staðar en Ísland ætti að markaðssetja þessar hátíðir á alþjóðavísu. Hátíð þar sem bæjarbúar opnuðu heimili sín er dæmi um mjög vel heppnaða hugmynd úr grasrótinni. Mjög hár standard og um 800 manns sem mættu.“ Annað dæmi sem vert er að nefna er að haft var sambandi við bæjaryfirvöld á Ísafirði og þau spurð hvort efnahagsleg áhrif menningarhátíða hefðu verið könnuð. Sérstaklega var spurt um hátíðina *Aldrei fór ég suður* sem hefur heppnast mjög vel. Svörin sem fengust voru: „Málið hefur verið rætt en ekkert komist í verk enn.“ Mikilvægt er að kanna áhrif viðburða af þessu tagi yfir lengri tíma og gera grein fyrir jákvæðum efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum áhrifum.

Með líkum hætti þarf að safna upplýsingum um skapandi atvinnugreinar.

Slíkt ætti að framkvæma með hliðstæðum hætti og gert er á meginlandi Evrópu til að marktæk viðmið og samanburður fái st. Á Íslandi mætti til að mynda safna þessum upplýsingum undir eftirfarandi yfirskriftum: auglýsingar, arkitektúr, listir og fornminir, handverk, hönnun, tíska, kvikmyndir og vídeó, gagnvirkur afþreyingarhugbúnaður (skilaði 503 milljónum punda í Bretlandi 1998), tónlist og sviðslistir. Alþjóðleg flokkun af þessu tagi myndi auðvelda yfirsýn yfir þróunina á Íslandi á alþjóðlega samanburðarhæfan hátt og yrði í takt við fram-sæknar rannsóknaraðferðir.

Vankantar í öflun og miðlun upplýsinga um menningu má lesa út úr eftir-farandi tilvitnun: „Hjá stefnumarkandi aðilum og samtökum ýmsum... Mikið af góðum hugmyndum... Matið ætti að koma á eftir... Alger skortur á aðferðafræði og mati... þannig að okkur fari fram og við höfum hugmyndabanka.“

5.6 Aðrar áskoranir

Í lok hvers viðtals eða hvers fundar með rýnihópi sem haldinn var voru þátt-takendur beðnir um nefna eitthvað eitt sem þeir vildu að breyttist eða færðist til betra horfs vegna rannsóknarinnar. Eftirfarandi er samantekt þessara viðbragða (samstæðir hlutir er settir saman en ekki flokkaðir eftir mikilvægi).

Tónlistarskólar

- Tónlistarskólar vinna oft hver fyrir sig í einangrun.
- Tónlistarskólar ættu að breikka námsframboð sitt þannig að þeir nái til allra listgreina.

Samþætting

- Almennt sterkar listabrautir eða línur.
- Okkur vantar klárlega meiri leiklist og leikhús.
- Skapandi nám ætti að samþætta meira.
- Auka þarf menntun í og í gegnum listir.
- Allir kennarar ættu að geta notað leiklist.
- Öll listform er hægt að taka með.
- List ætti að vera alls staðar í skólahúsnæðinu, ekki bara í listgreina-stofum.
- Áhugaverðustu verkin verða oft til þegar ólík listform vinna saman.
- Listirnar ætti að samhæfa betur almennu skólasterfi.
- Skipulagið virkar ekki; við þurfum virkilega að opna allar dyr.
- Auka þarf áhersluna á að upplifa og njóta lista.
- Auka þarf kennslu þvert á fög.
- Ýta þarf undir og styðja hið óvenjulega og sérstaka í menningunni.
- Auka þarf kjark og hvetja til að nýir hlutir séu reyndir.
- Bylting sköpunarkraftsins.

Samvinna

- Auka þarf fjárstuðning við samvinnuverkefni.
- Auka ætti stuðning við samvinnuverkefni á milli byggðarlaga.
- Tengja listir betur við menningararfinn og félagsmiðstöðvar.
- Bæta aðgengi á landsvísu, t.d. með því að koma upp einu svæði á Netinu þar sem leita mætti að hátíð eða viðburði eftir svæði, dagsetningu eða listgrein.
- Best væri ef listamenn og kennarar ynnu hlið við hlið.
- Fögin eru of einangruð. Enginn er tilbúinn að stíga út fyrir mörk fagsins yfir á svið annarrar greinar.
- Mjög erfitt er að breyta hugsunarhætti fólki.
-

Rannsóknir og gagnaöflun

- Við þurfum betri upplýsingar um áhrif á öllum sviðum, þar með talið efnahagsleg.
- Við gætum fengið mun meira út úr öllum þessum hátíðum okkar.
- Við þurfum að styrkja og markaðssetja ímynd íslenskrar listar.
- Skýrslugerð og utanumhald þarf að efla og tengja fjárveitingum.

Fjárveitingar

- Auka þarf langtímafjárveitingu í stað lágra upphæða sem dreift er með óskipulegum hætti.
- Fjárveitingum er dreift um of.

Aðgengi

- Fólki með sérþarfir stendur ekki jafnfætis öðrum og þarf mun meiri stuðning.

Skapandi atvinnugreinar og menningartengd starfsemi

- Menningartengda ferðapjónustu mætti þróa frekar.

Kennaramenntun og framhaldsmenntun kennara

- Úrbóta er þörf í kennaramenntun.
- Kennarar sem útskrifast úr listaháskólanum eru ekki góðir (þeir læra tónsmíðar en ekki hvernig á að kenna). Æfingakennslan er einungis 5 vikur. Það er aðeins ein stofnun sem þjálfar sérfræðinga og hún er of sérhæfð.
- Listfræðsla í námi leikskólakennara hefur minnkað mikið; þetta er alvarlegur vandi.
- Það eru 150 endurmenntunarnámskeið í boði, af þeim eru aðeins tvö í listum!

Gæðaeftirlit

- Ekkert gæðaeftirlit fer fram.
- Hugmyndin að hver sem er geti kennt í tónlistarskóla (Listaháskólinn).
- Andrúmsloft/vinnuumhverfi hagfellt listum (Listaháskólinn).
- Mjög lítið um alvarlega gagnrýni (allir fá 4 stjörnur, jafnvel miðlungsverk - kerfið er of lítið og of persónulegt).
- Grunnfærni í teikningu vantar.
- Við þurfum að færa listsköpun okkar upp um þrep.
- Við viljum ekki að gæðin minnki enn frekar (fagfélag).

Bætt framkvæmd

- Okkur vantar nýjar hugmyndir og sterka sjálfsmýnd fyrir listirnar (Listaháskólinn).
- Auka þarf langtímasamvinnu á milli listamanna og skóla (Listaháskólinn).
- Betra viðskiptaferli.
- Góðar hugmyndir blómstra en framkvæmd og mati á þeim er ábótavant.
- Það vantar að fylgja hlutum eftir. Góðar hugmyndir koma fram en ekkert er gert með þær.
- Það vantar tengsl á milli skapandi atvinnugreina og skóla.
- Ekki minnka þann tíma sem varið er til listfræðslu í kennaranámi (í raun þarf að auka tímann þannig að hann verði jafn því sem áður var) (fagfélag).
- Við þurfum að einbeita okkur frekar að menningarfræðslu (fagfélag).
- Við óttumst frekari niðurskurð (fagfélag).

Laun og vinnuaðstaða kennara

- Laun kennara þurfa að vera sambærileg þótt kennarar komi utan frá til að vinna í grunnskólum (t.d. tónlistarkennarar) (fagfélag).

Fagleg forysta í skólum

- Skólastjórar þurfa aukna menntun hvað varðar gildi list- og menningarfræðslu (fagfélag).
- Skólastjórar gegna lykilhlutverk við að bæta framtíðarsýn hvers skóla (fagfélag).

6. kafli:

TILLÖGUR

6.1 Inngangur

Sú staðreynd að óskað var eftir því að þessi rannsókn yrði gerð vitnar um hve opið kerfið á Íslandi er. Allir sem hafa tekið þátt í rannsókninni á öllum stigum hafa verið einlægir, hjálplegir og sýnt að það sé ýtrasti vilji þeirra að öll börn á Íslandi fái eins góða menntun í listum og mögulegt sé að veita.

Vonandi passar sú mynd sem þessi skýrsla dregur saman við þessi viðhorf. Einnig er vonast til að fólk sem starfar við menntun og í listfræðslu finni sam-sömun við þær áskoranir, tillögur til úrbóta og þá styrkleika íslenskrar list-fræðslu sem hér er fjallað um.

Þessi kafli setur fram í stuttu og hnitmiðuðu máli helstu tillögur skýrslunnar.

6.2 Tillögur

Úttektin setur fram tillögur til úrbóta í fimm meginþáttum:

1. Stefnuþróun og framkvæmd
 - 1.1 Menntun í nýjum miðlum af ýmsu tagi ætti að þróa frekar.
 - 1.2 Þróa þarf námsleiðir í listum sem taka með heildstæðum hætti til allrar menntunar barnsins.
 - 1.3 Stuðla ætti með öflugum hætti að samþættu, skapandi námi í gegnum listir.
2. Samvinna
 - 2.1 Veita þarf fjármagn sérstaklega til að miðla því sem vel er gert í list-fræðslu.
 - 2.2 Koma ætti á formlegu og öflugum samstarfi skóla við skapandi at-vinnugreinar.
3. Aðgengi
 - 3.1 Stofna ætti nefnd sem hefði það verkefni að stuðla að fjölbreytileika í listfræðslu og fylgjast með aðgengi að listnámi.
 - 3.1 Tónlistarskólar ættu að höfða til barna með sérþarfir með markvissari hætti.
4. Námsmat
 - 4.1 Aðferðir við námsmat eru afar takmarkaðar í list- og menningar-fræðslu og auka þarf rannsóknir og þróun á þessu sviði.
 - 4.2 Þróa þarf og koma í notkun einföldum aðferðum til að meta gæði list-fræðslunnar.
 - 4.3 Safna þarf gögnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg áhrif skapandi starfsgreina á Íslandi.

5. Menntun kennara

- 5.1 Kennaramenntun er nú í endurskoðun og er nauðsynlegt að nýta niðurstöðu þessarar úttektar og annarra rannsókna til að bæta kennaramenntun í listum.
- 5.2 Fylgjast þarf náið með gæðum list- og menningarfræðslu í kennaranámi.
- 5.3 Fjölga þarf viðurkenndum námsleiðum fyrir starfandi listamenn (í öllum listgreinum) og kennara (á öllum skólastigum) svo þeir eigi betri möguleika á að bæta hæfni sína sem skapandi kennarar í listum og menningu.

6.3 Atriði sem þarfnast frekari rannsókna

Þótt þær tillögur sem listaðar eru hér að framan séu byggðar á ítarlegri eigindlegri rannsókn eru atriði sem þurfa frekari rannsókna við, þar á meðal eftirfarandi:

Kennaramenntun.

- Áhrif skapandi starfsgreina og menningarstarfsemi.
- Þessu til viðbótar ætti sérstaklega að skoða kennslu í stafrænum miðlum, tengsl við skapandi starfsgreinar og kynjaskiptingu í listnámi.
- Koma ætti á fót nefnd til að fylgjast með viðbrögðum við þessum úrbóta-tillögum og meta þær aðgerðir sem ráðist verður í.

6.4 Lokaorð/horft til framtíðar

Góð listfræðsla hefur áhrif á barnið, umhverfi náms og kennslu og á samfélagið. Jákvæð áhrif voru hins vegar aðeins merkjanleg þar sem listfræðslan var vönduð. Á heimsvísu er staða listfræðslu á Íslandi afar góð. Hún er vel metin af foreldrum og nemendum og hefur miðlæga stöðu í samfélaginu og í menntakerfinu. Ef tekið er mið af þeim stuðningi sem þessi rannsókn hefur fengið og þeim eindregna áhuga og fyrirgreiðslu sem íslenskt mennta- og listasamfélag hefur sýnt virðist framtíðin björt.

7. Heimildir

- Bamford, A. (2006). *The Wow Factor: Global research compendium on the impact of the arts in education* (Berlin, Waxmann Verlag).
- Bogt, W.P. (1993) *Dictionary of statistics and methodology* (London, Sage Publications).
- Dewey, J. (1934) *Art as experience* (New York, Minton Balch).
- Richard Florida (2002) *The Rise of the Creative Class* (Basic Books).
- Gellner, E. (1981) *Nations and Nationalism* (Oxford, Blackwell).
- Higgs, P. (2006) *The creative industries topography and dynamics report* (Australia, CCI: ARC Centre of Excellence for Creative Industries and Innovation).
- Judd, M.C., E., S. & Kidder, L. (1993) *Research methods in social relations* (Fort Worth, Holt, Rinehart and Winston Inc).
- Kissick, J. (1993) *Art: Context and criticism* (Bristol, Wm C. Brown Communications, Inc).
- Pearsall, J. (Ed.) (1998) *The New Oxford Dictionary of English* (Oxford, Clarendon Press).
- Hjálmar H. Ragnarsson, „Menntaskóli listanna - um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi“, *Morgunblaðið* 31. október, 2005.



List- og menningarfræðsla á Íslandi

Anne Bamford



MENTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

List- og menningarfræðsla á Íslandi

Anne Bamford